

Héraðssamband Þingeyinga



Ársskýrsla 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
Stjórn, nefndir og ráð HSP 2018-2019	3
Ávarp formanns	4
Skýrsla stjórnar	5
Ársreikningar	7
Skýrslur ráða, nefnda og sjóða	15
Frjálsíþróttaráð	15
Sundnefnd	17
Landsmótsnefndir HSP	18
Almenningsíþróttanefnd HSP	18
Afreksmannasjóður	18
Aksturssjóður	18
Fræðslusjóður	19
Starfsskýrslur aðildarfélaga	21
Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar	22
Golfklúbbur Húsavíkur	22
Golfklúbbur Mývatnssveitar	23
Golfklúbburinn Hvammur	23
Golfklúbburinn Gljúfri	23
Golfklúbburinn Lundur	24
Hestamannafélagið Feykir	24
Hestamannafélagið Grani	24
Hestamannafélagið Snæfaxi	25
Hestamannafélagið Þjálfir	25
Íþróttafélagið Magni	26
Íþróttafélagið Völsungur	26
Mývetningur íþrótta- og ungmennafélag	30
Skákfélagið Huginn	31
Skotfélag Húsavíkur	31
Skotfélag Þórshafnar og nágrennis	32
Ungmennafélagið Austri	32
Ungmennafélagið Bjarmi	33
Ungmennafélagið Efling	34
Ungmennafélagið Einingin	35
Ungmennafélagið Gaman og Alvara	36
Ungmennafélagið Geisli	36
Ungmennafélag Langnesinga	36
Ungmennafélagið Leifur heppni	38
Heiðranir UMFÍ og ÍSÍ	39
Íþróttamaður ársins (frá upphafi)	40
Hvatningarverðlaun og Íþróttamenn ársins 2018	41
Lög HSP og reglugerðir sjóða	44
Fréttapunktur frá ÍSÍ	47
Fréttapunktur frá UMFÍ	51

Þökkum styrktaraðilum okkur stuðninginn á árinu



Norðurþing



Pingeyjarsveit



Narfastaðir
guesthouse



Stjórn Héraðssambands Þingeyinga 2018 - 2019

Formaður:	Jónas Egilsson
Varaformaður:	Selmdís Práinsdóttir
Ritari:	Ásdís Inga Sigfúsdóttir
Gjaldkeri:	Stefán Jónasson
Meðstjórnendur:	Hermann Aðalsteinsson Jón Sverrir Sigtryggsson Sigurbjörn Ásmundsson
Varamenn í stjórn:	Sigurbjörn Árni Arngrímsson Sölvi Steinn Alfreðsson Þorsteinn Þormóðsson

Skoðunarmenn reikninga

Kristján I Jóhannesson
Jón Þórir Óskarsson
Til vara: Kolbrún Ívarsdóttir

Framkvæmdastjóri: Gunnhildur Hinriksdóttir

Ráð og nefndir HSP 2018 - 2019

Frjálsíþróttaráð

Svanhildur Kristjánsdóttir
María Sigurðardóttir, gjaldkeri
Guðrún Þórhallsdóttir
Guðni Bragason
Nanna Steina Höskuldsdóttir

Almenningsíþróttanefnd

Þorgrímur Daníelsson, formaður
Nanna Þórhallsdóttir
Helen Jónsdóttir

Íþróttanefnd fullorðinna félagsmanna

Árni Garðar Helgason
Marínó Eggertsson
Þórir Aðalsteinsson

Knattspyrnunefnd

Ásdís Hrönn Viðarsdóttir
Hinrik Geir Jónsson
Þorsteinn Þormóðsson

Sundnefnd

Árný Björnsdóttir
Brynja Ingólfssdóttir
Heiða Guðmundsdóttir

Unglingalandsmótsnefnd

Dagbjört Aradóttir
Hrafngerður Ösp Elíasdóttir
Anita Karin Guttesen
Elfa Benediktsdóttir

Landsmótsnefnd v/ Landsmót UMFÍ 2018

Jónas Egilsson
Stefán Jónasson
Ari H. Jósavínsson
Elsa Björk Skúladóttir
Böðvar Pétursson

Stjórn afreksmannasjóðs

Hermann Aðalsteinsson, formaður
Jón Friðrik Benónýsson
Ágústa Pálsdóttir
Til vara: Kolbrún Ívarsdóttir

Stjórn aksturssjóðs

Anita Karin Guttesen, formaður
Svanhildur Kristjánsdóttir

Ávarp formanns

Þrátt fyrir yfir um fjögurra áratuga starf innan íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar hér á landi sem og í Evrópu, er það margt sem hefur komið mér á óvart í starfi mínu eftir að ég var kjörinn formaður HSP fyrir um ári síðan.

Kemur þar margt til. Og þó að mörg viðfangsefni hreyfingarinnar hér hljómi kunnuglega, taka taktur þeirra og áherslur mið af aðstæðum, persónum og sögu ekki síður.

Við tökumst á við, eins og aðrir innan íþróttahreyfingarinnar, breytta tíma, nýja tækni, nýjar áherslur, auknar kröfur til okkar sjálfbóðaliða, þjálfara og annarra sem innan hreyfingarinnar starfa.

Þessar breytingar virðast okkur að sumu leyti ganga hraðar yfir um þessi síðustu ár en var áður. Við þekkjum öll samfélagsbreytingarnar, aukna innisetu og tölvunotkun.

En í þessum aðstæðum felast tækifæri líka sem við þurfum að huga að.



Skipulag íþróttahreyfingarinnar er í grunninn frá miðri síðustu öld, áhugamálin, áherslur allra og ekki síst dreifing íbúa hefur breyst meira en skipulag íþróttahreyfingarinnar og það því setið eftir að mörgu leyti þó að í ýmsu hafi verið brugðist við. Við erum með skipulag, uppbyggingu og starfsemi sem tekur mið af því sem var meira heldur en það sem við þurfum og ættum geta gert.

Nýjar og **fjölbreyttari íþróttagreinar** hafa skotið upp kollinum og þó sumar hinar hefðbundnu greina hafi styrkst, eiga aðrar undir högg að sækja líka. Við þurfum að móta okkur sýn í þessum efnum og tryggja ákveðinn fjölbreytileika á sviði íþróttar eins og svo mörgum öðrum sviðum mannlífs.

Rétt eins og kröfur til **aðstöðu til æfinga og keppni** eru meiri nú en þær voru, er kröfur til gæðavinnu sjálfbóðaliða og annarra orðnar miklu mun meiri en þær voru, hvort það sem er sjálfbóðaliða í almennum félagsstörfum, skipulagningu viðburða og móta og ekki síst þjálfun. Þessi staðreynd kallar á aukna fræðslu og ekki síst fjármagn.

Þó svo að mín tilfinning er starf innan héraðs í mörgum félögum mjög **öflugt** og kraftur mikill í félagsmönnum og sjálfbóðaliðum. Aftur á móti eru faglegar kröfur sem gerðar eru til sjálfbóðaliðastarfa sífellt að aukast og á sama tíma er fólk almennt orðið **kröfuharðara á tímann sinn** meðal annars þar sem mun fleiri úrræði og spennandi tækifæri eru í boði nú en voru bara fyrir um 10 – 20 árum síðan.

Af þessum ástæðum og fleiri er ef til vill ekki eins auðvelt að fá sjálfsbóðaliða til hefðbundinna starfa eins og var. Við þessu þarf líka að bregðast.

Búseta og lífshættir hafa breyst mikið á undanförunum árum eins og við vitum öll. Ein af stærstu samfélagsbreytingunum sem nú er að gerast, fyrir utan þróun búsetu, er hækkandi lífaldur og meðalaldur íbúa. Með stöðugt aukinni tækni eru störf sífellt að færast úr líkamlegri áreynslu í stjórnun véla og búnaðar. Samhliða er vinnutími að verða styttri, frítímar aukast og tækifæri aukast hjá okkur flestum til að sinna okkur sjálfum og okkar nánustu samhliða. Þið þekkið þessa umræðu.


Þetta kallar líka á breyttar áherslur íþróttahreyfingarinnar sem hún þarf að bregðast við.

Þessar aðstæður kalla á aukna þörf fyrir aðgerðir í lýðheilsumálum okkar sem aftur kalla á breyttar áherslur hjá félagsamtökum þar með talið íþróttahreyfingunni.

Bæði UMFÍ og ÍSÍ hafa haft forgöngu um fjölbreytt lýðheilsuverkefni sem tækifæri er fyrir okkur hér að nýta betur en gert hefur verið.

Sambandssvæði HSP er eitt það stærsta á landinu út frá landfræðilegri stærð. Þó svo að um helmingur íbúa sé staddur á Húsavík og næsta nágrenni er hinn helmingurinn dreifður um aðra hluta sambandssvæðis HSP sem er óhemjustórt og vegalengdir miklar. Það tekur um 3 klst. að aka á venjulegum hraða enda á milli svæðisins, sem svarar því að ekið sé frá Reykjavík norður á Blönduós eða austur í Vík í Mýrdal. Það eru e.t.v. ekki allir sem gera sér grein fyrir þessari miklu landfræðilegri stærð svæðisins – síst aðilar margir utan þess.

Þetta er ein áskorunin sem við þurfum að takast á við og láta aðstæður vinna með okkur frekar en að líta á vegalengdir og fjarlægðir sem vandamál.



Við hljótum sameiginlega að gera þá kröfu til samfélags okkar, þ.e. sveitarfélaga, UMFÍ og ÍSí auk fyrirtækja helst og okkar sjálfra a.m.k. að við leggjum okkur fram og við fáum það umhverfi sem við þurfum til að halda áfram að geta sinnt okkar hlutverki og helst gert betur.

Við þurfum með öðrum orðum að laga hreyfinguna og starfsemi hennar að nýjum tímum. Það er eitt aðalmarkmið fráfaraðri stjórnar sambandsins að mæta þessum kröfum til okkar allra.

Ágætu þingfulltrúar

Íþrótt- og æskulýðstarf er hluti af okkar lífsgæðum bæði til lengri og skemmri tíma. Það sýna allar rannsóknir og er einnig vel þekkt. Því þurfum við að hafa fjölbreytt, öflugt og skipulagt íþróttastarf í héraði að halda.

Að öllu þessu sögðu og mörgum ástæðum fleirum er nauðsyn fyrir okkur öll að setjast yfir hvað það er sem við viljum gera og ná fram og laga síðan starfsemi að þeim markmiðum.

Verkefni það sem HSP hefur unnið að og undirbúið frá samþykkt þingsins á sl. ári miðast að því að takast á við breyttar og auknar þarfir sem og aðstæður innan héraðs og þau tækifæri sem í boði eru.

Ef við viljum stýra þróuninni, en ekki berast með straumnum og takast á við vandann eftir að í þrot er komið jafnvel, þurfum við SAMEIGINLEGA að takast á við þau verkefni sem fyrir liggja.

Jónas Egilsson, formaður

Skýrsla stjórnar HSP 2018-2019

Nýr formaður og nýtt stjórnarfolk var kosið á ársþingi HSP 2018. Jónas Egilsson Ungmennafélagi Langnesinga var kosinn formaður, en stjórnin skipti að öðru leiti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum: varaformaður var Selmdís Þráinsdóttir, ritari var Ásdís Inga Sigfúsdóttir, gjaldkeri var Stefán Jónasson, meðstjórnendur voru þeir Jón Sverrir Sigtryggsson, Hermann Aðalsteinsson og Sigurbjörn Ásmundsson.

Stjórnin fundaði alls 9 sinnum á starfsárinu og var stuðst við fjarfundabúnað á nokkrum fundum sem tókst yfirleitt vel þegar búið var að koma á sambandi. Fjarfundir eru klárlega fyrirkomulag sem þarf að halda áfram að nýta til þess að tíma stjórnarmanna sé sem best varið. Þessi tækni skapar okkur einnig fleiri tækifæri til aukinna samskipta á fleiri sviðum. Ekki var farið með stjórnarfundum út í félögin eins og hefur tíðkast að einhverju leiti í gegnum tíðina og má það mögulega kenna nýju fólki í brúnni sem ekki þekkti þessa hefð. Einn formannafundur var haldinn í haust fyrir svæðið í heild, en mörg félög sáu sér því miður ekki fært að mæta.

Með fyrstu verkefnum nýrrar stjórnar var að huga að stefnu í íþrótt- og æskulýðsmálum sem samþykkt var að ráðast í á síðasta ársþingi. Stjórnarmönnum voru falin ýmis verkefni til þess að fá upplýsingar um starfið bæði í félögunum og eins þeim starfsnefndum sem hafa verið við lýði í gegnum tíðina. Upplýsingaöflunin hefur farið rólega af stað. Kynntar hafa verið áætlanir um innleiðingu þessarar stefnu fyrir sveitarfélögunum og nokkrum fyrirtækjum og mun útfærsla stefunnar halda áfram á þessu ár. Þá var stefnan kynnt á formannafundi HSP þann 27. október 2018. Þátttaka á þeim fundi hefði mátt vera betri en umræður voru góðar og hafa skilað sér í starfið.

Ársþingið 2018 samþykkti einnig að HSP skyldi skoða að gerast fyrirmyndarhérað ÍSí. Að þessu hefur verið unnið að einhverju leyti, þó mest með gerð siðareglna og viðbragðsáætla. Drög að þessum reglum voru send aðildarfélögum án nokkurra viðbragða.

Frá og með október sl. var Gunnhildur Hinriksdóttir framkvæmdastjóri HSP ráðin í fullt starf. Hennar verkefni verða eftir sem áður að sinna innra starfi hreyfingarinnar í hálfu (50%) starfi. Gunnhildur var ráðin sem verkefnisstjóri fyrir verkefnið *Æfum alla ævi* í 50% stöðu á sömu kjörum og framkvæmdastjóri. Væntir stjórnin mikils af henni, enda er hún vel menntuð á þessu sviði og hefur mikinn metnað að koma verkefninu áfram.

Starf nefnda

Landsmót UMFÍ 2018 var haldið á Sauðárkróki samhliða Landsmóti UMFÍ 50+ mótinu í júlí. Landsmótnefnd ásamt íþróttanefnd fullorðinna félagsmanna funduðu um framkvæmd mótsins af hálfu HSP. Stóra landsmótið var mjög frábrugðið fyrri mótum og engin héraðslið send til keppni heldur skráði fólk sig á einstaklingsgrundvelli. Sama var með tjaldsvæði mótsins, þau voru ekki skipulögð eftir héraðssamböndum og því var ljóst að hlutverk héraðssambanda á þessu móti væri í raun ekkert. Mótið þótti þó góð skemmtun fyrir þá sem tóku þátt og má búast við þessu fyrirkomulagi í framtíðinni.

Almenningsíþróttanefnd var virkjuð til þess að velja fjall fyrir verkefnið *Fjölskyldan á fjallið*. Umræður voru um að nefndin tæki einnig að sér verkefnið *Hreyfiviku UMFÍ*, en ekkert varð úr því. Skilgreina þarf betur hlutverk þessarar nefndar.

Unglingalandsmótsnefnd sá um styrkjasöfnun vegna Unglingalandsmóts UMFÍ í Þorlákshöfn. Ákveðið var að taka stóra tjald HSP ekki með á mótið og minnka umsvifin í því tjaldi sem var fengið að láni í staðinn. Tjaldsvæði eru á héraðssambandsvísu og gott að geta boðið upp á sameiginlegt afdrep fyrir keppendur. Forráðamenn og keppendur hafa verið gerðir sjálfstæðari varðandi að skrá í mótið og nálgast móts- og keppnisgögn og þarf lítið utanumhald vegna þess. Skipulag þarf að vera á afhendingu gagna/búninga af hálfu HSP sem og við setningarhátíð mótsins og skrudgöngu.

Sundnefnd stóð fyrir héraðsmóti í sundi síðla ársins en það er góð hvatning fyrir iðkendur að hafa að einhverju að stefna. Einnig er það mikilvægt að geta boðið upp á mót á héraðssvísu, sérstaklega fyrir yngri iðkendur og þá sem eru að byrja. Knattspyrnunefnd var ekki virkjuð á árinu en fjölmörg helgarmót eru í boði í yngri flokkunum yfir sumartímann. Skoða þarf betur hvort raunverulegur áhugi og grundvöllur er fyrir mótum á héraðssvísu í knattspyrnu og fleiri íþróttagreinum, og eins í hvaða aldursflokkum.

Fundir og þing UMFÍ og ÍSÍ

Vorfundur UMFÍ var haldinn á Sauðárkróki í maí. Þar var einna helst á dagskrá að a) sýna félögunum mótsstaðinn vegna landsmótanna og b) efla til hugarflugs hvernig ætti að auglýsa landsmótin svo þátttaka yrði sem best. Framkvæmdastjóri HSP sat fundinn fyrir hönd HSP. Formaður sótti 42. sambandsráðsfund UMFÍ á Ísafirði í október. Þar voru áherslur sambandsins í *Æfum alla ævi* kynntar og eru frekari kynningar væntanlegar.

Formaður og framkvæmdastjóri sátu formannafund ÍSÍ sem var hefðbundinn upplýsingafundur en einnig voru persónuverndarlögin kynnt og sú vinna sem ÍSÍ hefur lagt í að búa til pakka sem félög og héraðssambönd geta tekið upp og aðlagð. Öll íþróttahreyfingin þarf að taka þessi mál til skoðunar hjá sér þar sem hún heldur utan um mjög mikið af persónugreinanlegum upplýsingum. Við þurfum að móta okkur verklagsreglur á hvaða upplýsingum við þurfum að halda og ekki síst hvernig við förum með þær. Persónuverndarmálin verða því á borðinu hjá okkur á næstu misserum.

Þá var á formannafundinum bent á að skoða þyrfti lög félaga þar sem þau virðast ekki alltaf standast lög ÍSÍ. Samhliða formannafundinum var haldin ráðstefna um framtíðarskipulag íþróttamála. Ráðstefnan var í bland hugarflug og borgarafundur þar sem þátttakendur fóru á milli hópa og svöruðu og ræddu spurningar fundarins um hvernig nýta mætti fjármagnið í íþróttahreyfingunni betur, framtíðarskipulag íþróttamála, hlutverk og skipulag íþróttahéraða og hvernig bæta megi sérsamböndin og starf þeirra. Niðurstöður ráðstefnunnar verða væntanlega kynntar á næsta íþróttþingi ÍSÍ.

Framkvæmdastjóri sat einnig framkvæmdastjórafund UMFÍ þar sem framkvæmdastjórar íþróttahéraða og félaga innan UMFÍ skiptust á hugmyndum um störf sín. Þá sótti framkvæmdastjóri ráðstefnuna *Eru íþróttir leikvangur ofbeldis* en þar kom m.a. fram mikilvægi þess að félög séu með siðareglur og viðbragðsáætlanir til þess að taka á agabrotum.

Aðildarfélög HSP

Nýtt félag, Skotfélag Þórshafnar og nágrennis, sótti um aðild að HSP. Félagið var stofnað í apríl 2018 og samþykkti stjórn bráðabirgðaaðild fram að næsta ársþingi. Þá stóð stjórn HSP fyrir aðalfundi í ungmennafélaginu Gaman og Alvöru í samvinnu við stjórn félagsins. Félagið hefur verið lítið starfandi undanfarinn áratug og var samþykkt að fela HSP umsjón með félaginu og gera það óvirk.

Í kjölfarið var framkvæmdastjóri í nokkuð miklum samskiptum við ÍSÍ varðandi stöðu óvirkra félaga. Standi félög ekki skil á starfsskýrslum í FELIX þá missa iðkendur þeirra keppnisrétt. Í lögum HSP er ákvæði varðandi stöðu félaga sem ekki standa skil til HSP að vísa megi þeim úr sambandinu. Það er álit ÍSÍ að vísa eigi óvirkum félögum úr héraðssamböndum, enda geti félögin alltaf gengið aftur í sambandið þegar þau vilja öðlast keppnisrétt að nýju.

Stjórn HSP hefur þó ekki viljað aðhafast neitt þrátt fyrir níu óvirk félög, heldur er frekar litið á það sem tækifæri að þarna eru félög í byggðarlögum sem mögulegt væri að virkja að nýju til þess að vernda og efla íþróttastarf og skipulagða hreyfingu í héraðinu. Og til gamans má geta að Golfklúbburinn Gljúfri ákvað að rísa úr öskustónni og verða virkt aðildarfélag að nýju með keppnisrétt.

Af ofangreindu má sjá að stjórnin hefur tekist á við fjölbreytt verkefni á árinu. Markmið hennar er að þjónusta félögin og hreyfinguna sem best og styðja. Stefnumótunin *Æfum alla ævi*, er nýtt verkefni, eins og það er lagt upp hér, þó að efni þess og hugmyndir séu sóttar að víða, bæði hér á landi og til útlanda.

f.h. stjórnar, Jónas Egilsson, formaður.



Héraðssamband Þingeyinga

Ársreikningur 2018

Áritun stjórnar HSP

Meðfylgjandi er ársreikningur fyrir Héraðssamband Þingeyinga fyrir árið 2018. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2018 og efnahagsreikningi hinn 31. desember 2018.

Undirrituð, fyrir hönd stjórnar Héraðssambands Þingeyinga, staðfestum hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018.

Laugum, 2. mars 2019
Staður og dagsætning

F.h. stjórnar HSP

Stefán Jónsson gjaldkeri
Gunnuldr Hinnifellsskóli framkræmdastjóri

Áritun þingjörinna skoðunarmanna

Undirritaðir, þingjörnin skoðunarmenn Héraðssambands Þingeyinga, höfum farið yfir ársreikning sambandsins fyrir fjárhagsárið 2018. Við höfum ekkert fundið athugasvert og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Þroarsjóður 26/2 2019
Staður og dagsætning

Kristín S. Jóhannesson
Jón Þ. Óskarsson

Rekstrarreikningur 2018

Aðaldeild

Rekstrartekjur		2018	2017
Framlög og styrkir	1	13.880.277	12.380.048
Aðrar tekjur	2	1.954.000	1.533.574
		15.834.277	13.913.622

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	3	4.702.219	3.866.724
Styrkir til félaga	4	7.237.966	5.045.443
Áhöld, tæki, búningar	5	-	80.518
Þátttaka í mótum	6	340.065	577.798
Verðlaun, bikarar og annar mótakostn.	7	148.008	133.090
Húsaleiga / rekstur mannvirkja	8	180.000	70.000
Rekstur skrifstofu	9	1.915.901	1.275.689
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	10	593.494	799.396
Breyting vörubirgða	11	-	16.045
Önnur gjöld	12	36.134	33.873
		15.153.787	11.898.576

Hag/Tap án fjármagnsliða	680.490	2.015.046

Fjármagnsliðir

Vaxtatekjur	129.468	136.712
Vaxtagjöld	- 4.492	- 3.295
	124.976	133.417

Hag/Tap ársins	805.466	2.148.463

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir		2018	2017
Fastafjármunir			
Áhöld og tæki	13	1.484.279	1.484.279
		1.484.279	1.484.279
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	14	1.272.401	1.771.221
Vörubirgðir	15	1.205.727	1.420.455
Handbært fé	16	13.599.693	12.342.698
		16.077.821	15.534.374
Eignir samtals		17.562.100	17.018.653

Eigið fé og skuldir

Eigið fé		2018	2017
Óráðst. eigið fé 01.01.		12.746.273	10.597.810
Hag /Tap ársins		805.466	2.148.463
		13.551.739	12.746.273
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		143.208	688.340
Ógreitt LOTTÓ til félaga		3.672.849	3.304.421
Ógreitt v/starfsfóks	17	194.304	279.619
		4.010.361	4.272.380
Skuldir og eigið fé samtals		17.562.100	17.018.653

Skýringar

Rekstrartekjur

	2018	2017
1 Framlög og styrkir		
Lottó ÍSÍ og UMFÍ	9.361.203	6.751.074
Áheitasala 1x2	173.808	168.692
Lottó - leiðrétt 2015 og fyrr	-	1.262.018
Rekstrarstyrkir frá Sveitarfélögum	3.132.000	3.333.400
Útbreiðslust./ósóttir vinningar ÍSÍ	563.266	489.864
Styrkir v. ULM	100.000	400.000
Styrkir ýmis fyrirtæki	350.000	- 25.000
Styrkir v. Æfum alla ævi	200.000	-
	13.880.277	12.380.048

2 Aðrar tekjur		
Skattar félaga	1.800.000	1.500.000
Niðurfelld gjöld óvirk félög	-	- 352.426
Leiga HSB tjaldi	145.000	345.000
Sala búninga	5.000	27.000
HSB-bókasala	4.000	12.000
Ýmis sala, pennar ofl.	-	2.000
	1.954.000	1.533.574

Rekstrargjöld

3 Laun og launatengd gjöld		
Laun	3.803.796	3.192.403
Tryggingagjald	297.430	244.301
Lífeyrissjóður	488.616	322.989
Orlofs- og sjúkrasjóður	62.767	52.670
Aðrir bifreiðastyrkir	49.610	54.361
	4.702.219	3.866.724

4 Styrkir til félaga		
Lottó	7.114.456	5.034.043
Aksturssjóður	123.510	11.400
	7.237.966	5.045.443

5 Áhöld, tæki og búningar		
Búningar	-	80.518
	-	80.518

6 Þátttaka í mótum		
Ferðakostn. erlendis		140.000
Þátttökukostn. ULM	302.470	255.360
Ýmis kostnaður v. ULM	11.882	182.438
Kostnaður Landsmót	25.713	-
	340.065	577.798

7 Verðlaun, bikarar og annar mótakostn.		
45100 Verðlaunapeningar og bikarar	99.692	133.090
46100 Annar mótahaldskostnaður	48.316	-
	148.008	133.090

8 Húsaleiga / rekstur mannvirkja		
Húsaleiga skrifstofa Seigla	180.000	70.000
	180.000	70.000

9 Rekstur skrifstofu		
Sími	31.960	28.164
Ritföng	20.733	19.438
Póstkostnaður	6.371	9.210
Funda- og þingkostnaður	775.150	305.000
Ferðakostnaður stjórnar	124.814	183.791
Ferðak. Fundir/Þing UMFÍ og ÍSí	177.356	-
Ferðakostnaður	45.590	-
Kaffikostnaður og risna	27.325	64.160
Gjafir til starfsmanna ofl.	19.980	10.000
Tölvukostnaður	27.061	25.920
Annar skrifstofukostnaður / auglýsin	4.650	2.000
Bókhald og endurskoðun	417.315	308.498
Auglýsingakostnaður	237.596	319.508
	1.915.901	1.275.689
10 Kynning, fræðsla, útbreiðsla		
Fræðslusjóður	93.494	25.000
Afreksmannasjóður	-	200.000
Styrkir Frjálsíþr.ráð	500.000	500.000
Styrkur LM 50+ og 2015 eða fyrr	-	74.396
	593.494	799.396
11 Breyting vörubirgða		
Breyting vörubirgða	-	16.045
	-	16.045
12 Önnur gjöld		
Þjónustugjöld VISA/EURO	320	-
Þjónustugjöld banka	7.575	7.744
Fjármagnstekjuskattur - greiddur	28.239	26.129
	36.134	33.873
13 Áhöld og tæki		
Tjald - Aðaldeild	53.261	53.261
Skrifstofubúnaður - aðaldeild	526.934	526.934
Skrifstofuhúsgögn - Aðaldeild	23.016	23.016
Tímatökutæki - Aðaldeild	611.068	611.068
Yfirbyggð kerra - Aðaldeild	270.000	270.000
	1.484.279	1.484.279
14 Viðskiptakröfur		
Inneign hjá félögum	1.272.401	1.771.221
	1.272.401	1.771.221
15 Vörubirgðir		
Vörur	1.205.727	1.420.455
	1.205.727	1.420.455
16 Handbært fé		
Sjóður aðaldeild	8.398	8.398
1110-26-252	10.198.320	5.846.941
1110-05-402252- Unglingalandsmóti	-	178.002
1110-05-402400-Aðaldeild	-	3.827.690
1110-15-200820 - Fræðslusjóður	-	100.272
1110-15-201082 - Varasjóður	3.392.975	1.169.733
1110-15-200747 - Afreksmannasj. f	-	1.156.588
1110-15-200068	-	55.074
	13.599.693	12.342.698
17 Ógreitt v/starfsfólks		
Ógreidd laun	-	188.175
Ógreiddur lífeyrissjóður	83.323	47.687
Ógreitt stéttarfélag	3.788	2.167
Ógreidd staðgreiðsla og tryggingagj	107.193	45.924
	194.304	283.953

Rekstrarreikningur Frjálsþróttaráðs 2018

Tekjur		Gjöld	
Æfingagjöld	1.976.395	Æfingagjöld utan félags	1.783.300
Mót utan svæðis, kostnaður keppenda	604.257	Þjálfaralaun	948.006
Mót innan svæðis, skráningargjöld o.fl.	166.050	Mót utan svæðis - skráningargjöld o.fl.	114.356
Æfingabúðir, styrkur og kostnaður þátttakenda		Mót innan svæðis, verðlaun o.fl.	48.242
Styrkur HSp	500.000	Sjoppa	436.496
Styrkur FRÍ + aðrir styrkir	160.212	Fjáröflunarvörur v. 2016	56.921
Sjoppa	62.000	Æfingafatnaður	
Æfingafatnaður	411.180	Ýmis kostnaður	
Samtals tekjur	3.880.094	Samtals gjöld	3.387.321

Rekstrarreikningur 2018		Efnahagsreikningur 2018	
Rekstrartekjur	3.880.094	Viðskiptakröfur	12.000
Rekstrargjöld	3.387.321	Handbært fé. Sparisj. S-Þing.	811.129
Rekstrarniðurstaða	492.773	Útistandandi fjáröflunarvörur og æfingafatn.	25.316
		Eigið fé samtals	848.445

Fjármunatekjur	115
Fjármagnsgjöld og verðbætur	
Fjármunatekjur og gjöld samtals	
Hagnaður ársins	492.658

27/2'19 Erla Bjarnadóttir

Dags. Skoðunarmaður

27/2'19 Ragnhildur Þorvaldsdóttir

Dags. Skoðunarmaður

27.2'19 MARIA SIGURDARDÓTTIR

Dags. Gjaldkeri

Skýrslur ráða, nefnda og sjóða

Frjálsíþróttaráð HSP

Þátttaka ungmenna í frjálsum íþróttum hjá HSP hefur heldur fækkað síðustu árin og er ekki ljóst hvað veldur en mikill áhugi á öðrum greinum gæti spilað þar inn í. Æfingabúðir komust ekki á þetta árið en er stefnt á þær á því næsta. Farið var á Gautaborgarleikana sem var stórt verkefni, annars var starfið með hefðbundnu sniði. Í stjórn frjálsíþróttaráðs eru: Guðrún Þórhallsdóttir, Guðni Bragason, María Sigurðardóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir og Svanhildur Kristjánsdóttir.



Stórmót ÍR

Stórmót ÍR fór fram í Laugardalshöll helgina 20.-21. janúar. Alls voru 18 keppendur frá HSP ásamt fararstjórum, þjálfara og foreldrum. Lagt var af stað frá Húsavík með rútu frá Fjallasýn og urðu UFA keppendur samferða okkur. Þrír keppendur komust á verðlaunapall en alls voru 18 persónulegar bætingar sem er mjög góður árangur. Kári Steinn Valdemarsson varð í 1. sæti í hástökki 12 ára pílta, Jón Alexander H. Artúrssón varð í 3. sæti í kúluvarpi 16-17 ára pílta og Eyhildur Ragnarsdóttir varð í 3. sæti í hástökki 12 ára stúlkna.



Auður og Erla á ULM

Meistaramót Íslands

Mí 15-22 ára var haldið í Kaplakrika 17.-18. febrúar. Farið var samferða UFA og gist á Hótel Cabin. Níu keppendur tóku þátt frá HSP, 5 bætingar litu dagsins ljós og einn komst á verðlaunapall en það var Heimir Ari Heimisson, 3. sæti í hástökki pílta 16-17 ára. Mí aðalhluti var svo haldið í Laugardalshöll 24.-25. febrúar. Snæþór Aðalsteinsson var eini keppandi HSP og náldi sér í 3. sæti í 3000 metra hlaupi karla.

Fleiri innanhússmót

Marsmót HSP var haldið 8. apríl þar sem ekki tókst að halda það í mars. 45 keppendur á aldrinum 4-18 ára kepptu í ýmsum greinum. Keppendur stóðu sig vel og margar persónulegar bætingar voru gerðar á þessu móti. Síðasta innanhússmótið á vorönninni var svo Akureyrarmót UFA sem var haldið í Boganum á Akureyri 15. apríl. 12 keppendur frá HSP voru skráðir og náðust 8 persónulegar bætingar en einnig náldu keppendur HSP í þrenn gullverðlaun, 9 silfurverðlaun og tvenn bronsverðlaun.

Meistaramót Íslands 11-14 ára

Mí 11-14 ára var haldið á Vilhjálmsvelli á Egilsstöðum 23.-24. júní. Fjórir keppendur frá HSP fóru austur og náði Eyhildur Ragnarsdóttir 1.-3. sæti í hástökki stúlkna 12 ára með 1,26m en bætingar hjá hópnum voru 7 talsins.

Gautaborgarleikar

Gautaborgarleikarnir voru haldnir 29. júní -1. júlí í Svíþjóð. Sextán keppendur, 8 fullorðnir og 1 þjálfari lögðu af stað til Gautaborgar miðvikudaginn 27. júní. Leigðir voru tveir bílar og fóru flestir með þeim þó einhverjir færu á eigin vegum. Við flugum í næturflugi til Gautaborgar og gistum á ágætis hóteli. Strætisvagnarnir voru notaðir til að fara á milli staða, við borðuðum saman, fórum í tívolí og skemmtum okkur vel. Við fengum frábært veður allan tímann og sumum þótti alveg nógur hiti. Keppnin fór vel fram og keppendur stóðu sig með ágætum. Helstu afrek ferðarinnar voru að Heimir Ari Heimisson náði 5. sæti í hástökki og Erla Rós Ólafsdóttir fór í úrslit í spjótkesti og endaði í 8. sætinu. Þann 3. júlí lögðum við síðan af stað heim, tókum lest til Kaupmannahafnar og flugum þaðan heim til Keflavíkur. Þar biðu okkar bílaleigubílarnir og við keyrðum aftur norður. Skemmtilegt ferð og allir reynslunni ríkari.



Meistaramót Íslands

Mí var haldið samhliða Landsmóti UMFÍ og 50+ dagana 14.-15. júlí á Sauðárkróki. Einn keppandi tók þátt frá HSP, Snæþór Aðalsteinsson var með bætingu í 1500m hlaupi karla.

Akureyrarmót UFA

Akureyrarmót UFA var haldið á Þórsvelli 21.-22. júlí. Þrettán keppendur frá HSP voru skráðir til leiks og 9 persónulegar bætingar skiluðu sér. 26 verðlaun í allt hjá HSP, 15 gull, 8 silfur og 3 brons, vel gert!

Unglingalandsmót UMFÍ

21. unglingalandsmót UMFÍ fór fram í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina, 3.-5. ágúst. Helgin byrjaði með leiðindaveðri á föstudeginum, slagverðurs rigningu og kulda en síðan skein upp og rættist úr. 32 keppendur voru frá HSP í frjálsum íþróttum og stóðu sig mjög vel. Alls voru 14 verðlaunapeningar sem skiptust í 5 gull, 3 silfur og 6 brons og bætingarnar voru 16. Erla Rós Ólafsdóttir gerði sér lítið fyrir og setti héraðsmet í spjótkesti 15 ára stúlkna (400g) með kasti upp á 40,35m.



Halldór Tumi og Benóný á fleygiferð á ULM

Unglingalandsmótsmeistarar 2018 voru:

Eypór Kári Ingólfsson, hástökk pilta 18 ára.
Auður Friðrika Arngrímsdóttir, kringlukast stúlkna 15 ára.
Hafþór Höskuldsson, 600m. hlaup pilta 13 ára.
Erla Rós Ólafsdóttir, spjótkesti stúlkna 15 ára.
Sveit HSP, 4x100m. boðhlaup pilta 18 ára.

Sumarleikar HSP

Sumarleikar HSP fóru fram á Laugavelli 11.-12. ágúst. Alls voru 78 keppendur skráðir frá 8 félögum og þar af 32 keppendur frá HSP. Keppni hófst kl. 11 á laugardaginn og kl. 10 á sunnudeginum og var finasta veður alla helgina. Mótsstjórn var í höndum Gunnhildar Hinriksdóttur og þulur var Arnór Benónýsson. Alls voru 38 persónulegar bætingar hjá okkar fólki og keppendur fóru alls 81 sinnum á verðlaunapall. 24 gull, 34 silfur og 23 brons. Allir 9 ára og yngri fengu þátttökupening. Tvenn héraðsmet litu dagsins ljós, Auður Friðrika Arngrímsdóttir setti nýtt héraðmet í kringlukasti (600g) 15 ára stúlkna með kasti upp á 31.74m og Natalía Sól Jóhannsdóttir í sleggjukasti (3kg) 15 ára stúlkna með kasti upp á 37,40m.

Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri

Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri var haldin í Kaplakrika, Hafnarfirði 19. ágúst. UFA og HSP fóru með sameiginlegt lið keppenda og voru keppendur valdir til keppni. Farið var með rútu frá Akureyri með UFA og heim aftur á sunnudeginum. Fimm krakkar voru valdir frá HSP og fóru þrisvar á verðlaunapall, Erla Rós Ólafsdóttir varð í 1. sæti í spjótkesti og bætti enn héraðsmetið, kastaði nú 40,98m, Auður Friðrika varð 3. í kringlukasti og stúlknasveit UFA/HSP varð í 2. sæti í 1000m boðhlaupi. Sameiginlegt lið UFA/HSP varð í 2.sæti í samanlagðri stigakeppni pilta og stúlkna í Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri. Stelpurnar urðu bikarmeistarar stúlkna og strákarirnir í 3.sæti. Glæsilegur árangur!

Meistaramót Íslands 15-22 ára

Mí 15-22 ára var haldið á Laugardalsvelli 25.-26. ágúst. Farið var með UFA í rútu til Reykjavíkur og gist í Laugalækjar-skóla. 12 keppendur fóru frá HSP kræktu sér í 7 verðlaun, 6 gull og 1 brons og 12 bætingar skiluðu sér. Íslandsmeistarar í sínum aldursflokkum voru þau Eypór Kári Ingólfsson í 400m grindahlaupi pilta 18-19 ára, Auður Friðrika Arngrímsdóttir með nýtt héraðsmet (34,08m) í kringlukasti stúlkna 15 ára, Alex Jónsson með nýtt héraðsmet í stangarstökki pilta 15 ára (2,70m), Erla Rós Ólafsdóttir í spjótkesti stúlkna 15 ára, Natalía Sól Jóhannsdóttir í sleggjukasti stúlkna 15 ára og Snæþór Aðalsteinsson í 3000 metra hlaup pilta 20-22 ára. Að auki varð Erla Rós í 3. sæti í kringlukasti 15 ára stúlkna.

Minningarmót Ólivers

Minningarmót Ólivers var haldið í Boganum Akureyri 18. nóvember. 16 keppendur voru skráðir sem skilaði 8 verðlaunum og 14 bætingum. Til gullverðlauna unnu þau Halldór Tumi Ólason fyrir langstökk 17 ára og eldri og Eyhildur Ragnarsdóttir fyrir hástökk stúlkna 11-12 ára.

Silfurleikar ÍR

Silfurleikar ÍR voru haldnir í Laugardalshöll 24. nóvember. 2 keppendur frá HSP voru skráðir til leiks og varð Halldór Tumi Ólason í 3. sæti í þrístökki pilta 16-17 ára. Bætingar voru 3 hjá þessum tveimur keppendum á mótinu.

Jólamót HSP 29. des 2018 á Laugum

Nóvembermót HSP varð að jólamóti og tókst það mjög vel. Rúmlega 20 keppendur voru á þessu móti og stóðu sig mjög vel. Sumir voru að keppa í fyrsta skipti og aðrir voru að bæta sinn árangur og gera góða hluti. Eftir mótið voru afhentir bikarar fyrir bestan árangur í frjálsum á árinu og var það Brói sem sá um það. Natalía Sól Jóhannsdóttir fékk stúlknbikarinn með 1200 stig fyrir sleggjukast á Sumarleikunum. Benóný Arnórsson fékk drengjabikarinn með 945 stig fyrir 100m hlaup á MÍ 15-22 ára. Hjá stúlkunum varð Eyhildur Ragnarsdóttir í 2. sæti með 924 stig og Erla Rós Ólafsdóttir í 3.sæti með 895 stig. Hjá drengjunum varð Hafþór Höskuldsson í 2.sæti með 944 stig og Heimir Ari Heimisson í 3.sæti með 904 stig.

Þar sem Brói hætti sem þjálfari hjá Frjálsíþróttaráði í haust þá var ákveðið að nýta tækifærið og færa honum smá kveðju- og þakklætisgjöf frá öllum í frjálsum. Frjálsíþróttafólk hefur verið einstaklega heppið að fá að njóta visku hans og þekkingar í svona langan tíma. Brói afhendir Natalíu bikarinn og kunnum við Bróa bestu þakkir fyrir allt það sem hann hefur gert fyrir okkur, það er ómetanlegt. Áður en allir fóru heim var boðið upp smá veitingar.

F.h. Frjálsíþróttaráðs, María Sigurðardóttir og Svanhildur Kristjánsdóttir



Þátttakendur á Jólamóti HSP

Sundnefnd HSP

Í ársbyrjun 2018 varð breyting á starfi sundnefndar HSP en í allmörg ár hafði sundnefndin í samstarfi við sunddeild Völsungs staðið fyrir sundæfingum bæði á Laugum og á Húsavík og eins tekið þátt í ýmsum mótum. Í janúar færðust æfingarnar á Laugum undir Umf. Eflingu í nafni sundnefndar HSP en sunddeild Völsungs hélt áfram æfingum á Húsavík.

Hlutverk sundnefndar HSP árið 2018 var að halda héraðsmót HSP í sundi og fór það fram í talsverðu frosti laugardaginn 24. nóvember á Laugum. 25 keppendur voru skráðir til leiks og stóðu þau sig öll með þrýði og fjölmargir persónulegir sigrar unnust. Verðlaunaafhending fór fram í Dalakofanum strax að loknu móti yfir pizzuveislu. Völsungur var stigahæsta félagið á mótinu og þá fengu Dagbjört Lilja Daníelsdóttir Völsungi og Stýrmir Franz Snorrason Eflingu verðlaun fyrir að vera stigahæst.

Þrátt fyrir að breyting hafi orðið á hlutverki sundnefndar er samstarf þeirra félaga sem leggja stund á sund enn jafn mikilvægt til þess að starfið í héraðinu haldi áfram að vaxa og styrkjast.



Yngri kynslóðin á sundmóti HSP 2018

Landsmótsnefndir HSP

Landsmótsnefnd HSP v. Landsmóts UMFÍ og **Íþróttanefnd fullorðinna félagsmanna** hittust saman á fundi í sumarbyrjun þar sem halda átti Landsmót UMFÍ og Landsmót UMFÍ 50+ á sama stað og tíma árið 2018. Fyrirkomulagi stóra landsmótsins hafði verið breytt og ákvað nefndin að reyna í eigin nafni að ýta við fólki að taka þátt, auk þess sem mótið voru auglýst í staðarblöðum svæðanna og fólk þannig hvatt til þátttöku. Ekki var safnaði í lið eins og verið hefur, þar sem stigakeppni milli héraðssambanda hafði verið aflögð. Einstaklingar sáu um að skrá sig sjálfir til leiks og á eigin forsendum. Ákveðið var að kaupa boli og gefa þátttakendum HSP á mótinu. Alls voru 17 einstaklingar skráðir undir merkjum HSP á þessu móti.

Í **unglingalandsmótsnefnd** árið 2018 sátu Aníta Karin Guttessen, Dagbjört Aradóttir, Elfa Benediktsdóttir, og Hrafngerður Ösp Elíasdóttir. Nefndin safnaði styrkjum upp á 100 þúsund krónur til kaupa á skótöskum sem ákveðið var að gefa á mótinu. Skótöskurnar voru pantaðar og merktar af Sport-ID á Akureyri. Mótið var auglýst í staðarblöðum á svæðinu þar sem börn og foreldrar voru hvött til þátttöku. HSP niðurgreiddi þátttökugjöld iðkenda af HSP-svæðinu. Ekki var farið með stóra HSP-tjaldið á mótið að þessu sinni heldur var minna kúlutjald fengið að láni þar sem keppendur og áhangendur gátu hist og fengið sér kakó og kaffi. Það var að hluta til þægilegt að þurfa ekki finna einhvern með lausan krók til þess að draga HSP-kerruna til Þorlákshafnar en á móti kom að tjaldið var mun minna og rúmaði ekki alla í einu. Alls voru 43 keppendur skráðir undir merkjum HSP á mótinu.

Almenningsíþróttanefnd HSP

Í almenningsíþróttanefnd sátu Þorgrímur Daníelsson, Nanna Þórhallsdóttir og Helen Jónsdóttir. Hlutverk almenningsíþróttanefndar á árinu var að velja fjall í suðursýslunni fyrir verkefnið Fjölskyldan á fjallið og koma þar fyrir kassa með gestabók. Að þessu sinni var Þorgerðarfjall í Aðaldal fyrir valinu og var farið með kassann í fögrum hópi þann 10. júní. Ferðafélagið Norðurslóð hefur séð um þessa göngu í norðursýslunni og var Staðarsel á Langanesi fyrir valinu að þessu sinni en farið var með kassann þann 14. apríl.

Afreksmannasjóður HSP 2018

Tilgangur sjóðsins er að styrkja afreksfólk, einstaklinga eða hópa innan HSP sem náð hafa framúrskarandi árangri í íþrótt sinni. Auglýst var eftir umsóknum í sjóðinn einu sinni á síðasta ári en umsóknir og úthlutanir úr sjóðnum geta farið fram á hvaða árstíma sem er. Engar umsóknir bárust stjórn Afreksmannasjóðs HSP fyrir árið 2018. Staða sjóðsins í árslok 2018 var kr. 1.405.171,-.

Aksturssjóður HSP

Tilgangur aksturssjóðs er að taka þátt í ferðakostnaði vegna þátttöku barna og unglinga, 18 ára og yngri, á félagssvæði HSP í skipulögðum íþróttæfingum og/eða skipulögðu félags- og æskulýðsstarfi, á vegum aðildarfélaga HSP, sjá reglugerð á heimasíðu HSP. Auglýst var eftir umsóknum og úthlutað úr sjóðnum þrisvar sinnum árið 2018. Ekki voru allar umsóknir samþykktar þar sem þær þóttu ekki samrýmast reglugerðinni. Fyrir fyrstu úthlutun voru kr. 335.783,- í sjóðnum og því voru kr. 111.928,- til úthlutunar fyrir hvert tímabil. Stjórn Aksturssjóðs setti sér viðmiðunarreglu, kr. 15,- á hvern ekinn kílómetra. Alls voru kr. 123.510,- úthlutað vegna 8234 km aksturs á árinu. Staða sjóðsins í árslok 2018 var kr. 333.223,-.

Eftirfarandi úthlutanir voru gerðar úr sjóðnum 2018:

Æfingar sóttar	Akstur	Fj. þátt.	Eknir km	Styrkuppphæð
1. úthlutun				94.530,-
Knattspyrna hjá Völsungi	Mývatnssveit—Húsavík	1	3564	53.460,-
Reiðnámskeið hjá Þjálf	Mývatnssveit—Torfunes	4	990	14.850,-
Sundæfingar HSP Laugum	Mývatnssveit—Laugar	2	1748	26.220,-
2. úthlutun				21.000,-
Frjálsíþróttir HSP Laugum	Bárðardalur—Laugar	1	1400	21.000,-
3. úthlutun				7.980,-
Sundæfingar hjá Eflingu	Mývatnssveit—Laugar	1	532	7.980,-

Fræðslusjóður HSP 2018

Tilgangur Fræðslusjóðs HSP er að stuðla að aukinni menntun og þekkingu félaga innan HSP með því að styrkja þá til þess að sækja námskeið, fundi og ráðstefnur ef stjórn sambandsins álitur það íþrótt- og félagslífi í héraðinu til framdráttar. Auglýst var eftir umsóknum og úthlutað úr sjóðnum þrisvar sinnum árið 2018 og bárust fjölmargar umsóknir sjóðnum. Ekki voru allar umsóknir samþykktar þar sem nokkrar þeirra voru vegna námskeiða á árinu 2017 en samkvæmt reglugerð skal sjóðurinn tæmdur í lok árs, verði afgangur á árinu. Ársþing HSP 2018 samþykkti að veita kr. 120.000,- til Fræðslusjóðs vegna ársins 2018, að auki voru vaxtatekjur. Fyrir hvert tímabil voru því kr. 40.747,- til úthlutunar. Heildarupphæð umsókna ársins 2018 nam kr. 270.000,- og var kr. 93.493 úthlutað. Samkvæmt reglugerð var sjóðurinn tæmdur um áramót.

Eftirfarandi úthlutanir voru gerðar úr sjóðnum 2018:

Nafn	Félag	Námskeið	Styrkupphæð
1. úthlutun			40.747,-
Ríkey Sigurgeirsdóttir	Völsungur	ÍSÍ 1. stig	6.608,-
Elmar Örn Guðmundsson	Völsungur	KSÍ II	5.231,-
Særún Anna Brynjarsdóttir	Völsungur	KSÍ II	5.231,-
Arnildur Ingvarsdóttir	Völsungur	KSÍ II	5.231,-
Árdís Þráinsdóttir	Völsungur	KSÍ II	5.231,-
Ágúst Brynjarsson	Völsungur	KSÍ II	5.231,-
Jóhann Kristinn Gunnarsson	Völsungur	Robert Weinberg Íþr.sálfræði	2.753,-
Jónas Halldór Friðriksson	Völsungur	KSÍ IV	5.231,-
2. úthlutun			12.000,-
Tinna Valgeirsdóttir	Völsungur	ÍSÍ 1. stig	12.000,-
3. úthlutun			40.747,-
Kristján Leó Arnbjörnsson	Völsungur	KSÍ I	7.900,-
Tinna Valgeirsdóttir	Völsungur	KSÍ I	7.900,-
Aðalsteinn Jóhann Friðriksson	Völsungur	UEFA youth elite	24.947,-

Lottógreiðslur til aðildarféлага vegna ársins 2018

	Mæting á þing	# lókendur 6-17 ára	# Félagar 18+	Þingfulltrúar 15%	lök. 6-17 ára 70%	Fél. 18+ 15%	Samtals	Skattur Til HSP
	2018	Felix 2018	Felix 2018	1.067.169	4.980.122	1.067.169	7.114.460	1.800.000
Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar	1/1	0	48	18.722	0	17.561	36.283	25.200
Golfklúbbur Húsavíkur	4/4	14	106	74.889	81.072	38.780	194.740	64.200
Golfklúbbur Mývatnssveitar	0/1	(1)	(24)	0	0	0	0	11.400
Golfklúbburinn Hvammur	1/1	6	24	18.722	34.745	8.780	62.248	18.000
Golfklúbburinn Lundur	0/3	(0)	(91)	0	0	0	0	46.800
Hestamannafélagið Feykir	1/2	7	63	18.722	40.536	23.048	82.306	32.400
Hestamannafélagið Grani	3/3	93	91	56.167	538.548	33.292	628.007	58.200
Hestamannafélagið Snæfaxi	2/2	17	69	37.445	98.444	25.243	161.132	43.200
Hestamannafélagið Þjálfí	3/3	60	83	56.167	347.450	30.365	433.982	55.200
Íþróttafélagið Magni	3/5	43	156	56.167	249.006	57.072	362.245	93.000
Íþróttafélagið Völsungur	9/9	333	1069	168.500	1.928.349	391.088	2.487.938	546.000
Mývetningur	5/6	33	158	93.611	191.098	57.803	342.512	100.800
Skákfélagið Huginn	3/9	47	278	56.167	272.169	101.705	430.041	201.600
Skotfélag Húsavíkur	2/2	0	65	37.445	0	23.780	61.224	39.000
Umf. Austri	0/2	(3)	(63)	0	0	0	0	28.200
Umf. Bjarmi	3/3	31	93	56.167	179.516	34.024	269.706	57.000
Umf. Efling	4/4	79	129	74.889	457.476	47.194	579.559	77.400
Umf. Einingin	2/2	5	54	37.445	28.954	19.756	86.154	33.600
Umf. Gaman og Alvara	1/2	6	68	18.722	34.745	24.877	78.345	42.600
Umf. Geisli	1/3	5	95	18.722	28.954	34.755	82.432	52.800
Umf. Langnesinga	7/7	63	200	131.056	364.823	73.169	569.048	129.000
Umf. Leifur Heppni	2/2	18	68	37.445	104.235	24.877	166.557	44.400

Þróun iðkenda fjölda í einstökum greinum innan HSB

Hér má líta á þróun fjölda iðkenda (allir) eftir greinum innan HSB sem unnið er upp úr innsendum skýrslum félaga í FELIX, félagatal ÍSÍ og UMFÍ og frá skákfélaginu.

Grein	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Blak	43	105	119	170	150	171	178	199	257
Bogfimi			9	10	12	13	16	11	20
Bridge	17	16	13	13	12	12	12	12	10
Frjálsíþróttir	158	218	192	143	114	75	63	77	112
Fimleikar	83	98	48	39	24	53	61	87	37
Glíma	6	6	5	5	5	4	4	4	4
Golf	258	308	284	253	281	255	257	241	263
Hjólreiðar	8	8	8	14	8	8	8	2	7
Handbolti	48	15	61	88	102	44	34	104	68
Karate	4	4	4	4	4	4	4	4	4
Körfubolti	12	15	15	32	24	18	6	3	3
Knattspyrna	493	509	461	485	419	442	373	527	523
Hestamenn	275	392	389	410	418	408	405	413	474
Leiklist	20	20	39	29	23	23	23	23	23
Mótorhjól og snjósléðar	36	37	40	50	51	51	51	51	45
Skíði	43	30	37	26	24	23	22	16	9
Sund	20	22	40	38	29	20	39	59	20
Skotíþróttir	42	42	23	30	31	26	65	65	65
Skák				362	371	374	378	390	325
Skógrækt	14	14	14	14	13	12	12	8	12
Taekwondo								17	19
Íþróttir fatlaðra	34	33	33	34	48	53	58	57	62
Almenningsíþróttir	29	29	29	119	115	118	60	76	86
Þrípraut		2	3	3	2	2	0	0	
Samtals meðlimir:	1643	1923	1866	2371	2280	2209	2129	2446	2448

Iðkenda fjöldi í aðildarfélagum HSB 2016-2018

	2016 17 og y.	2016 18+	2017 17 og y.	2017 18+	2018 17 og y.	2018 18+
Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar	0	42	0	42	0	36
Golfklúbbur Húsavíkur	19	88	12	104	14	105
Golfklúbbur Mývatnssveitar	2	16	1	14	1	22
Golfklúbburinn Hvammur	9	23	8	24	6	24
Golfklúbburinn Lundur	5	95	0	78	0	91
Hestamannafélagið Feykir	3	61	6	51	7	63
Hestamannafélagið Grani	59	69	54	76	94	84
Hestamannafélagið Snæfaxi	10	65	17	69	17	69
Hestamannafélagið Þjálfí	66	72	65	75	60	80
Mývetningur íþróttar og ungmennafélag	28	32	5	32	33	60
Skotfélag Húsavíkur	0	65	0	65	0	65
Umf. Austri	14	19	5	15	3	27
Umf. Bjarmi	34	80	14	75	34	89
Umf. Efling	29	61	69	53	79	71
Umf. Einingin	8	10	7	13	5	0
Umf. Gaman og Alvara	6	9	6	9	6	9
Umf. Geisli	4	11	5	37	5	45
Umf. Langnesinga	0	0	63	0	63	0
Umf. Leifur Heppni	21	2	21	2	18	6
Íþróttafélagið Magni	48	44	48	44	44	61
Íþróttafélagið Völsungur	339	70	512	260	349	278
Skákfélagið Huginn	67	311	69	320	47	278

Starfsskýrslur aðildarféлага

Aðildarfélög Héraðssambands Þingeyinga 2018

Virk aðildarfélög:

Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar
Golfklúbbur Húsavíkur
Golfklúbbur Mývatnssveitar
Golfklúbburinn Hvammur
Golfklúbburinn Lundur
Hestamannafélagið Feykir
Hestamannafélagið Grani
Hestamannafélagið Snæfaxi
Hestamannafélagið Þjálfir
Íþróttafélagið Magni
Íþróttafélagið Völsungur
Mývetningur íþrótta- og ungmennafélag
Skákfélagið Huginn
Skotfélag Húsavíkur
Skotfélag Þórshafnar og nágrennis
Ungmennafélagið Austri
Ungmennafélagið Bjarmi
Ungmennafélagið Efling
Ungmennafélagið Einingin
Ungmennafélagið Gaman og alvara
Ungmennafélagið Geisli
Ungmennafélag Langnesinga
Ungmennafélagið Leifur heppni

Formaður um áramót 2018/19

Júlíus Björnsson
Hjálmar Bogi Hafliðason
Kristján Stefánsson
Sigurður Benediktsson
Pétur Gunnar Ringsted
Salbjörg Matthíasdóttir
Bjarki Helgason
Jóhannes Sigfússon
Jón Sverrir Sigtryggsson
Þorsteinn Þormóðsson
Hallgrímur Jónsson
Sigurbjörn Reynir Björgvinsson
Hermann Aðalsteinsson (varaform.)
Kristján Arnarson
Rúnar Þór Konráðsson
Birna Björnsdóttir
Birna Davíðsdóttir
Óttar Jósefsson
Sigurlína Tryggvadóttir
HSP (Ólafur Ingólfsson)
Árni Garðar Helgason
Ásdís Hrönn Viðarsdóttir
Salbjörg Matthíasdóttir

Óvirk aðildarfélög:

Boltafélag Húsavíkur
Golfklúbburinn Gljufri
Íþróttafélag Laugaskóla
Ungmennafélagið Afturelding
Ungmennafélag Bakkafjarðar
Ungmennafélag Reykhverfunga
Ungmennafélagið Snörtur
Ungmennafélag Tjörnesinga
Ungmennafélag Öxfirðinga

Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar

Árið hjá félaginu hefur verið frekar rólegt eins og undanfarin ár. Félagið hélt engin mót, en reynt var að viðhalda æfingarbraut okkar fyrir mótörhjól í sveitinni.

Aðalfundur félagsins var haldinn í mars 2018 og var mætingin frekar léleg en kosið var til stjórnar og helst stjórnin áfram óbreytt, Guðjón Vésteinsson er gjaldkeri klúbbsins, Anton Birgisson er ritari/varaformaður og Júlíus Björnsson er formaður AMS.

Í sumar kepptu tveir af félagsmönnum okkar á mótörhjólum á mótum, en það voru að venju þeir feðgar Steingrímur Örn Kristjánsson og faðir hans Kristján Steingrímsson. Steingrímur keppti bæði á Hellu og á Klaustri og Kristján keppti á Klaustri með syni sínum í liði. Þeim gekk ágætlega og enduðu saman þar í þriðja sæti.



Júlíus Björnsson, formaður



Golfklúbbur Húsavíkur

Starfsárið 2018 var gott enda kom Katlavöllur sérlega vel undan vetri. Vallarstjóri er Sigurður Hreins-son og voru 2 sumarstarfsmenn á vellinum. Stjórn klúbbsins skipa: Hjálmar Bogi Hafliðason, formaður, ásamt Karli Hannesi Sigurðssyni, Gunnlaugi Stefánssyni, Jóhönnu Guðjónsdóttur, Jóni Elvari Steindórssyni, Birnu Dögg Magnúsdóttur og Ragnari Emilssyni, sem jafnframt er formaður valla-nefndar klúbbsins. Stjórn fundaði a.m.k. einu sinni í mánuði, tvisvar í mánuði yfir sumartímann og oft ef þurfa þótti.

Starfið í klúbbum var með svipuðu sniði og undanfarin ár og varð eilítil fjölgun klúbbfélaga. Nokkuð var um framkvæmdir á vellinum; áframhaldandi uppbygging á vökvunarbúnaði og minniháttar nýframkvæmdir. Nýliðum var boðin kennsla. Spiluð eru sérstök karla- og konukvöld sem gafst vel, sérstaklega þegar lítið er til þess að efla félagsandann. Tilgangurinn er félagslegur en keppni um leið enda keppt með ólíkum hætti í hvert sinni. Æskulýðsnefnd stóð fyrir starfi í sumar og lögðu um átta iðkendur kapp á golfið í sumar, fengu kennslu og haldið var sérstak barna- og unglingamót með uppskeruhátíð. Arnar Vilberg Ingólfsson þjálfar börnin og unglingana en það er mikilvægt að leggja rækt við barna- og unglingastarfið. Hann þjálfaði hóp ungmenna í golfi sem vonandi skila sér í klúbbinn.

Alls fóru þrettán mót fram á vellinum, bæði innanfélagsmót sem og opin mót. Þátttaka var með svipuðu sniði og verið hefur.

Rekstur klúbbsins er viðkvæmur. Rík viðhaldspörf er á tækjum en unnið var eftir endurbótaáætlun á tækjakosti klúbbsins. Ljóst var að fjárfestingarþörf er nokkur en bolmagnið ekki nægilegt fyrir stærri fjárfestingar sem frestuðust því enn eitt árið. Áfram var unnið að því að fjölga styrktaraðilum við klúbbinn og betur má ef duga skal.

Það er veikleiki í starfi klúbbsins að starfið innan hans leggst að mestu af yfir vetrarmánuðina. Liður í að koma í veg fyrir þetta voru kaup á golfhermi en finna þarf hentugt húsnæði fyrir hann. Hann er nú staðsettur í gömlu Síldarverkmiðjunum á hafnarsvæðinu en lítið notaður. Áfram unnið að því að efla vetrarstarfið þannig að klúbburinn sér heilsársafþreying.

Uppbyggingaráform á nýju húsnæði hefur verið kynnt á aðalfundi og félagsfundum. Unnið er að því markmiði í samstarfi við sveitarfélagið Norðurþings.

Hjálmar Bogi Hafliðason, formaður

Golfklúbbur Mývatnssveitar

Stjórn GKM árið 2018:

Formaður Kristján Stefánsson
Gjaldkeri Guðjón Vésteinsson
Ritari Ellert Rúnar Finnbogason
Varamenn Hinrik Árni Bóasson
Ellert Hauksson

Aðrir embættismenn:

Form. vallarnefndar Sigurður Baldursson
Form. mótanefndar Hinrik Geir Jónsson
Form. forgj.nefndar Kristján Stefánsson
Skoðunarmenn reikn. Hinrik Árni Bóasson
Egill Steingrímsson

Sumarið 2018 var gestafjöldi á Krossdalsvöll svipaður og á liðnum árum en félagsstarf klúbbsins frekar dapurt. Eitt opið mót var haldið þ.e. Golf og Gufa, og voru þátttakendur 18 að þessu sinni. Veður var ekki gott, hávaða rok og kalt og hefur það eflaust haft eitthvað með þátttöku að gera. Því miður var ekki haldin firmakeppni eins og mörg síðustu ár og kemur það niður á rekstri klúbbsins þetta árið. Eitt boðsmót var haldið, þangað var boðið einstaklingum sem sjaldan eða aldrei höfðu spilað golf og spilað var vanur og óvanur. Þetta var hin besta skemmtun og haft á orði að gaman væri að gera meira af slíku, en því miður varð ekkert af því. Mörg fyrirtæki styrktu okkur með verðlaunum í Golf og Gufu og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn.



Í sumar vorum við með sama starfsmann og 2017 sem sá um mest allan slátt og gekk það vel. Eitthvað var unnið við hús og vélar eins og gengur en enn er eftir að ganga frá eldhúsi og pöllum við húsið og frágangi við flatir og fl.

Ég vil þakka meðstjórnendum mínum og öðrum félögum fyrir samstarfið á árinu og vona að árið 2019 verði líflegra fyrir GKM.

Kristján Stefánsson, formaður

Golfklúbburinn Gljúfri

Klúbburinn samanstendur af 9 meðlimum og hefur starfið verið í lágmarki. Vélar hafa verið bilaðar í sumar en vonandi er farið að sjá til lands með það. Ekkert mót var haldið en slætti á vellinum var sinnt. Í stjórn sitja Marinó Eggertsson, Jón Grímsson og Haukur Marinósson.

Marinó Eggertsson, formaður

Golfklúbburinn Hvammur

Starfsemi Golfklúbbsins Hvamms var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Engin mót voru haldin á árinu, sem er miður, og verður vonandi meira um mótahald á yfirstandandi ár, a.m.k. verða mótin ekki færri.

Ástand golfvallar klúbbsins var nokkuð gott síðari hluta sumarsins. Óvenju mikil spretta snemma sumars skapaði ákveðin vandkvæði þar sem ekki var hægt að hefja hirðingu vallarins fyrr en í júníbyrjun. Klúbburinn keypti þjónustu af GA varðandi hirðingu síðasta sumar og var þ.a.l. ekki með starfsmann á eigin vegum.



Rekstur klúbbsins var annars í þokkalegu horfi og hefur klúbburinn notið stuðnings fjölmargra fyrirtækja og einstaklinga. Áfram verður áfram unnið jafnt og þétt að því að bæta aðstöðu klúbbsins til golfiðkunar eftir því sem fjárhagur leyfir. Klúbburinn hefur notið mikillar sjálfboðavinnu af hálfu nokkurra meðlima og verður það starf seint fullþakkað. Aftur á móti er það vissulega áhyggjuefni á hversu fárra herðum starfsemi hvílir en það vandamál er því miður raunin allt of víða hvað félagsstarfsemi varðar.

Sigurður Gauti Benediktsson, formaður

Golfklúbburinn Lundur



Sumarið 2018 er níunda starfsár golfklúbbsins. Megin starfsemi golfklúbbsins er fyrst og fremst að byggja upp félagastarfsemi í kringum Lundsvöll í Fnjóskadal. Rekstur Lundsvallar er alfarið í höndum Golfklúbbs Akureyrar, en golfskálinn Stekkur er alfarið í höndum Lundsgolfs ehf. sem er í eigu landeiganda. Golfklúbburinn Lundur hefur afnot af Lundsvelli og skálanum, en sér alfarið um öll golfmót sem haldin eru og kennslu félagsmanna í samvinnu með GA. Engar eignir eru skráðar á klúbbinn og ekkert mannhald er á vegum klúbbsins.

Laugardaginn 02. júní opnaði Lundsvöllur fyrir félagsmenn og allri almennri umferð golfspilara. Í lok sumars voru skráðir í golfklúbbinn 55 félagsmenn. Kynjahlutfall félaga er 17 konur og 38 karlar.

Lundsvöllur kom vel undan vetrinum og var hann opnaður í 02. júní. Alls hélt klúbburinn 4. mót á árinu. Fyrsta mótið sem klúbburinn hélt var 9. júní og var það innanfélagsmót, spilað var 9 holu texas scramble vanur og óvanur. Þátttakendur voru 29. Þann 15. júlí, var lopapeysumót kvenna sem er 18 holu punktkeppni. Í það mót mættu 39 konur.

22. júlí. var meistaramót GLF spilað, karla og kvenna. Í það mót mættu 31 til leiks. Í ár var mótið einnig opið félögum í GA, spilað var 18 holu högggleikur. Sigurvegari í karla og þar með meistari GLF 2018 varð Hjörtur Sigurðsson á 81 höggi og meistari kvenna varð Eygló Birgisdóttir á 94 höggum. Þann 5. ágúst var opið mót sem bar heitið Coca-Cola verslunarmannahelgin, þar mættu 33 til leiks og spilað var 18 holu punktkeppni með forgjöf.

Engin kennsla var á árinu 2018

Pétur Ringsted, formaður

Hestamannafélagið Feykir



Starf Hestamannafélagsins Feykis var þokkalegt 2018, það voru gerðar tvær tilraunir til að halda firmakeppni á tjörninni við Kópasker í febrúar og mars en það var ýmist of lítil þátttaka eða leiðinda veður sem stóð í vegi fyrir því og á endanum var ákveðið að fresta firmakeppninni fram á sumar.

Aðalfundur félagsins var haldin 13. apríl 2018, þar mættu frekar fáir eins og undanfarin ár. Halldís Gríma Halldórsdóttir gaf ekki kost á sér áfram í stjórn félagsins og var þá Petronella Hannulla kosin í staðin. Það gengu tveir úr félaginu en þrír gengu í það í staðinn og félagsgjöld voru hækkuð. Auk þessa mála var rætt um félagsferðir og félagsstarf sem ekki varð úr á vegum félagsins.

Í sumar tókst að halda firmakeppnina þann 23. júní í frábæru veðri, það var góð þátttaka, fjórir kepptu í barnaflokki og 13 í opnum flokki. Einnig var keppt í bjór/djús reið sem all flestir tóku þátt í. Dómarar voru Halldór S. Olgeirsson og Berglind Ýr Ingvarsdóttir og stóðu þau sig með eindæmum vel og röðuðu bara nokkuð „rétt“ í sæti. Að lokinni keppni voru grillaðar pylsur og svo farið í reiðtúr.

Petronella Hannulla fór sem fulltrúi félagsins á landsþing LH í haust sem var í fyrsta skipti í langan tíma sem það var gert, ástæðan var fyrst og fremst sú að það var kjörinn nýr formaður og vildum við nýta atkvæðarétt okkar í það. Einnig má nefna að Malin Maria Ingvarsson keppti á Yrju frá Sandfellshaga í B-flokk á Landsmóti í nafni félagsins og fengu þær einkunnina 8,21.

F.h. stjórnar, Salbjörg Matthíasdóttir



GRANI
HÚSAVÍK

Hestamannafélagið Grani

Starf hestamannafélagsins Grana var með hefðbundnu sniði á árinu. Grani bauð í byrjun árs bæjarbúum í Bústólpahöllina þar sem ungum sem öldnum var boðið á hestbak. Reiðnámskeið á vegum Grana voru vel sótt bæði vetrar og sumarnámskeið. Boðið var uppá námskeið fyrir bæði meira og minna vana krakka. Eins stóð Grani að reiðnámskeiði fyrir börn með sérþarfir í samstarfi við Miðjuna. Ásdís Helga Sigursteinsdóttir kom og kenndi Trec sem er að ryðja sér til rúms í hestamennsku.

Börn í Grana hófu æfingar í apríl fyrir sýninguna Æskan og Hesturinn sem var á Akureyri. Því miður reyndist veðrið slæmt á sýningardeg og því ekki talið ráðlegt að flytja hross á milli þann

dag sem sýningin var. Sumardaginn fyrsta var farinn félagsreiðtúr í blíðu veðri á Höfðagerðissand.

Aðalfundur Grana var haldinn 3. maí og var stjórnin endurkjörin. Dagana 8.-9. júní var sameiginleg úrtaka hestamannafélaga fyrir Landmótið í Reykjavík haldin á Akureyri. Einn fulltrúi frá Grana, Iðunn Bjarnadóttir keppti svo á Landsmótinu sem haldið var á svæði Fáks fyrstu dagana í júlí.

Firmakeppni Grana fór fram 15 júní á skeiðvelli félagsins í Saltvík og að venju teymdu hestamenn undir börnum við hátíðarhöldin 17. Júní.

Grani efndi svo til Fræðslu- og menningarferðar í Eyjafjörð í nóvember. Hrossaræktarbúin Garðshorn og Litli-garður voru heimsótt og fengu Grana menn og konur frábærar móttökur á báðum stöðum. Starfinu lauk svo með árlegu jóla-bingó milli jóla og nýárs.

Bjarki Helgason, formaður



Hestamannafélagið Snæfaxi

Stjórn hestamannafélagsins Snæfaxes:

Formaður: Jóhannes Sigfússon Gunnarsstöðum.

Gjaldkeri: Steinunn Anna Halldórsdóttir Sauðanesi.

Ritari: Katharina Winter Þórshöfn.

Meðstjórnendur: Eggert Stefánsson Laxárdal og Gísli Jónsson Þórshöfn.

Laugardaginn 6. Janúar 2018 var folaldasýning í reiðhöllinni Kaplaborg á Gunnarsstöðum. Tíu folöld komu á sýninguna. Veitt voru verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin ásamt verðlaunum fyrir vinsælasta folaldið sem kosið var af áhorfendum. Dómarar voru þau Helgi Árnason og Petronella Hannula.

Reiðnámskeið fór fram 10.-11. mars í reiðhöllinni Kaplaborg á Gunnarsstöðum. Artemisia Bertus reiðkennari við Háskólann á Hólum sá um kennsluna. Kennslan fór fram í einkatímum. Kennslan var vel sótt og fullbókað á dagana.

Sunnudaginn 11. mars sendi Snæfaxi tvo fulltrúa á ársþing HSP, þau Stefán Eggertsson og Hjördís Matthilde Henriksen. Aðalfundur Hestamannafélagsins Snæfaxes var haldinn mánudaginn 16. apríl kl., 20:00 í Svalbarðsskóla. Þar fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf ásamt afmæliskaffi félagsins. Hestamannafélagið Snæfaxi var stofnað 16. apríl 1978 og varð því 40 ára þennan dag.

Föstudaginn 20. apríl tóku Snæfaxafélagar þátt í sýningunni Fákar og fjör á Akureyri. Ellefu manns tóku þátt í sýningunni frá börnum og upp í eldri borgara. Þann 1. maí fóru nokkrir félagsmenn í reiðtúr á Gunnarsstöðum.

Um miðjan júlí tóku nokkrir félagsmenn á móti Hermann Árnasyni hestamanni á leið hans yfir Ísland í svokallaðri Stjörnuveið. Riðu félagsmenn með honum frá Gunnarsstöðum í Þistilfirði í Sauðanes á Langanesi og frá Sauðanesi í Miðfjarðarnes á Langanesströnd.

Föstudaginn 24. ágúst komu félagsmenn saman með hesta sína á Gunnarsstöðum og riðu með stóran hóp hrossa í rekstri á Lönguhlíðarmela. Daginn eftir, eða laugardaginn 25. ágúst klukkan 14:00 var haldin firmakeppni á Lönguhlíðarmelum. Keppnin var vel sótt og var hin skemmtilegasta. Um tuttugu fyrirtæki styrktu keppnina með kaupum á firmum. Eftir keppni var riðið til baka í Gunnarsstaði þar sem grillmatur beið félagsmanna.

F.h. stjórnar, Steinunn Anna

Hestamannafélagið Þjálfi

Starf félagsins var með hefðbundnu sniði þetta starfsár sem önnur. Félagið hélt þrjú mót á árinu, Stórmót Þjálfar var haldið að venju helgina eftir verslunarmannahelgi og heppnaðist vel, þó nokkrir sáu sér fært að koma í brekkuna og fylgjast með góðu móti þar sem 117 skráningar voru til keppni, veður var gott og allt gekk eins og best verður kosið.

Firmakeppni Þjálfar haldin tveim vikum eftir stórmót og var það skemmtileg keppni sem heppnaðist að öllu leiti vel, var þátttaka góð og var boðið uppá pylsur og svala að keppni lokinni.

Mývatn Open var haldið 14. mars í einmuna veðurbliðu og mættu margir góðir knapar enda voru



rúmlega 100 skráningar, einnig þó nokkuð af áhorfendum. Kvöldið áður var farið að vanda í reiðtúr á Mývatni og riðið út í eyju þar sem Sel-Hótel Mývatn gaf öllum knöpum hressingu, voru um 30 manns í þessum reiðtúr.

Haldið var 10 vikna reiðnámskeið í Torfunesi á vegum Æskulýðsnefndar Þjálfara. Þetta námskeið heppnaðist í alla staði mjög vel. Landsmót Hestamanna var haldið í Reykjavík 2018 og átti Þjálfari þar fjóra knapa, tvo fullorðna, einn í unglingaflokk og einn í barnaflokk. Stóðu þau sig öll með sóma og erum við mjög stolt af árangri þeirra.

Jón Sverrir Sigtryggsson, formaður

Íþróttafélagið Magni

Íþróttastarf Magna var með hefðbundnu sniði. Fótboltinn er aðal íþróttagreinin að venju. Magni rekur mjög öflugt barnastarf og kappkostar að veita öllum iðkendum verkefni við hæfi. Erum með sterkt foreldrafélag og mjög hæfan þjálfara sem tók við á haustdögum. Margir þessara krakka æfa svo með Akureyrarfélögunum, Þór og KA líka. Á vordögum reistum við Magnamenn stúku sem rúmar alla íbúa hreppsins á 3 vikum. Magni lék í Inkasso deildinni í sumar í fyrsta skipti í tæp 40 ár! Er óhætt að segja að róðurinn hafi verið býsna þungur og ekki margir spáð okkur langlífi í þessari deild. En með ótrúlegri þrautseigju og trú tókst okkar litla félagi að halda sætinu í deildinni á ævintýrlegum sigri á liði ÍR í Reykjavík. Mikill hugur er í mönnum á Grenivík og hefur gengið mjög vel að fjármagna stafið, enda höfum við getað leitað til sterkra fyrirtækja sem hafa tekið okkur mjög vel. Svo er það nú einu sinni þannig að með eftirtektarverðum árangri þá er auðveldara að safna peningum. Svo höfum við undanfarin ár sent út heimaleiki félagsins beint á youtube rás Magna og það höfum við líka gert með yngri flokkana. Á undanförunum árum hefur verið reynt að halda úti æfingum bæði í frjálsum og fimleikum, en það hefur ávallt fjarað út, aðalega vegna þjálfaramála og aðstöðuleysis. Nokkrir krakkar eru á fimleikaæfingum á Akureyri og skautaæfingum líka. Og eigum við mjög frambærilega krakka í báðum greinum.



Íþróttafélagið Magni er kannski ekki stórt félag, en félagið er með stórt hjarta og mikil samstaða meðal fólks að halda úti íþróttastarfi. Í sumar verður tekin í notkun hluti aðstöðuhúss sem er að rísa við íþróttavöllinn sem verður gríðarleg bylting fyrir starfið. Það ríkir bjartsýni í félaginu og til að sveitarfélag geti þrífist þá þarf að halda úti góðu íþróttalífi.

Þorsteinn Þormóðsson, formaður



Íþróttafélagið Völsungur

Aðalstjórn Völsungs

Aðalfundir Völsungs voru tveir talsins á árinu 2018. Fyrri fundurinn var haldinn 28. júní og urðu miklar breytingar á stjórn félagsins á fundinum þar sem allir stjórnarmenn gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Nýir inn í stjórn komu Bergþóra Höskuldsdóttir, Davíð Þórólfsson, Hallgrímur Jónsson, Heiða Elín Aðalsteinsdóttir, Jóna Björk Gunnarsdóttir og Lilja Friðriksdóttir.

Ekki hafði tekist að finna nýjan formann og því var ákveðið að boða til framhaldsaðalfundar þar sem formannskosning færi fram. Guðrún Kristinsdóttir sat því áfram sem formaður fram að þeim fundi. Framhaldsfundurinn fór fram 13. september. Enn hafði ekki tekist að finna formann inn í stjórnina en þrátt fyrir það lét Guðrún af störfum og er Hallgrímur Jónsson starfandi formaður Völsungs þar til félagið finnur sér nýjan formann. Guðrún Kristinsdóttir tók við formennsku í félaginu árið 2011 og hefur því þjónað félaginu í átta ár. Miklar breytingar hafa orðið á starfsemi félagsins á þessum tíma og eru henni færðar þakkir fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins.



Á starfsárinu 2018 voru verkefni aðalstjórnar með hefðbundnum hætti. Aðalstjórn hélt utan um starfsemi sumar-skólans þar sem börn á aldrinum 5-10 ára eru í leik og starfi í þrjá tíma á dag í sex vikur. Umsjónarmenn skólans voru

Ágúst Þór Brynjarsson, Edith Ósk Sigurjónsdóttir og Guðrún Einarsdóttir. Einnig sá aðalstjórn um rekstur knattspyrnuvallanna. Reksturinn var þungur og hefur nú orðið sú breyting á að sveitarfélagið hefur tekið yfir reksturinn að nýju.

Þorsteinn Marinósson hætti sem framkvæmdastjóri Völsungs og við starfinu tók Jónas Halldór Friðriksson í byrjun september. Við tók vinna við samningagerð við sveitarfélagið. Gerður var samningur til eins árs og hefst strax vinna við nýjan samning þar sem markmiðið er að gera langtímasamning. Íþróttafélagið er samfélaginu gríðarlega mikilvægt og er leiðandi í íþrótt- og æskulýðsmálum í sveitarfélaginu.



Starf félagsins er öflugt og gerðar eru miklar kröfur til þess. Bæði þegar kemur að rekstri, menntun þjálfara og aðstöðu til æfinga. Mikilvægt er að aðstaðan sé eins góð og kostur er á og umgjörð og þjálfun sé í eins háum gæðaflokki og við getum boðið uppá.



Aðalstjórn verðlaunaði íþróttafólk sitt við hátíðlega athöfn 27. desember. Veitt voru hvatningarverðlaun, viðurkenningar fyrir þátttöku í landsliðs- verkefnum, viðurkenningar fyrir leikja áfanga ásamt því sem kjör á íþróttafólki Völsungs fór fram. Dagbjört Ingvarsdóttir var kjörin íþróttakona Völsungs og Bjarki Baldvinsson var kjörinn íþróttamaður Völsungs.

Starf Völsungs eykst með hverju ári. Félagið er öflugt og starfið fjölbreytt. Félagið hefur vaxið og þróast gríðarlega á undanförunum árum og er leiðandi í íþrótt- og æskulýðsmálum í sveitarfélaginu. Forvarnargildi starfseminnar er óumdeilanlegt. Skipulagt starf félagsins nær til iðkenda sem eru 2-3 ára og upp í eldri borgara. Lögð er áhersla á fjölbreytt starf og eru æfingar opnar öllum. Almenningsíþróttadeildin eykur enn á fjöl-

breytni í starfi félagsins þar sem hlaupahópurinn Skokki og bandýhópur eru með skipulagðar æfingar. Þar að auki er rekið öflugt og metnaðarfullt afreksstarf innan raða knattspyrnu- og blakdeildar félagsins.

Það er gríðarlega mikilvægt að vandað sé til verka í starfsemi félagsins. Sjálfboðaliðar vinna óeigingjarnt starf í þágu félagsins og sjá oft á tíðum til þess að starfið haldist gangandi. Öflugir og metnaðarfullir þjálfarar starfa hjá Völsungi og getum við verið stolt og þakklát fyrir það. Það er svo hlutverk skrifstofunnar að halda utan um starfið og sjá til þess að þjónustan sé eins góð og kostur er á.

Um áramótin 2018-2019 voru 543 sem stunduðu reglubundna hreyfingu innan raða Völsungs. Starfið er fjölbreytt og ættu allir að geta fundið sér hreyfingu við hæfi.

Almenningsíþróttadeild

Undir almenningsíþróttadeildinni er íþróttaskóli, sumarskóli, hlaupahópurinn Skokki og bandýhópur.

Íþróttaskólinn er starfræktur innan félagsins með tvo hópa yngri og eldri barna. Skólinn er fyrir börn á aldrinum eins og hálf árs fram á fimmta aldursár. Íþróttaskólanum er skipt í tvo hópa eftir aldri og hefur hvor hópur um sig 50 mínútur. Skólinn er á laugardögum og eru rétt um 40 krakkar sem stunda hann með reglubundnum hætti. Umsjónarmenn skólans eru Ísak Már Aðalsteinsson og Anna Björg Pálsdóttir. Við hvetjum foreldra til þátttöku enda er um að ræða ánægjulega stund barns og foreldris.

Bandýdeildin er undir almenningsíþróttadeild Völsungs. Er þetta annar veturinn hjá bandýhópnum og eykur þetta á flóru almennrar hreyfingar hjá íþróttafélaginu. Það eru í kringum 20 iðkendur af báðum kynjum sem stunda æfingar hjá bandýhópnum tvisvar í viku. Þá fór hópurinn á sín fyrstu mót á árinu.



Sumarskóli Völsungs er starfræktur í sex vikur yfir sumartímann. Síðasta sumar tóku 52 krakkar þátt í starfinu á aldrinum 5-10 ára. Umsjónarmenn skólans voru Ágúst Þór Brynjarsson, Edith Ósk Sigurjónsdóttir og Guðrún Einarsdóttir.

Hlaupahópurinn Skokki var öflugur eins og venjulega. Fastar æfingar voru tvisvar í viku. Skokki heldur tvö hlaup árlega, Botnvatnshlaupið á Mærudögum og Gamlárshlaupið. Báðir viðburðir hafa skapað sér fastan sess og eru vinsælir. Þar að auki hélt hlaupahópurinn utan um sumarsólstöðuhlaup sem sló rækilega í gegn. Hlaupahópurinn er öllum opin og er fólk á öllum aldri hvatt til að mæta á æfingar. Allar upplýsingar um hópinn má finna inná heimasíðu Völsungs eða á fésbókarsíðu hópsins.



Fimleikar

Krakkar á aldrinum 5-16 ára æfa fimleika í þremur hópum. Starfið hefur verið með hefðbundnu sniði og voru iðkendur ríflega 50 á árinu 2018. Deildin fékk styrk frá Rafiðnaðarsambandinu og Norðurþingi og var peningurinn nýttur til tækjakaupa.



Handknattleikur



Handboltinn hefur verið á undanhaldi undanfarin ár. Um þessar mundir er einn hópur sem æfir handbolta inna raða félagsins. Þetta er flottur hópur krakka sem eru fædd 2010 og 2011. Farið er með reglulegum hætti á mót inn á Akureyri og hefur það hjálpað starfinu mikið.

Blak

Árið 2018 hefur verið viðburðaríkt hjá blakdeildinni. Auk hefðbundinnar starfsemi stóð deildin fyrir tveimur stórum verkefnum. Annars vegar var um að ræða undirbúning og framkvæmd á námskeiði með blakgoðsögninni Vladimir Grbic frá Serbíu í marsmánuði og hins vegar uppbygging á langþráðum strandblakvelli á Húsavík.

Meistaraflokkur kvenna í blaki lauk öðru ári sínu í úrvaldsdeildinni á vordögum og bætti árangur sinn verulega frá fyrra ári. Á uppskeruhátíð Blaksambandsins voru veittar viðurkenningar til þeirra blakara sem sköruðu fram úr á tímabili og þar hlaut Jóna Björk Gunnarsdóttir viðurkenningu fyrir flest stig skoruð úr uppgjöf ásamt því að vera ein af þrem sem tilnefndar voru sem uppspilari deildarinnar. Þar að auki var Arna Védís Bjarnadóttir tilnefnd sem ein af þremur efnilegustu leikmönnum deildarinnar. Liðið hóf svo sitt þriðja tímabil á haustdögum og sat í þriðja sæti efstu deildar um jólin.



Yngri flokka starf blakdeildarinnar var með hefðbundnu sniði á árinu. Iðkendur eru um 35 í 3.-6. flokk auk unglunga í framhaldsskóla sem eru farnir að æfa á fullu með meistaraflokki. Völsungur sendi lið á öll þau mót sem í boði voru á árinu og var árangur góður. Völsungur hélt Íslandsmót fyrir 2. og 3. flokk í október og er það sennilega metnaðarfullsta verkefni sem yngriflokkaráðið hefur tekið að sér.



Öldungablakið hefur verið öflugt innan raða Völsungs og var þar engin breyting á árið 2018. Iðkendur eru um 40 talsins í kvenna og karla deildum. Völsungar sóttu hraðmótin sem haldin eru á Norðurlandi ásamt því sem tvö kvennalið voru skráð í 3. og 5. deild í Íslandsmóti og eitt karlalið sem var skráð í 2. deild. Öldungablakárinu lauk svo á Akureyri þar sem Blaka 2018 fór fram. Þar voru sex lið frá Völsungi skráð til leiks.



Boccia

Starfsemi bocciadeildarinnar var með hefðbundnu sniði árið 2018. Fyrsta mót vetrarins var opna Húsavíkurmótið sem var haldið í 29. skipti þann 25. febrúar. Einnig var farið á Íslandsmót í liðakeppni til Reykjavíkur og Íslandsmót í einstaklingskeppni til Vestmannaeyja. Auk þess var farið á Hængsmótið á Akureyri.

Sund

Á árinu fóru sundmenn okkar að keppa undir merkjum Völsungs í stað HSP. Um 20 krakkar hafa verið að æfa sund. Hópnum er skipt upp í yngri og eldri hóp. Yngri hópurinn hefur æft einu sinni til tvisvar í viku en eldri hópurinn æfði allt að fjórum sinnum í viku. Sunddeildin hefur verið í miklu samstarfi við Ragnheiði Runólfssdóttir þjálfara Óðins á Akureyri og hafa elstu sundmennirnir verið að synda æfingar frá henni og fengið að fara með Óðinskrökkum á sundmót.





Skíðaganga

Skíðagönguvertíðin var með nokkuð hefðbundnu sniði. Troðnar voru brautir við aðstöðu deildarinnar við Reyðarárhjúk. Þann 14. apríl hélt deildin sína árlegu Buck-Orkugöngu þar sem þátttakendur voru rúmleg 70. Gangan hefur verið haldin allt frá árinu 2006 að einu ári undanskildu þar sem veðurguðirnir léku skíðagöngufólk grátt.

Bardagaíþróttir

Árið hjá bardagaíþróttadeildinni hefur gengið mjög vel. Iðkendur fóru mest upp í 35 og hafa aldrei verið fleiri að æfa íþróttina á Húsavík. Í fyrsta skipti sendi deildin keppanda á Íslandsmótið í taekwondo, var það Arnhildur Traustadóttir sem endaði í 2. sæti.



Knattspyrna - Meistaraflokkar

Völsungur heldur úti meistaraflokk í karla- og kvennaflokki. Starfið er öflugt og mikilvægur þáttur í starfi íþróttafélagsins. Meistaraflokkur karla byrjaði árið með því að keppa í Kjarnafæðismótinu, þar á eftir tók við Lengjubikarinn þar sem liðið endaði uppi sem sigurvegari í fyrsta skipti í sögunni. Íslandsmótið og bikarkeppnin byrjaði um mánaðarmótin apríl/maí. Sumarið var skemmtilegt þar sem liðið var í baráttu um að komast upp um deild allt fram í síðustu umferð. Að lokum endaði liðið í 4. sæti með 40 stig. Bjarki Baldvins-son, fyrirliði liðsins, var kjörinn besti maður liðsins og valinn af leikmönnum og þjálfurum í lið ársins á fotbolti.net. 2. flokkur karla lék í B-deild þar sem verkefnið var krefjandi. Liðið var í harðri baráttu allt sumarið sem endaði með því að liðið féll niður í C-deild.



Meistaraflokkur kvenna hóf keppnistímabilið með þátttöku í Lengjubikarnum þar sem liðið féll út á móti Keflavík. Íslandsmótið og bikarkeppnin byrjaði í maímánuði og fór liðið vel af stað með sigri í fyrsta leik. Liðið náði hins vegar aldrei að blanda sér í alvöru baráttu um að komast upp um deild og niðurstaðan 5. sæti í 2. deild. Dagbjört Ingvarsdóttir var kjörin leikmaður ársins á lokahófi meistaraflokka.



Yngri flokkar knattspyrnu

Barna- og unglingaráð heldur utan um rekstur yngri flokka Völsungs í knattspyrnu. Iðkendur yngri flokka eru nú tæplega 200 talsins og starfið öflugt. Ráðið leggur mikla áherslu á að þjálfarar mennti sig í þjálfunarfræðum og að starfið sé faglegt. Um þessar mundir eru tveir þjálfarar með UEFA-A þjálfara gráðu og einn sem er að sækja sér UEFA-B gráðu. Þar fyrir utan eru allir aðalþjálfarar búnir með námskeið á vegum KSÍ.

Yngri flokkar skráðu 13 lið til leiks í Íslandsmóti þar sem spilaðir voru 78 leikir frá maí til september. Þar fyrir utan fóru allir flokkar á mót víðsvegar um landið. Á haustdögum hélt deildin svo hið árlega Curiomót en að þessu sinni voru iðkendur á mótinu um 750 talsins.



Mývetningur – íþrótt- og ungmennafélag

Um áramótin voru skráðir félagar í Mývetningi 189 og megum við vera stolt af þessum fjölda í ekki stærra sveitarfélagi. Í stjórn félagsins sátu Sigurbjörn Reynir Björgvinsson (formaður), Jóhanna Jóhannesdóttir (gjaldkeri), Kristinn Björn Haraldsson (ritari), Sigríður Jóhannesdóttir og Hinrik Geir Jónsson (meðstjórnendur). Guðmundur Þór Birgisson og Ragnar Davíð Baldvinsson eru varamenn. Haldnir voru 6 stjórnarfundir á árinu og aðalfundur félagsins var haldinn í febrúar.



Í janúar til maí voru fótboltaæfingar fyrir alla aldursflokka grunnskólans einu sinni í viku. Sá þau Jóhanna Jóhannesdóttir og Sigurbjörn Reynir Björgvinsson um þær. Frá september til áramóta voru fótboltaæfingar tvisvar í viku fyrir 1. – 5. bekk og sá Jón Friðriksson um þær. Þökkum við þeim öllum kærlega fyrir frábært starf.

Héldum við áfram samstarfi okkar við grunnskólann með íþróttaskólann og frístundina. Í janúar til maí var íþróttaskólinn tvisvar í viku, mánudaga og miðvikudaga undir stjórn Soffíu Kristínar og frístundin var á fimmtudögum undir stjórn Jóhönnu og Sigurbjörns. Sama fyrirkomulag var á íþróttaskólanum og frístundinni á haustönn (september–desember) nema Jóhanna þjálfaði íþróttaskólann og Anna Dagbjört Andrésdóttir stjórnaði frístundinni. Þökkum við þeim kærlega fyrir frábært starf.

Skíðaiðkun var frá janúar út mars og var opið nokkra daga. Var einn dagur vel auglýstur og mætti margt fólk og hafði gaman saman í brekkunni. Frá september til áramóta var skíðaiðkun engin aðallega sökum snjóleysis. Skíðastarfið hefur verið í umsjón Guðmundar Þórs Birgissonar og Hinriks Geir Jónssonar. Viljum við þakka þeim kærlega fyrir sín störf.



Byrjendablað var einu sinni í viku frá janúar til maí og sá þær Arnheiður Rán Almarsdóttir og Jóhanna Jóhannesdóttir um það. Við kunnum þeim bestu þakkar fyrir. Blakkonurnar okkar héldu áfram að æfa og keppa á mótum fram á vorið og enduðu tímabilið á því að keppa á öldungamótinu á Akureyri. Mývetningur lenti í 2. sæti í 7. deildinni og Mývetningur A vann 11. deildinni og fóru því bæði liðin upp um deild. Til hamingju blakkonur með góðan árangur.

Um páskana héldum við okkar árlega páskabingó sem gekk að venju vel. Við viljum þakka öllum þeim sem gáfu okkur vinninga, það er frábært að geta leitað til fyrirtækjanna á svæðinu og finna góðan stuðning frá þeim. Hreyfivika UMFÍ fór fram 28. maí – 3. júní og var boðið upp á fjölmarga viðburði íbúum Mývatnssveitar að kostnaðarlausu. Boðið var upp á göngur og ratleiki með Aðalbjörgu Birgisdóttur, Zumba hjá Ingibjörgu Helgu Jónsdóttur, Ragnhild Vedum var með tabata tíma, Arnheiður Rán Almarsdóttir var með blak, Hike and bike var með hjólaferð og Ásta Price var með hreyfingu fyrir eldri Mývetninga. Við kunnum þeim bestu þakkar fyrir.

lausu. Boðið var upp á göngur og ratleiki með Aðalbjörgu Birgisdóttur, Zumba hjá Ingibjörgu Helgu Jónsdóttur, Ragnhild Vedum var með tabata tíma, Arnheiður Rán Almarsdóttir var með blak, Hike and bike var með hjólaferð og Ásta Price var með hreyfingu fyrir eldri Mývetninga. Við kunnum þeim bestu þakkar fyrir.

Í sumar setti sveitarfélagið upp ærslablað við hlið sparkvallarins og farið var af stað með undirbúningsvinnu við strandblaksvöll í samstarfi við okkur. Sumarstarf var mikið og réðum við Aðalbjörgu Birgisdóttur til að sjá um það. Var sumarstarfinu skipt í tvo hluta og vel var mætt. Boðið var upp á hreyfingu fyrir eldri Mývetninga einu sinni í viku, fullorðinsþrek 2-3 sinnum í viku, göngur öll mánudagskvöld, frístund fyrir börn á aldrinum 6-10 ára alla virka daga frá 9-12 og einnig var Aðalbjörg með íþróttatíma fyrir leikskólabörnin alla virka daga. Var almenn ánægja með þetta framtak og viljum við þakka Aðalbjörgu kærlega fyrir frábært starf.

Eldri fótboltaíðkendur okkur héldu áfram að æfa eins og þeir hafa gert undanfarin sumur og kepptu svo bæði í utandeildinni (Kjarnafæðideildin) og bikarkeppninni á Akureyri í sjö manna fótbolta. Strákarnir enduðu í 4. sæti í deildinni en gerðu sér lítið fyrir og unnu bikarkeppnina. Við óskum þeim innilega til hamingju með góðan árangur.



Í vetur gáfum við eldri Mývetningum bocciasett á heilsueflandi degi sveitarfélagsins og fengum Egil Olgeirsson frá Völsungi til að kenna þeim réttu tæknina. Nú æfa þau nú boccia einu sinni í viku og óskum við þeim góðs gengis við æfingarnar. Búið er að endurvekja leiklistardeildin með skipan undirbúningsnefndar í samstarfi við Gjallanda og fylgjumst við spennu með því sem kemur frá þeim. Í desember héldum við okkar árlega jólabingó sem er ómissandi partur af aðventunni. Bingóið gekk að venju mjög vel og þátttaka góð. Við viljum þakka fyrirtækjum á svæðinu enn og aftur kærlega fyrir veittan stuðning.

Núna er upptalið það sem við höfum gert á árinu og horfum við björtum augum fram á veginn og erum alltaf opin fyrir nýjum verkefnum. Svo er bara vona að við förum að fá snjó á skíðasvæðið til að virkja það.

Sigurbjörn Reynir Björgvinsson, formaður

Skákfélagið Huginn

Starfsemi félagsins var með hefðbundnum hætti, en reglulegar skákæfingar voru þó heldur færri en venjulega. Félagið hafði aðstöðu hjá Framsýn stéttarfélagi eins og áður og þakkar félagið hinn góða stuðning frá Framsýn í gegnum árin.

Tómas Veigar Sigurðarson varð skákmeistari félagsins sem fór fram í febrúar. Mótið var teft í tveim riðlum og mættust sigurvegarar hvors riðils fyrir sig í tveim úrslita skákum. Tómas og Smári Sigurðsson unnu riðlana og tefldu því til úrslita.



Félagið hélt Skákþing Norðlendinga á Húsavík helgina 27.-29. apríl. 22 keppendur tóku þátt héðan og þaðan af landinu, þar sem mótið var opið. Einungis íbúi á Norðurlandi gat þó unnið sigur á mótinu. Jón Kristinn Þorgeirsson varð efstur á mótinu, Áskell Örn Kárasón varð annar og Haraldur Haraldsson þriðji. Allir eru þeir frá Skákfélagi Akureyrar.

Framsýnarmótið fór fram helgina 27.-28. október. Mótið var opið öllum áhugasömum. 11 keppendur tóku þátt en það var teft á tveim dögum og voru einungis atskákir (25 mín) á dagskrá. Hjörleifur Halldórsson frá Akureyri vann mótið, Jan Olav Fivelstad TR varð annar og Karl Egill Steingrímsson SA varð þriðji.

Hraðskákmót Hugins fór fram 29. Desember. Mótið var óvenju fámennt að þessu sinni, en aðeins 5 keppendur tóku þátt. Tefld var tvöföld umferð og stóð Smári Sigurðsson uppi sem sigurvegari. Rúnar Ísleifsson varð annar og Hermann Aðalsteinsson þriðji.

Íslandsmót skákfélaga 2017-18 seinni hluti fór fram í Reykjavík í mars. Eins og oft áður fóru skákmenn úr héraði á mótið og var gengi þeirra misjafnt eins og áður þar sem þeir dreifðust á nokkur lið. Huginn tókst ekki að vinna Íslandsmeistaratitilinn 2018, enda vantaði nokkra sterka menn í liðið í ár.

Íslandsmótið 2018-2019 hófst í nóvember og er því ekki lokið þegar þetta er skrifað. Heldur dræm þátttaka var í mótinu í ár en oftast áður. Hins vegar eru líkur á titli meiri núna en í fyrra. Félagið er efst í mótinu þegar keppnin er meira en hálfnuð. Úrslitin ráðast í byrjun mars 2019.

Ungur skákmaður Kristján Ingi Smárasón byrjaði að vekja athygli seint á árinu 2018 með góðri frammistöðu á mótum. Kristján sem er á tíunda aldursári er þegar farinn að vinna skákir geng sér eldri mönnum og í byrjun árs 2019 var hann valinn í landslið Íslands í skák í flokki 10 ára og yngri. Þarna er á ferðinni mikið efni og verður mjög fróðlegt að fylgjast með gengi hans á næstu árum.

F.h. stjórnar, Hermann Aðalsteinsson

Skotfélag Húsavíkur

Aðalfundur Skotfélagsins var haldinn 11. febrúar 2018. Kosnir til stjórnar voru eftirtaldir: Kristján Arnarson formaður, Gylfi Sigurðsson, Ágúst Þráinsson, Bjarni Þór Gunnarsson, Guðmundur Flosi Arnarson. Varamenn Heimir Pétursson og Gunnólfur Sveinsson. Kosning í nefndir: Haglabyssunefnd Elías Frimann, Almar Eggertsson og Bjarni Þór. Ríffilnefnd Gylfi Sigurðsson, Kristján Arnarson og Heimir Pétursson.



Ný stjórn tók ákvörðun í mars að setja upp svokallaðan Compak sporting völl fyrir haglabyssu. Farið var í að kaupa vélar og undirbúning fyrir palla undir vélarnar. Skemmst er frá því að segja að eftir að völlurinn var vígður í byrjun júní, þá stórkjóst notkun haglabyssuvallarins. Haldin voru mót og þátttaka þar alltaf góð. Haldið var Húsavíkurmeistaramót í sporting og þar Sigurður Karlsson þar sigur.

Á ríffilsvæðinu var farið í lokafrágang á húsnaðinu að innan. Það var einangrað og klætt og er hið glæsilegasta eftir það. Haldin voru nokkur mót í sumar. Húsavíkurmeistaramót í 22 LR (50BR) var haldið, keppt var á þremur mótum og tvö bestu reiknuð til stiga. Húsavíkurmeistari í 50BR var Kristján Arnarson.

Haldin voru nokkur önnur mót og voru Húsvískir keppendur líka á faraldsfæti og kepptu hjá öðrum skotfélögum með góðum árangri. Nefna má að Gylfi Sigurðsson varð í 2 sæti á Íslandsmótinu í benchrest sem haldið var í Reykjavík í september. Elías Frimann keppti á nokkrum mótum með góðum árangri í haglabyssugreinum. Kristján Arnarson keppti á nokkrum mótum í ríffilgreinum með góðum árangri.

Félagið tók að sér Mærudagsgæsluna eins og undanfarin ár til fjáröflunar fyrir félagið. Þá voru hreindýraskyttur teknar í próftöku. Allir aðilar sem að þessum verkefnum komu, gefa sína vinnu og er það þakkarvert. Fyrirtækjaferðir voru haldnar sem fjáröflun fyrir félagið. Farið var í átak í fjölgun félaga og tókst það vel og er félagið skuldlaust og eigna-mikið. Sótt var um styrki til KEA og atvinnuráðuneytisins til uppbyggingar á stærri og betri félagsaðstöðu. Neikvætt svar

kom því miður úr báðum umsóknunum. Félagið áformar að fara í byggingu 80 til 90 fermetra húsnæðis fyrir starfsemina. Núverandi húsnæði er engan veginn að sinna þeirri starfsemi sem er orðin í félaginu. Hugmyndin er líka að fá vatn og rafmagn inn á svæðið.

Kristján Arnarson, formaður

Skotfélag Þórshafnar og nágrennis

Stofnfundur félagsins var haldinn 10. apríl 2018 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn. Mættir voru 25 félagsmenn. Lög félagsins voru samþykkt og bráðabirgðastjórn kosin fram að næsta aðalfundi. Í stjórn voru kosnir Rúnar Konráðsson formaður, Halldór Jónsson og Pitor Tarasivov. Félagið fékk í kjölfarið aðild að HSP og ÍSÍ.

Stjórnin hófst fljótlega handa við að gera tillögur til sveitarstjórnar Langanesbyggðar um mögulegt svæði til æfinga skotíþróttar, bæði fyrir haglabyssu og riffil. Gerðir voru út leiðangrar víða um sveitarfélagið, inn í Þistilfjörð, rætt var við fjölda landeigenda, sveitarstjórnarmanna o.fl. Niðurstaðan var að stjórn félagsins sendi inn tillögur til sveitarstjórnar Langanesbyggðar um þrjú svæði, en fékk höfnun. Sveitarstjórn samþykkti reyndar einnig að vinna með félaginu að staðsetningu svæðis. Nú liggja fyrir tvær tillögur um staðsetningu sem eru til skoðunar.

Augljós ávinningur er af því fyrir alla að félagið hafi góða aðstöðu þar sem skotáhugamenn og konur geta sameinast um að æfa og keppa. Eins og ástandið er nú þurfa þeir sem vilja æfa sig eða stilla riffila, að æfa hingað og þangað og augljóslega getur verið mun meiri hætta af slíku, en þegar æfingar eru ákveðnu svæði. Til viðbótar er sameiginlegt svæði og öflugt félag vettvangur umræðu og fræðslu sem aftur leiðir til bættrar umgengni og fastmótaðra umgengnisregla um meðferð og notkun skotvopna.

Samhliða leit að svæði fyrir starfsemi félagsmanna voru gerðar verðkannanir á búnaði fyrir leirdúfuskotfimi, en í ljósi aðstöðuleysisins varð eðlilega ekki að neinum kaupum. Staða félagsins er sú að á meðan ekki er til svæði til æfinga verður starfsemi félagsins í lágmarki, ekki tilefni til að innheimta félagsgjöld heldur.

Rúnar Konráðsson, formaður

Ungmennafélagið Austri

Æfingar

Sumaræfingar hófust 12. júní og stóðu þær til 21. september. Boðið var upp á æfingar í frjálsum íþróttum og fótbolta 4x í viku fyrir börn og unglinga. Þjálfarar voru Brynja Dögg Björnsdóttir og Friðrik Þór Ragnarsson. Mjög góð mæting var á þessar æfingar. Blakæfingar hjá fullorðnum voru 1-2x í viku með hléi yfir sumartímann. Góð þátttaka er í blakinu.



Þátttaka á mótum / námskeiðum

Keppendur á öllum aldri frá UMF Austri tóku þátt í Ásbyrgismóttinu og stóðu sig með mikilli þrýði. Björn Grétar Ríkhartsson tók þátt Króksmóttinu með UMFL. Karlalið frá UMF Austri tók þátt í Öldungamóttinu í blaki og urðu þeir í 3. sæti í sinni deild.

Annað

UMF Austri hafði umsjón með hinu árlega kvennahlaupi sem haldið var laugardaginn 2. júní. Þar sem allir stjórnarmenn UMF Austri voru að heiman á 17. júní og enginn fékkst til að taka að sér hátíðarhöld, þá féllu þau niður. Eins og undanfarin ár hafa eldri borgarar á Raufarhöfn verið mjög duglegir að mæta í íþróttahúsið og hreyfa sig saman. UMF Austri keypti áhöld og leikföng í sundlaugina sem vakti mikla lukku hjá yngri kynslóðinni. Birna Björnsdóttir hefur verið fulltrúi UMF Austri í Ásbyrgisnefndinni undanfarin ár, sem sér um að undirbúa og starfa á hinu árlega Ásbyrgismóti.



Ekki hefur gengið vel að fá þjálfara til starfa utan sumartíma og reynir ungmennafélagið þá að styrkja börn og ungmenntu með öðrum hætti, eins og t.d. þátttöku í ferðakostnaði ef þau eiga þess kost að sækja æfingar og/eða námskeið annað.

Í stjórn UMF Austra eru:

Birna Björnsdóttir formaður
Olga Friðriksdóttir gjaldkeri
Karítas Ríkharðsdóttir ritari
Nanna Steina Höskuldsdóttir
Ragnar A. Jóhannsson

Birna Björnsdóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir og Olga Friðriksdóttir

Ungmennafélagið Bjarmi

Ungmennafélagið Bjarmi var stofnað 1908 og varð því 110 ára 2018. Félagið eldist vel þó svo að ungmenntu á svæði félagsins séu talsvert færri nú en á fyrri hluta síðustu aldar.

Aðalfundur Bjarma 2018 var haldinn í Gamla Barnaskólanum í Skógum þann 5. mars 2018 og var mæting góð. Stjórn Bjarma skipa Birna Davíðsdóttir formaður, Helen Jónsdóttir ritari og Jón Þórir Óskarsson gjaldkeri. Stjórn Bjarma hélt óvenju marga stjórnarfundu, bæði formlega og óformlega á árinu þar sem afmælishátíð var meðal annars undirbúin. Stjórnin mætti einnig á Ársþing HSP sem haldið var að þessu sinni í Ýdölum þann 11. mars. Þingið var upplýsandi og fræðandi.

Skipað var í nefndir á vordögum 2018 og eru formenn nefnda þessir til vors 2020: fótoltanefnd: Hermann Hauksson, íþróttanefnd: Rúnar Ísleifsson, ferðapjónustunefnd: Sigríður Karlsdóttir, vallarnefnd: J. Bjarki Jóhannesson, húsnefnd: Jón Þ. Óskarsson, ferðanefnd: Sigrún Jónsdóttir, spilanefnd: Hlíf Guðmundsdóttir og ballnefnd: Gunnhildur W. Björnsdóttir.

Nefndarstörf ungmennafélagsins voru nokkuð hefðbundin á árinu að því undanskildu að húsnefnd og vallarnefnd tóku til hendinni á svæði félagsins. Byggður var nýr pallur í skóginum og borið var á Bjarmahúsið. Stjórnin ásamt mökum og öðrum sjálfboðaliðum skipuðu afmælisnefnd sem skipulagði og undirbjó 110 ára afmæli félagsins. Íþróttanefndin sá um að skipuleggja íþróttaæfingar barna yfir vetrarmánuðina, meðal annars var boðið uppá íþrótta- og leikjanámskeið, badminton og körfubolta. Þá var nokkur hópur barna og fullorðinna sem m.a. stunduðu knattspyrnu, frjálssar íþróttir og sund í nágrannasveitum. Sumarið 2018 var haldið leikjanámskeið á Bjarmavelli og ungmenntu spiluðu fótbolta tvisvar í viku. Ferðapjónusta var nokkur en haldin voru ættarmót og afmæli á Bjarmavelli, sem þóttu takast mjög vel enda aðstaðan á vellinum góð. Ferðanefnd stóð fyrir ferð upp að Hóli í Fnjóskadal þar sem gengið var um fyrirhugað virkjunarsvæði Hólsvirkjunar. Fámennt en góðmennt var í ferðinni. Mjög góð mæting var á Bjarmaball sem haldið var á Illaugastöðum í nóvember þar sem Guðni Bragason spilaði fyrir dansi.

Bjarmahátíð var haldin þann 29. júlí á Bjarmavelli. Að þessu sinni var haldin afmælishátíð í tilefni 110 ára afmæli félagsins. Farið var í leiki, haldin ávörp og saga félagsins og skemmtileg atvik rifjuð upp. Snædd var afmælisterta ásamt öðrum glæsilegum veitingum sem gestir höfðu meðferðis. Þá var sungið, spilað á harmonikku og dansað á nýja pallinum. Hátíðin þótti takast mjög vel í alla staði, þakkar stjórnin öllum þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóg og einnig gestum fyrir skemmtilega samveru og góðar gjafir. Í tilefni af afmælisárinu festi Bjarmi kaup á samkomutjaldi sem hópar eða ættarmót geta fengið leigt með svæðinu. Einnig keypti Bjarmi þrjár frísbílgölfkörfur og timbur til endurnýjunar pallsins.



Að lokum viljum við nefna tvær nýjungar í starfsemi Bjarma. Önnur er að Bjarmi og Skógræktin eru í samstarfi um að leggja skíðagöngubraut í Vaglaskógi þar sem almenningi mun standa til boða að ganga sér til heilsueflingar. Hin er að Bjarmi býður einstaklingum 60 ára og eldri, upp á leikfimi undir leiðsögn íþróttakennara, þeim að kostnaðarlausu.

Stjórn Bjarma



Ungmennafélagið Efling

Árið 2018 var nokkuð hefðbundið hjá félögum og iðkendum í Umf. Eflingu með íþróttum, leikjum, listum og skemmtunum.

Aðalfundur Umf. Eflingar var haldinn 29. maí 2018 og þá gekk úr stjórn Guðrún Sædís Harðardóttir og við tók Gunnhildur Hinriksdóttir sem gjaldkeri. Áfram sitja í stjórn Aðalsteinn Már Þorsteinsson, ritari og Óttar Jósefsson, formaður. Auk þeirra sitja Andri Hnikarr Jónsson og Pétur Ingólfsson í varastjórn. Nefndir á vegum félagsins eru nokkrar: íþróttanefnd, blaknefnd, leiknefnd, bogfiminnefnd, umhverfisnefnd, golfnefnd, minjanefnd og þorablótsnefnd.

Íþróttaæfingar fyrir grunnskólabörn héldu áfram á vorönn þar sem boðið var upp á fótboltaæfingar 1x í viku og leiki 1x í viku. Einnig bættust við sundæfingar 2x í viku en Efling tók að sér að halda úti sundæfingum sem áður höfðu verið í umsjón sundnefndar HSP. Að loknu stuttu vorfríi hófust sumaræfingar á Laugavelli og var boðið upp á fótboltaæfingar 2x í viku. Ekki var farið á nein mót þetta sumarið. Haustæfingar hófust svo í september með auknu æfingaframboði. Á Laugum voru fótboltaæfingar fyrir ~3.-7. bekk í boði á mánudögum og fyrir 1.-5. bekk á miðvikudögum, frjálsíþróttir/leikir fyrir 1.-5. bekk á miðvikudögum og sund fyrir 1.-10. bekk á fimmtudögum. Þá voru körfuboltaæfingar fyrir 1.-10. bekk í boði í Ydölum á þriðjudögum. Þá hafa verið opnir fjölskyldutímar í salnum alla laugardaga í haust þar sem fjölskyldur geta komið og spellað og leikið frjálst í salnum. Við höfum verið í góðu samstarfi við Laugaskóla varðandi þjálfara og aðstoðarþjálfara sem hafa allir komið þaðan.

Æfingar hjá körlum í blaki héldu einnig áfram tvisvar sinnum í viku á vorönn. Blakárið 2017-18 tefldi Efling fram sameiginlegum liðum með Völsungi í 2. og 3. deild Íslandsmótsins í blaki. Þar skiptust á skin og skúrir en Völsungur-Efling gerði sér lítið fyrir og vann 2. deildina á meðan Efling-Völsungur vermdi botnsætið í 3. deildinni. Þá tók sameiginlegt lið Völsungur-Efling þátt í bikarkeppni BLÍ, Kjörísbikarnum, og komst í 8 liða úrslit. Eitt lið frá Eflingu tók þátt í öldungamóti BLÍ 2018 á Akureyri, BlakA. Liðið gerði sér lítið fyrir og vann 5. deildina með glæsibrag án þess að tapa leik og á því rétt á því að keppa í 4. deild nú í vor 2019.

Frá hausti hafa blakæfingar verið 2x í viku á Laugum, auglýst var eftir nýliðum í hópinn í haust og bættust nokkrir við sem er ánægjulegt. Samstarfi við Völsung var hætt en í staðinn farið í ákveðna uppbyggingu í blaki í samstarfi við Laugaskóla. Blakárið 2018-19 teflir Efling fram liði í 3. deild Íslandsmóts BLÍ með það að markmiði að efla blakáhugann hjá framhaldsskólanemendum sem er að skila sér, og má gera ráð fyrir að þetta fyrirkomulag haldi áfram. Auk Íslandsmótsins teflir Efling fram 1-2 liðum í flest þau hraðmót sem haldin eru hér á norðaustur horni landsins, en einnig héldu karlarnir eitt hraðmót í desember 2018 auk einmenningsmóts í blaki í lok desember. Þar mættu akkúrat 24 manns af báðum kynjum til þess að spila blandað blak og hafa gaman.

Af bogfiminni er það að fréttu að engar æfingar voru í íþróttahúsinu á Laugum árið 2018 vegna kostnaðar við húsaleigu en aðeins 2 æfðu reglulega. Bogfímiiðkendum bauðst í staðinn að æfa með Akureyringum í gamla bogfimisetrinu á Akureyri og voru farnar nokkrar ferðir þangað á æfingar. Í haust voru engar undirtektir með æfingar og hefur starfið legið niðri en vonandi koma þau tvífeld til leiks næsta haust. Þrír bogfímiiðkendur tóku þátt í mótum árið 2018 og skiluðu öll finum árangri. Tómas Gunnarsson hreppti 3. sætið á Íslandsmeistaramótinu innanhúss í opnum flokki og varð í 4. sæti bæði á RIG og Aurora open mótunum. Ásgeir Ingi Unnsteinsson vann til gullverðlauna í sínum flokki (U21) á Íslandsmótunum innan- og utanhúss, varð í 7. sæti á Aurora open og tók loks þátt á Norðurlandamóti ungmenna í haust þar sem hann hafnaði í 12. sæti. Guðný I Grímsdóttir vann til gullverðlauna á Íslandsmótinu innanhúss í sínum flokki (50+).

Guðný hefur verið dugleg að kynna bogfimi í héraðinu en alls var hún með 3 kynningar á bogfimi árið 2018 þar sem hún tók hóp í kynningu og kynnti bogfimina og deildina og svo tók hún eitt námskeið á vegum Þekkingarnets Þingeyinga og kynnti um leið deildina og fékk góðar undirtektir. Ásgeir Ingi Unnsteinsson er tilnefndur hér með sem bogfimaður ársins 2018 og á hann það svo sannarlega skilið ef tekið mið af árangri hans árið 2018, ungur og efnilegur

maður hér á ferð.

Golfvöllurinn við Reykjadalssá var eitthvað nýttur á árinu þó svo að engin formleg mót eða aðrir viðburðir hafi verið haldnir. Umsjón með vellinum hefur verið unnin í sjálfböðavinnu nefndarmanna en að öðrum ólöstuðum má þakka Konráði Erlendssyni sérstaklega fyrir að sjá um sláttinn.

Starf leikdeildar var öflugt sl. ár. Í lok október 2017 var Vala Fannell ráðin leikstjóri hjá Leikdeild Eflingar og í framhaldi af því var haldinn fundur til að kanna áhuga. Með hliðsjón af áhuga og samsetningu hópsins var ákveðið að setja upp verkið Stöngin inn! eftir Guðmund Ólafsson. Boðað var til fyrsta samlestrar undir stjórn leiknefndar í byrjun desember og Jaan Alavere var ráðinn tónlistarstjóri. Æfingar hófust með leikstjóra 10. Janúar 2018. Æfingar gengu vel og verkið var frumsýnt 23. febrúar. Sýningin fékk mikla aðsókn og hlaut góða dóma en alls sáu 1211 áhorfendur verkið á 16 sýningum. Þátttakendur (alls 41) voru eins og oft áður blanda af gamalreyndum leikurum, minna reyndum og þó nokkrum sem voru að stíga sín fyrstu skref á sviði. Leikarar voru 19 auk fimm manna hljómsveitar og þeirra fjölmörgu annarra sem komu að sýningunni með einum eða öðrum hætti. Gaman er að segja frá því að höfundi verksins, Guðmundi Ólafssyni og eiginkonu hans, Olgu Guðrúnu Árnadóttur var boðið norður á sýningu þann 10. mars. Leikdeildin þakkar Air connect, Aurora Guesthouse og Dalakofanum fyrir sem gerðu Leikdeildinni kleift að bjóða þeim í helgarferð norður. Að venju var leikdeildin í samstarfi við Kvenfélag Reykdæla, en kvenfélagskonur sáu um veitingasölu á sýningum.



Af öðrum verkefnum ársins hjá ungmennafélaginu má nefna Þorablót Umf. Eflingar sem fram fór þann 27. janúar 2018. Var blótið vel sótt og lék hljómsveitin Galiley fyrir dansi. Umhverfisnefnd Eflingar stóð að venju fyrir umhverfisdegi í upphafi sumars, þann 4. júní. Að venju var þátttakendum skipt upp og gengu meðfram vegum og tíndu rusl og enduðu daginn í grilli eftir gott dagsverk. Árið 2018 bar svo við að enginn hafði tök á því að halda 17. júní hátíðlegan og var því ekki haldið upp á daginn í sveitarfélaginu. Í október nýttum við tækifærið þegar danskennari kom á svæðið og buðum upp á ókeypis kvöldnámskeið í salsa-dansi. Ungmennafélagið endar árið alltaf með góðri samveru á Breiðumýri með félagsvist og var engin undantekning á þessu ári. Viljum við færa Geosea bestu þakkir fyrir vinningana fyrir félagsvistina.



Félagsstarfið var því nokkuð fjölbreytt á árinu og reksturinn í nokkru jafnvægi. Samningurinn um „Skjaldborg Eflingar“, sem samanstendur af fyrirtækjunum Sparisjóði S-Þingeyinga, Jarðböðunum við Mývatn og Framsýn – Stéttarfélagi, var endurnýjaður til þriggja ára árið 2017 og er mikilvægur stuðningur við það starf sem Umf. Efling reynir að bjóða íbúum sveitarfélagsins.

Stjórn Umf. Eflingar

Ungmennafélagið Einingin

Ungmennafélagið Einingin sér um þorablótið í Bárðardal sem haldið er árlega fyrsta laugardag í þorra og var mæting svipuð og venjulega. Þorablótið er stærsta fjáröflun félagsins. Þann 11. mars mættu tveir fulltrúar Einingarinnar á ársþing HSP í Ýdölum. Hópurinn Rassíðar rakettur var með frekar fáa hittings þetta árið en það stendur vonandi til bóta. Stubbabolti, sem eru fótboltaæfingar fyrir unga krakka, var einu sinni í viku á Einingarvelliðnum í sumar. Haldið var áfram framkvæmdum í skógarreit félagsins í Halldórsstaðaskógi, m.a. klippt frá gönguleiðum og greinar fjarlægðar. Haldið var upp á afmæli skógarreitsins sem varð 100 ára s.l. sumar. Hist var í skóginum 28. júní og haldin skógargleði með svipuðu sniði og hún var áður fyrr. Settar voru upp leikstöðvar og nammi feluleikur í skóginum og farið var í leiki fyrir börn á öllum aldri í skógarrrjóðrinu, meðal annars reiptog og skollablindu. Jónas Sigurðsson sagði frá sögu skógarreitsins og lesnar voru upp skemmtisögur. Að lokum var grillað og kaffi og með því á eftir. Þetta var skemmtileg stund og mæting góð. Jónas Sigurðsson mætti á formannafund á vegum HSP í okt. Einingin stóð fyrir leikfiminámskeiði með fimleikaívafi eftir skóla í salnum á Stórutjörnum haustið 2018 og tóku 13 krakkar þátt í því. Félagið sótti um styrk til Þingeyjarsveitar fyrir dýnukaupum og fékk 300.000 krónur. Nokkrir krakkar frá Einingunni æfðu íþróttir á Stórutjörnum og mættu á æfingar sem ungmennafélagið Bjarmi stendur fyrir. Þetta var körfubolti og leikjánaðmskeið. Einnig eru sóttar fótboltaæfingar til Akureyrar. Eins og áður eru ýmsar áætlanir um starf félagsins á árinu 2019. Meðal annars er stefnt á að halda áfram vinnu í Halldórsstaðaskógi við að hreinsa frá stígum og gönguleiðum og hvetja til hreyfingar barna sem og fólks á öllum aldri.

Sigurlína Tryggvadóttir, formaður





Ungmennafélagið Gaman og Alvora

Starf félagsins var í lágmarki á árinu. Þrettándagleðin var ekki haldin. Aðalfundur félagsins var haldinn í Ljósveitningabúð þann 12. júní 2018. Þar mættu aðeins 4 félagsmenn auk þriggja stjórnarmanna HSP þrátt fyrir að auglýst hafi verið í fundarboði að ræða ætti framtíð félagsins. Aðalfundur félagsins samþykkti að gera félagið óvirkt og fela HSP umsjón með félaginu og eignum þess. Iðkendur félaga sem eru óvirk hafa ekki keppnisrétt á mótum á vegum sambandsaðila ÍSÍ.

F.h. Gaman og Alvöru, Gunnhildur Hinriksdóttir frkv.stjóri HSP

Ungmennafélagið Geisli

Starfsemi Geisla var með minnsta móti á þessu ári, skipulagðar æfingar fyrir krakka voru ekki á árinu en krakkar í Geisla hafa æft knattspyrnu, sund, blak, og fleiri greinar með öðrum félögum á svæðinu. Blakæfingar fyrir eldri hafa verið haldnar yfir veturinn og er þó nokkur mæting á þær.

Geisli sendi lið í 4. deild karla í knattspyrnu og voru um 25 manna hópur sem tók þátt í því, þjálfari var Sinisa Pavlica. Árangur var alveg þokkalegur 2 sigrar og 2 jafntefli.

Árni G. Helgason, formaður

Ungmennafélag Langnesinga

Þjálfarar og æfingar

Hjá Ungmennafélaginu störfuðu alls þjálfarar á árinu 2018 í knattspyrnu og frjálsum íþróttum. Þessir þjálfarar eru Ásdís Hrönn Viðardóttir, Valgerður Sæmundsdóttir, Árni Sigurðsson, Margrét Eyrún Níelsdóttir, Max van Aanholt, Aron Ragnar Unnsteinsson og Erla Rós Ólafsdóttir

Fyrirkomulagið á æfingunum á vorönn 2018 var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Þá störfuðu 5 þjálfarar. Árni Sigurðsson, Margrét Eyrún Níelsdóttir og Max Van Aanholt sáu um frjálsar íþróttir. Árni sá einnig blak hjá eldri iðkendunum. Ásdís Hrönn Viðarsdóttir, Valgerður Sæmundsdóttir og Max Van Aanholt sáu um knattspyrnuæfingar..



Sumarið 2018 var einnig með svipuðu sniði og síðustu ár en þá starfaði aðeins einn þjálfari hjá félaginu Aron Ragnar Unnsteinsson. Hann sinnti bæði frjálsum íþróttum sem og knattspyrnuæfingum. Einnig var leikjaskóli rekin í tvær vikur fyrir allra yngstu iðkendum og sá Aron Ragnar um hann ásamt Oddnýju Sigríði Kristjánsdóttur

Aron Ragnar Unnsteinsson sá um alla þjálfun í frjálsum íþróttum og knattspyrnu haustönn 2018. Honum til aðstoðar á frjálsíþróttæfingum var Erla Rós Ólafsdóttir.

Árni Sigurðsson þjálfar blaklið fullorðinna sem spila undir merkjum UMFL. Mikill uppgangur er hjá þessum hópi. Um er að ræða bæði karla og kvennalið sem hafa verið mjög öflug í þátttöku í mótum síðustu ár. Virkileg lyftistöng fyrir okkar góða félag.

Keppnisferðir sem farið var í árið 2018.

Krakkarnir í 6. og 7. flokki fóru á nokkur knattspyrnumót á árinu en þar er markmiðið að hafa gaman, allir fá að vera með og fá viðurkenningu. Þátttaka foreldra var til sóma og skiptir gríðarlegu máli og er mjög hvetjandi bæði fyrir iðkendur sem og félagið. Mótin sem farið var á voru eftirfarandi; Stefnumót KA á Akureyri (bæði vor og haustmót), Fjarðarálsmótið á Reyðarfirði, Curimót á Húsavík. Króksmótið á Sauðárkróki og Smábæjarleikar á Blönduósi. Eins og sjá má þá hefur verið í nógu að snúast hjá þessum hópi hvað varðar knattspyrnuíðkun og þátttöku í mótum. Eitthvað var um samvinnu við Einherja en í flestum tilfellum voru liðin eingöngu skipuð okkar iðkendum. Krakkarnir stóðu sig frábærlega vel, bættu við sig með hverju mótinu og eflidust og styrktust.

Í frjálsum íþróttum var þó nokkuð um að krakkar frá UMFL færu að keppa og fóru þá með HSP hópnum eða á eigin vegum. Við eigum nokkuð marga efnilega krakka í frjálsum íþróttum sem fóru mörg hver á verðlaunapalla á árinu á hinum ýmsu mótum og eru þau algjörlega til fyrirmyndar jafnt innan vallar sem utan. UMFL átti fulltrúa á eftirfarandi mótum á árinu 2018. Stórmóti ÍR, Aprílmóti HSP, Sumarleikum, UFA móti, Laugamóti, Ásbyrgismóti Unglingalandsmóti UMFL, Meistaramóti 15 – 22 ára, Bikarkeppni FRÍ 12 – 15 ára, nóvembermóti HSP og jólamóti HSP. Einnig áttum við í UMFL þrjá fulltrúa á Smáþjóðaleikunum í Gautaborg. Einn íslandsmeistaratitill skilaði sér til UMFL en það var hún Erla Rós Ólafsdóttir sem varð Íslandsmeistari í spjótkafti á Meistaramóti Íslands 15 – 22 ára.

Hið árlega Ásbyrgismót var einnig haldið og áttum við marga og öfluga þátttakendur þar í öllum greinum. Fulltrúi UMFL í Ásbyrgisnefnd er Kristján Úlfarsson en einnig er Kristinn Lárusson til aðstoðar og ráðleggingar. UMFL styrkir þetta gamlagróna mót með peningaupphæð ár hvert. Einnig hefur UMFL borgað öll þáttökugjöld fyrir sína iðkendur á öllum íþróttamótum síðastliðin ár.

Ungmennafélagið á fulltrúa í stjórn og nokkrum nefndum á vegum HSP. Formaður HSP kemur frá UMFL Jónas Egilsson og er Sölvi Steinn Alfreðsson í varastjórn. Í knattspyrnunefnd HSP eigum við einn fulltrúa, Ásdís Hrönn Viðarsdóttir. Í unglingalandsmótsnefnd HSP sitja þær Dagbjört Aradóttir, Hrafngerður Elíasdóttir og Elfa Benediktsdóttir. Þessu fólki þakkar UMFL fyrir vel unnin störf.

Hvað varðar fjölda og fjölbreytni æfinga þá hefur það verið markmið stjórnar UMFL að hver iðkandi fái 2-3 æfingar í viku og geti átt möguleika á að stunda a.m.k. 2 íþróttagreinar. Stjórnin hefur reynt að passa það að hafa að lágmarki eina hópíþrótt og eina einstaklingsíþrótt í boði. Knattspyrna hefur í gegnum tíðina verið fjölmennasta íþróttagreinin hérna á Þórshöfn en einnig hafa frjálsar íþróttir verið vinsælar.

Önnur verkefni

Fjárafnanir hafa verið með hefðbundnu sniði þetta árið en voru þó heldur færri en oft áður. Farið var í söluferðir með wc pappír, eldhúsrúllur og rækjur og gekk það vel. Dósinar okkar eru alltaf hluti af okkar fjáröflunum.

Langaneshlaup UMFL var haldið sumardaginn fyrsta og var mjög góð þátttaka hjá ungum jafnt sem öldnu og gaf Samkaup ávexti eftir hlaup og MS gaf hleðslu. Allir fengu þáttökupening eftir hlaup og allt að kostnaðarlausu. Takk Samkaup og MS.

Innheimta æfingagjald var breytt árið 2016. Nú rukkar félagið fyrir hverja önn fyrir sig í staðinn fyrir mánaðarlega. Einnig er gott samstarf við grunnskólann en allar æfingar hjá yngri flokkum er á gæslutíma í skólanum þannig að allir iðkendur eru búnir með æfingar kl. 16 á daginn. Æfingar UMFL eru í samræmi við skóladagatali grunnskólans.

Aðalfundur fyrir árið 2017 var haldin 20. febrúar 2018 í Þórsvæði. Mæting var ágæt en á þeim fundi hætti öll stjórnin og inn voru kosnir 7 nýjir einstaklingar. Ásdís Hrönn Viðarsdóttir formaður, Almar Marinósson varaformaður, Halldóra J. Friðbergisdóttir gjaldkeri, Hrafngerður Ösp Elíasdóttir ritari, Stefán G. Benjamínsson meðstjórnandi, og varamenn eru Sigríður Harpa Jóhannesdóttir og Sara Stefánsdóttir.

Fyrir hönd UMFL fóru sjö einstaklingar fyrir félagið á Ársþing HSP sem haldið var í Ýdölum þann 11. mars 2018. Fyrir hönd UMFL fóru; Ásdís Hrönn Viðarsdóttir, Halldóra Friðbergisdóttir, Sigríður Harpa Jóhannesdóttir, Jódís Anna Jóhannesdóttir, Jónas Egilsson og Þorsteinn Ægir Egilsson.

Sveitarfélagið tók upp greiðslu á frístundastyrk á síðasta ári og getur endurgreiðslan numið allt að 30.000 krónum á ári fyrir iðkanda. Þessi styrkur hefur mælst vel til og hafa foreldrar tekið þessari nýbreytni fagnandi.

Gott og öflugt ungmennafélag skiptir afar miklu máli og þá sérstaklega í svona litlu samfélagi. Hér á Þórshöfn er rekið gott íþróttastarf sem við getum verið stolt af. Við eigum öfluga iðkendur sem standa sig vel á mótum og eru félaginu til sóma í hvívetna. Ekki skiptir minna máli þátttaka foreldra í starfinu en það er mikill styrkur fyrir félagið að hafa öflugt foreldrastarf. Velvild fyrirtækja og stuðningur við starfsemi félagsins er til eftirbreytni og skiptir afar miklu máli. Við í stjórninni erum þakklát öllu því góða fólki og öllum þeim fyrirtækjum sem lagt hafa félaginu lið. Með þetta öfluga bakland á starf UMFL eftir að blómstra í framtíðinni.

Ungmennafélagskveðjur

F/h stjórnar UMFL

Ásdís Hr. Viðarsdóttir

Almar Marinósson

Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir

Hrafngerður Ösp Elíasdóttir

Stefán G. Benjamínsson

Sara Stefánsdóttir

Sigríður Harpa Jóhannesdóttir

Ungmennafélagið Leifur heppni

Árið 2018 lá ungmennafélagið að mestu í dvala. Undanfarin ár og áratugi hafa íþróttæfingar að sumarlagi verið fastur punktur í lífi barna á svæðinu, því miður var þátttaka það dræm sumarið á undan, að stjórn ákvað að standa ekki fyrir íþróttæfingum í nú sumar. En það er von félagsins að þær verði teknar upp síðar. Undanfarin ár hefur Leifur heppni staðið eitt fyrir þessum íþróttæfingum, á svæði sem spannar einnig félagssvæði UMF Öxfirðinga og UMF Snartar, en þau félög eru óvirk síðastliðin ár.



Sex börn úr félaginu stunduðu vetraræfingar í frjálsum á Húsavík og tveir æfðu á Akureyri. Ásbyrgismót var hápunktur ársins, líkt og áður, en það var haldið dagana 13.-15.júlí. Var það þokkalega sótt af félögum í Leifi heppna. Fyrir mótið buðu Friðbjörn Bragi Hlynsson og Silja Rún Stefánsdóttir krökkum á aldrinum 6-16 ára upp á tvær íþróttæfingar.

Nokkrar umræður hafa verið um sameiningu ungmennafélaga á svæðinu við Öxarfjörð, þar sem það er eitt skólahverfi en tvö af þremur félögum eru óvirk, og það þriðja, Leifur heppni, er á barmi þess sökum fólksfæðar. Vísaði ungmennafélagið umræðunni til hverfisráða á svæðinu, með það í huga að skoða grundvöll sameiningar félaga.

Formannsskipti voru á árinu en í stjórn sitja núna Salbjörg Matthíasdóttir formaður, Guðríður Baldvinsdóttir gjaldkeri og Ágústa Ágústsdóttir ritari. Stjórn langar til að þakka fráfarandi formanni, Magneu Dröfn Hlynisdóttir, fyrir góð störf í gegnum árin.

Stjórn Umf. Leifs heppna

Heiðranir UMFÍ og ÍSÍ

Gullmerki UMFÍ

Héraðssamband Þingeyinga	Ártal
Sigfús Haraldur Bóasson	2014
Anna Sigrún Mikaelisdóttir	2014

Héraðssamband Suður-Þingeyinga	
Arnór Benónýsson	2006
Kristján Yngvason	1997
Óskar Ágústsson	1976

Starfsmerki UMFÍ

Héraðssamband Þingeyinga	Ártal
Guðrún Kristinsdóttir	2018
Kristján I Jóhannesson	2017
Arngeir Friðriksson	2016
Jóhanna S. Kristjánsdóttir	2015
Jón Þórir Óskarsson	2015
Magnús Þorvaldsson	2015
Freydís Anna Arngrímsdóttir	2014
Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir	2014
Björn Ingólfsson	2013
Birna Björnsdóttir	2012
Þóra Fríður Björnsdóttir	2011
Linda M. Baldursdóttir	2010
Hermann Aðalsteinsson	2010
Sölvi Steinn Alfreðsson	2009

Héraðssamband Suður-Þingeyinga	
Haraldur Bóasson	2008
Arnór Benónýsson	2006
Baldur Daníelsson	2006
Anna S. Mikaelisdóttir	2005
Pétur Yngvason	2000
Sigurður V. Sigmundsson	1992
Halla Loftsdóttir	1988
Völundur Hermóðsson	1988
Guðni Halldórsson	1987
Kristján Yngvason	1987
Freyr Bjarnason	1984
Svanhildur Hermannsdóttir	1984
Þormóður Ásvaldsson	1984
Þormóður Jónsson	1977
Vilhjálmur Pálsson	1977
Arngrímur Geirsson	1976
Arnaldur Mar Bjarnason	1975
Eysteinn Hallgrímsson	1973
Gunnlaugur Tr. Gunnarsson	1973
Þórður Jónsson	1973
Óskar Ágústsson	1971
Stefán Kristjánsson	1971

Ungmennasamband Norður-Þingeyinga

Aðalbjörn Gunnlaugsson	1986
Brynjar Halldórsson	1975

Heiðursorða ÍSÍ

Óskar Ágústsson	Ártal
	1970

Gullmerki ÍSÍ

Héraðssamband Þingeyinga	Ártal
Jóhanna S. Kristjánsdóttir	2015
Anna Rúna Mikaelisdóttir	2010
Arnór Benónýsson	2010
Héraðssamband Suður-Þingeyinga	
Halldór Bjarnason	1997
Magnús Þorvaldsson	1997
Vilhjálmur Pálsson	1984
Þormóður Ásvaldsson	1984
Jónas Geir Jónsson	1977
Gunnlaugur Jónsson	1974
Þormóður Jónsson	1974
Þórður Jónsson	1974
Sigurður P. Björnsson	án ártals
Óskar Ágústsson	1964

Silfurmerki ÍSÍ

Kolbrún Ívarsdóttir	2018
Baldvin Kristinn Baldvinsson	2018
Birna Davíðsdóttir	2017
Helen Jónsdóttir	2017
Elísabet Sigurðardóttir	2016
Hulda Skarphéðinsdóttir	2016
Torfhildur G. Sigurðardóttir	2015
Ágústa Pálsdóttir	2014
Fríðrika Björk Illugadóttir	2013
Stefán Jónasson	2012
Héraðssamband Suður-Þingeyinga	
Anna Sigrún Mikaelisdóttir	1997
Hanna Stefánsdóttir	1997
Ingólfur Freysson	1997
Jóna Matthíasdóttir	1997
Ævar Ákason	1997

Íþróttamaður HSP

Héraðssamband Þingeyinga

Ártal	Nafn	Félag
2017	Eypór Kári Ingólfsson	Einingin
2016	Thelma Dögg Tómasdóttir	Grani
2015	Jóhannes Friðrik Tómasson	Efling
2014	Kristbjörn Óskarsson	Völsungur
2013	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2012	Signý Stefánsdóttir	Mývetningur
2011	Hafdís Sigurðardóttir	Bjarmi
2010	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2009	Bjarni Þór Gunnarsson	Mývetningur

Héraðssamband Suður-Þingeyinga

Ártal	Nafn	Félag
2008	Hafdís Sigurðardóttir	Bjarmi
2007	Hafdís Sigurðardóttir	Bjarmi
2006	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2005	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2004	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2003	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2002	Pálmi Rafn Pálmason	Völsungur
2001	Hildigunnur Káradóttir	Mývetningur
2000	Inga Gerða Pétursdóttir	Mývetningur
1999	Sigurbjörg Hjartardóttir	Völsungur
1998	Arngeir Friðriksson	Efling
1997	Sigurbjörn Árni Arngrímsson	Mývetningur
1996	Arngeir Friðriksson	Efling
1995	Valgerður Jónsdóttir	Efling
1994	Gunnhildur Hinriksdóttir	Eilífur
1993	Sigurbjörn Árni Arngrímsson	Mývetningur
1992	Sigurbjörn Árni Arngrímsson	Mývetningur
1991	Margrét Hermannsdóttir	Magni
1990	Unnar Vilhjálmsson	Efling
1989	Ágústa Pálsdóttir	Einingin
1988	Jónas Óskarsson	Völsungur
1987	Ágústa Pálsdóttir	Einingin
1986	Kristján Olgeirsson	Völsungur
1985	Sólveig Árnadóttir	Efling
1984	Kristján Hjálmarsson	Völsungur
1983	Eypór Pétursson	Mývetningur
1982	Stefán Geir Jónsson	Völsungur
1981	Vignir Valtýsson	Bjarmi
1980	Ragna Erlingsdóttir	Bjarmi
1979	Björn Olgeirsson	Völsungur
1978	Bergþóra Benónýsdóttir	Efling
1977	Kristján Olgeirsson	Völsungur
1976	Ingi Yngvason	Mývetningur
1975	Ingi Yngvason	Mývetningur

Hvatningarverðlaun og íþróttamenn ársins 2018

Hvatningarverðlaun í frjálsíþróttum

Erla Rós Ólafsdóttir kemur frá Þórshöfn og er mikill spjótkastari. Henni hefur gengið vel í þeirri grein frá því hún fyrst fór að æfa hana. Árin 2016, 2017 og 2018 hefur Erla verið Íslandsmeistari í spjótkaсти á nánast öllum mótum sem hún hefur keppt á.

Á Akureyrarmóti UFA í júlí kastaði Erla 400 gr. Spjóti 39,14m og var í 1. Sæti. Á þessu sama móti kastaði hún einnig 600 gr. Spjóti 37, 30m og varð í 2. Sæti. Á Unglingalandsmóti UMFÍ kastaði hún 400 gr. Spjóti 40. 35m og varð unglíngalandsmótsmeistari þriðja árið í röð. Á sumarleikum HSP í ágúst kastaði hún 400 gr. Spjóti 39. 78m og varð í 1. Sæti en hún kastaði líka 500 gr. Spjóti og kastaði því 34,25m og varð líka í 1. Sæti þar. Erla tók þátt í Bikarkeppni FRÍ og voru nokkrar HSP stúlkur sem voru í sameiginlegu liði með UFA. Þar kastaði Erla 400 gr. Spjóti 40, 98m og varð í 1.sæti. Á MÍ 15-22 ára í ágúst kastaði Erla 400 gr. Spjóti 38, 65m og varð í 1. Sæti.

Síðustu 2 ár hefur Erla farið á Gautaborgarleikana Svíþjóð og náð góðum árangri. Árið 2017 varð hún í 3. sæti og kastaði 500 gr. Spjóti 36, 58m. Árið 2018 varð hún í 8. sæti og kastaði 500 gr. spjótinu 38,47m.

Erla er metnaðargjörn og ákveðin í að standa sig vel í þessari grein. Hún æfir mikið sjálf þar sem frjálsíþróttæfingar á Þórshöfn hafa ekki verið margar upp á síðkastið og aðstaðan fyrir spjótkaستæfingar ekki eins og best verður á kosið. Hún hefur sótt æfingar til Reykjavíkur fyrir utan þær æfingar sem hún hefur haft innan síns félags.



Blakmaður HSP

Þórunn Harðardóttir – Völsungur

Þórunn hefur spilað blak með Völsungi í 11 ár. Hún er fyrirliði Meistaraflokks Völsungs sem spilar í Úrvalsdeild Íslandsmótsins þriðja árið í röð þar sem gengi liðsins hefur tekið jöfnum og öruggum framförum og er liðið nú í 3 sæti úrvaldeildarinnar þegar tímabilið 2018-19 er hálfnað. Þórunn er mjög öflugur leikmaður sem leggur sig ávallt 100% fram bæði á æfingum og í keppni. Hún er jákvæð, hjálpsöm og yfirveguð og er frábær fyrirmynd yngri leikmanna sem eru að stíga sín fyrstu skref í meistaraflokki.

Bocciamaður HSP

Ásgrímur Sigurðsson – Völsungur

Ásgrímur er öflugur bocciaspilari, hann hefur æft og spilað með Völsungi til fjölda ára. Dugnaður, ástundun og áhugi með einsdæmum, en öll árin hefur hann mætt nánast á allar æfingar þó hann þurfi að sækja æfingar um 150 km leið.


Árið 2018 var Ásgrími gott „Bocciaár“ eins og mörg undanfarin ár og keppti hann á öllum mótum ársins, á Íslandsmótum bæði í einstaklings og liðakeppni, keppti hann í 1. deild, þá keppti hann á Hængsmóttinu á Akureyri. Á flestum þessum mótum komst hann í úrslit þó ekki ynni hann til verðlauna. Ásgrímur var sveitinni sem vann Opna Húsavíkurmótið og titilinn „Húsavíkurmeistarar í boccia“. Glæsilegur árangur hjá Ásgrími.



Bogfimimaður HSP

Ásgeir Ingi Unnsteinsson – Umf. Efling

Ásgeir Ingi er tilnefndur sem bogfimimaður ársins 2018 og á hann það svo sannarlega skilið ef tekið er mið af árangri hans árið 2018, ungur og efnilegur maður hér á ferð. Ásgeir nýtti sér vel þær æfingar og aðstöðu sem buðust með Akureyringum árið 2018 og náði góðum árangri í kjölfarið. Ásgeir Ingi Unnsteinsson vann til gullverðlauna í sínum flokki (U21) á Íslandsmótunum bæði innan- og utanhúss, varð í 7. sæti á Aurora open og tók loks þátt á Norðurlandamóti ungmenna í haust þar sem hann hafnaði í 12. sæti.



Frjálsíþróttamaður HSP

Halldór Tumi Ólason – Völsungur

Halldór Tumi eða Tumi eins og hann er oftast kallaður hefur æft frjálsar í þó nokkurn tíma. Hans aðal greinar eru 100m, 200m og langstökk. Hann sinnir æfingum af miklu kappi og hefur það verið að skila sér í miklum framförum á síðasta ári, þrátt fyrir að hafa glímt við smá meiðsli.

Helsti árangur Halldórs Tuma á árinu 2018 var eftirfarandi:

Á UFA móti í apríl varð Tumi í 3. sæti í langstökki og stökk 5,84 m. Á Gautaborgarleikunum í byrjun júlí var hann með persónulega bætingu í 200m og hljóp á 24,68 sek og vann sinn riðil. Á unglingslandsmótinu í ágúst varð hann í 8. sæti í 100m og hljóp á 12,48 sek og í 4.sæti í langstökki með stökk upp á 5,90 m. Á minningarmóti Ólivers á Akureyri varð hann í 1.sæti í langstökki með stökk upp á 6,33 m sem var persónuleg bæting en líka fjórða besta stökk á landinu í 16-17 ára flokki sem er mjög góður árangur. Hann keppti líka í 60m hlaupi þar sem hann var með persónulega bætingu og hljóp á 7,63 sek og lenti í 4. sæti. Síðasta mót ársins var svo Silfurleikar ÍR þar sem hann var með tvær persónulegar bætingar. Hann varð í 3. sæti í þristökki með stökk upp á 12,30 m og í 6. sæti í 200m þar sem hann hljóp á 24,10 sek.

Glímumaður HSP

Einar Eyþórsson – Mývetningur

Einar Eyþórsson er valinn glímumaður HSP 2018. Á árinu 2018 keppti Einar á eftirtöldum mótum með góðum árangri:

Bikarglíma Íslands: Bikarmeistari í -90 kg flokki, 3. sæti í opnum flokki
3. umferð í meistaramótaröðinni 2017-2018: 2. sæti í +90 kg, 3. sæti í opnum flokki
Meistaramótaröð 2017-2018 – úrslit: 2. sæti í +90 kg og 2. sæti í opnum flokki
Íslandsglíman: Grettisbeltið: 2. sæti
Fegurðarverðlaun á Íslandsglímunni: 1. sæti
Íslandsmeistaramótið í backhold: 6.-9. sæti í +90 kg og 3. sæti í opnum flokki
Erlendar keppnir, Cowal hálandaleikarnir: 2. sætið í opnum flokki í Backhold og 2. sætið í undir 15 steinum í Backhold.




Hestaíþróttamaður HSP

Þórarinn Ragnarsson – Hestamannafélagið Snæfaxi

Þórarinn Ragnarsson er fæddur og uppalinn á Gunnarsstöðum í Pistilfirði árið 1989 og er menntaður reiðkennari frá Háskólanum á Hólum. Hann rekur hrossaræktarþúfið Vesturkot ásamt unnustu sinni. Hann hefur verið að keppa í mörg ár með góðum árangri. Afrek Þórarins í hestaíþróttum árið 2018 var eftirfarandi:

Meistaradeildin í hestaíþróttum: 2. sæti í fimmgangi, 5. sæti í flugskeiði, 5. sæti í 150m skeiði, 7. sæti í tölti. Reykjavíkurmestaramót: 6. sæti í tölti, 7.-8. sæti í fimmgangi. Opna íþróttamót Sleipnis: 4. sæti í fjórgangi. Landsmót hestamanna: 6. sæti í tölti. Íslandsmót: 2. sæti í fimmgangi, 5. sæti í fjórgangi, 7. sæti í tölti. Þá vann hann uppsveitadeildina með yfirburðum og eins 150m skeið á skeiðleikum.

Eftir árið 2018 er Þórarinn þriðji á Worldranking listanum í fimmgangi og efstur allra Íslendinga. Einnig sýndi Þórarinn nokkur kynbótahross árið 2018 með góðum árangri.





Knattspyrnumaður HSP

Bjarki Baldvinsson – Völsungur

Meistaraflokkur karla náði góðum árangri í sumar er liðið hafnaði í fjórða sæti með 40 stig og voru í toppbaráttunni frá upphafi til enda. Bjarki Baldvinsson var fyrirliði liðsins og fór fyrir sínu liði með góðri spilamennsku. Lagði upp mörk fyrir félagi sína ásamt því að skora 5 sjálfur í 23 leikjum sínum í deild og bikarkeppni. Bjarki vakti ekki bara athygli hjá Völsungum og stuðningsfólki því hann var valinn í lið ársins á Fotbolti.net, þar sem fyrirliðar og þjálfarar sjá um kosningu.

Bjarki er leiðtogi innan og utan vallar og leggur mikið á sig til að bæta stöðugt leik sinn og lyfta þannig liði sínu á næsta stig. Góð fyrirmynd fyrir yngri leikmenn sem vilja bæta sig og ná lengra.

Skákmaður HSP

Tómas Veigar Sigurðarson – Skákfélagið Huginn

Tómas Veigar Sigurðarson er skákmaður HSP 2018. Tómas Veigar vann sigur á skákþingi félagsins í febrúar, eftir að hafa unnið undanriðilinn með öruggum hætti. Hann varð efstur félagsmenna á Skákþingi Norðlendinga 2018 og stóð sig afar vel á Íslandsmótinu 2018-19 fyrir hönd félagsins. Það fer því vel á því að Tómas sé skákmaður HSP, en þetta er annað árið í röð sem Tómas Veigar er valinn sem skákmaður HSP.



Skotíþróttamaður HSP

Kristján R. Arnarson – Skotfélag Húsavíkur

Kristján tók þátt í nokkrum mótum á árinu með ágætum árangri. Hann er m.a. Húsavíkurmeistari í BR50 og náði einnig góðum árangri á mótum á Akureyri. Eftirfarandi er árangur hans yfir árið: Húsavíkurmeistari í BR50.

1 sæti í BR50 móti í mars, 3 sæti VFS mót í mars

8 sæti grúppumót

3 sæti 100 mtr VFS mót 16.5, 4 sæti 200 mtr VFS mót 16.5

1 sæti Akureyri sumarmót BR50

5 sæti Akureyri hreindýramót, Best á skor á 200mtr.

6 sæti Akureyri breyttur rifflar páskamót, 4 sæti Akureyri óbreyttir rifflar páskamót

6 sæti Akureyri þrístöðumót veiðirifflar

1 sæti Akureyri VFS mót 30.12

Lög Héraðssambands Þingeyinga

1. grein Sambandið heitir Héraðssamband Þingeyinga, skammstafað HSP.
2. grein Tilgangur sambandsins er að efla samhug og samvinnu æskulýðsins í Þingeyjarsýslum og stuðla að fjölbreyttu íþrótt- og félagsmálastarfi aðildarfélaganna og vera málssvari félaganna út á við. HSP skal starfa samkvæmt lögum ÍSÍ og UMFÍ.
3. grein Sambandssvæðið nær yfir sveitarfélögin frá Langanesbyggð í austri til Grýtubakkahrepps í vestri. Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll Ungmenna- og Íþróttafélög á sambandssvæðinu, sem hafa lög sín í samræmi við stefnuskrá UMFÍ og ÍSÍ.
4. grein Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn þess skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, stjórn og félagatal. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki ársþings sambandsins, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaraðild til næsta ársþings. Innganga nýs aðildarfélags er einnig háð samþykki ÍSÍ á lögum viðkomandi félags.
5. grein Vilji félag ganga úr sambandinu telst úrsögn því aðeins lögmaet að samþykkt hafi verið á löglegum aðalfundi viðkomandi félags, og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSP, sem síðan tilkynnir hana á ársþingi. Eigi getur félag sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fjármunum sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Ekki er skylt að taka úrsögn viðkomandi félags gilda nema félagið sé skuldaust við sambandið.
6. grein Skylt er hverju félagi að greiða til sambandsins tillag fyrir hvern skattskylda félagsmann, 16 ára og eldri, og ákveður ársþing upphæð þess hverju sinni. Gjaldlagi er 1. desember og skal aðildarfélögum gefinn kostur á að uppfæra félaga-töl fyrir þann tíma. Nú gerir félag engin skil til sambandsins þrjú ár samfelld. Hefur þá ársþing heimild til að vísa því félagi úr sambandinu, enda skal stjórnin hafa aðvarað það.
7. grein Ársþing skal haldið fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Skal stjórnin boða til þess bréflega með minnst tveggja mánaða fyrirvara. Tillögur um lagabreytingar skal senda stjórninni eigi síðar en fjórum vikum fyrir ársþing og skulu þær kynntar aðildarfélögunum með þingboði. Hvert félag hefur að lágmarki rétt til að senda á ársþing 1 fulltrúa og að hámarki 9 fulltrúa. Hvert félag hefur rétt á einum fulltrúa fyrir hverja 30 skattskylda félaga. Hafi félag 15 eða fleiri þar umfram skal það hafa rétt til fulltrúa fyrir þá. Lögmaett er ársþing þegar mættir eru fulltrúar frá 3/5 virkra aðildarfélaganna, skv. skráningu í Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ. Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert og hafa þeir fulltrúar jafnan rétt og aðrir fulltrúar þingsins. Fulltrúar skulu leggja fram kjörbréf frá viðkomandi félagi / ráði. Eigi má fulltrúi á ársþingi fara með nema eitt atkvæði. Allir félagar innan UMFÍ og ÍSÍ hafa málfrelsi og tillögurétt á ársþingi, en kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt.
8. grein Ársþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og afgreiðir fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Þingið kys 7 menn í stjórn sambandsins: Formaður skal kosinn árlega, en þrír meðstjórnendur annað hvert ár. Einnig skal kjósa þrjá varamenn til tveggja ára. Skal einn kosinn annað árið og tveir hitt. Varamönnum skal raða í númeraröð og taka þeir sæti samkvæmt henni. Einnig skal kjósa 2 skoðunarmenn árlega og varamann þeirra. Stjórn sambandsins skiptir sjálf með sér verkum og kys sér varaformann, ritara og gjaldkera. Hver stjórnarmaður getur, að loknu kjörtímabili, skorast undan endurkosningu til jafn langs tíma. Þá skal þingið kjósa í allar aðrar trúnaðarstöður sambandsins sem kosið er í til eins árs í senn. Kosningar skulu bundnar við uppástungur, nema ársþing ákveði annað.
9. grein Stjórn sambandsins annast framkvæmd allra sambandsmála eftir ákvörðunum ársþinga og ákvæðum laga þessara. Hún annast innheimtu sambandsgjalda, tekur á móti því fé sem sambandinu áskotnast, varðveitir það og ávaxtar. Á hverju ársþingi gerir stjórnin grein fyrir störfum sínum á liðnu ári, leggur fram endurskoðaða reikninga um tekjur og gjöld sambandsins og tillögu til fjárhagsáætlunar. Reikningsár er almanaksárið. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til UMFÍ og ÍSÍ samkvæmt lögum þeirra.
10. grein Aukaping skal halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningarfrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.
11. grein Heimilt er stjórn sambandsins að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn. Einnig er stjórninni heimilt að ráða starfsmann á launum til sambandsins um lengri eða skemmri tíma og semja við hann um kaup og kjör. Skylt er stjórninni að gera skriflegan samning í hvert sinn sem slík ráðning fer fram.
12. grein Heimilt er að kjósa heiðursfélag HSP og veita aðrar heiðursviðurkenningar. Stjórn sambandsins setur reglur þar um sem ársþing staðfestir.
13. grein Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á þingi og verði atkvæði jöfn er málið fallið. Ef tveir eða fleiri hljóta jafn mörg atkvæði til að ná kosningu skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti. Lögum verður ekki breytt nema með samþykki 2/3 greiddra atkvæða.
14. grein Stjórn HSP skal styðjast við eftirfarandi dagskrá á ársþingi:
 1. Þingið sett
 2. Starfsmenn þingsins kosnir
 - a) Forsetar
 - b) Ritarar

3. Kjörbréfanefnd kosin
 4. Skýrsla stjórnar og reikningar sambandsins kynntir
 5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
 - a) HSP
 - b) Afreksmannasjóður
 - c) Aksturssjóður
 - d) Fræðslusjóður
 6. Álit kjörbréfanefndar
 7. Skýrsla og reikningar borin undir atkvæði.
 8. Ávörp gesta
 9. Matarhlé
 10. Mál lögð fyrir þingið-umræður
 11. Skipan í starfsnefndir-nefndarstörf
 - a) Allsherjarnefnd
 - b) Íþróttanefnd
 - c) Fjárhagsnefnd
 - d) Laganefnd
 12. Kaffihlé íþróttamenn HSP verðlaunaafhending
 13. Afgreiðsla mála
 14. Kosningar
 - a) Formaður
 - b) Aðalmenn í stjórn
 - c) Varamenn í stjórn
 - d) Skoðunarmenn
 - e) Fulltrúi á íþróttþing ÍSí
 15. Önnur mál
 16. Þingslit
15. grein Lög þessi öðlast þegar gildi og eru með þeim úr gildi númer eldri lög sambandsins. Þannig samþykkt á ársþingi HSP haldið á Laugum í Reykjadal 23. mars 2014.

Reglugerð um aksturssjóð HSP

1. grein Sjóðurinn heitir Aksturssjóður HSP.
2. grein Tilgangur sjóðsins er að taka þátt í ferðakostnaði vegna þátttöku barna og unglinga, 18 ára og yngri, á félagssvæði HSP í skipulögðum íþróttæfingum og/eða skipulögðu félags- og æskulýðsstarfi, á vegum aðildarfélaga HSP.
Félagssvæði HSP er stórt, dreifbýlt og vegalengdirnar tiltölulega miklar þegar horft er til heildarinnar og aðstæðna. Með sjóðnum er leitast við að gefa börnum og unglingum innan HSP aukin tækifæri til æfinga og þátttöku í skipulögðu félags- og æskulýðsstarfi. Um leið er stutt við skipulagt starf virkra aðildarfélaga HSP í héraði og jafnframt hvatt til aukins samstarfs milli aðildarfélaga HSP þar sem það á við.
3. grein* Eingöngu félagar innan aðildarfélaga HSP geta sótt um styrki úr sjóðnum. Umsækjendur geta verið foreldrar/forráðamenn, hópur foreldra eða aðildarfélög HSP. Til að umsókn geti farið fyrir aksturssjóð HSP þarf akstur á æfingastað að vera umfram 35 km hvora leið. Leitast skal við að sameina í bíla eins og kostur er. Ekki er gert ráð fyrir styrkjum vegna sérstakra æfingabúða utan héraðs.
4. grein Stjórn sjóðsins annast alla úthlutun úr sjóðnum. Hún er skipuð þremur mönnum sem kosnir eru á ársþingi HSP til þriggja ára, sitt árið hver. Stjórnin skiptir með sér verkum. Þá skal á hverju ársþingi HSP kjósa einn varamann sem stjórninni er heimilt að kalla til ef fjallað er um mál sem tengjast einhverjum stjórnarmönnum persónulega. Skal þá sá stjórnarmaður víkja fundi.
5. grein Vörslu sjóðsins og reikningshald annast gjaldkeri HSP.
6. grein Tekjur Aksturssjóðs eru:
 - a) 2,5% af óskiptum lottótekjum HSP
 - b) Tekjur frá Íslenskum getraunum*
 - c) Frjáls framlög og söfnunarfé
 - d) Vaxtatekjur
7. grein Stjórn sjóðsins setur nánari úthlutunarviðmið en gengið er út frá ákveðnum einingatölum fyrir hvern ekinn kílómetra.
8. grein Hægt verður að sækja um styrk frá sjóðnum vegna ferðakostnaðar og verður umsóknarferli auglýst 3 sinnum á ári. Umsóknir eiga að berast á þar til gerðum eyðublöðum sem aðgengileg verða á vef HSP.

Samþykkt á Ársþingi HSP í Stórutjarnaskóla 12. mars 2017 og var þá fyrri reglugerð jafnframt felld úr gildi.

*Breytingar voru samþykktar á 10. Ársþingi HSP í Ýdölum 11. mars 2018 þar sem viðmiðunarvegalengd var lækkuð úr 40 km í 3. grein, og tekjuliður í 6. grein b) liðar var leiðréttur.

Afreksmannasjóður HSP

Reglugerð sjóðsins:

1. grein Sjóðurinn heitir Afreksmannasjóður HSP og er stofnaður á ársþingi HSP 10. apríl 1994.*
2. grein Tilgangur sjóðsins er að styrkja afreksfólk, einstaklinga eða hópa innan HSP sem náð hafa framúrskarandi árangri í íþrótt sinni.
3. grein Eingöngu félagar innan aðildarfélaga HSP geta sótt um styrki úr sjóðnum.
4. grein Stjórn sjóðsins annast alla úthlutun úr sjóðnum. Hún er skipuð þremur mönnum sem kosnir eru á ársþingi HSP til þriggja ára, sitt árið hver. Stjórnin skiptir með sér verkum. Þá skal á hverju ársþingi HSP kjósa einn varamann sem stjórninni er heimilt að kalla til ef fjallað er um mál sem tengjast einhverjum stjórnarmönnum persónulega. Skal þá sá stjórnarmaður víkja fundi.
5. grein Vörslu sjóðsins og reikningshald annast gjaldkeri HSP.
6. grein Tekjur sjóðsins eru:
 - a) 2,5% af óskiptum lottótekjum HSP.
 - b) Frjáls framlög og söfnunarfé.
 - c) Vaxtatekjur.
7. grein Um styrkveitingar:
 - 1) Veita má styrk úr sjóðnum án umsóknar vegna mjög góðrar frammistöðu í eftirtöldum alþjóðamótum:
 - a) Heimsmeistaramótum
 - b) Evrópumeistaramótum
 - c) Norðurlandameistaramótum
 - d) Ólympíuleikum
 - 2) Heimilt er að veita styrk úr sjóðnum ef viðkomandi hefur verið valinn í landslið.
 - 3) Ennfremur er heimilt að veita styrk til þeirra sem standa framarlega í sinni grein miðað við styrkleikaflokkun sérsambanda (sé hún til).
 - 4) Einnig getur sjóðsstjórn veitt styrki til einstaklinga eða hópa þó ekki liggi fyrir skrifleg umsókn viðkomandi, telji hún það samrýmast reglum sjóðsins.
8. grein Styrkupp hæðir taka mið af fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.
9. grein Til að hljóta styrk geta íþróttamenn aðrir en um getur í 7. grein sótt skriflega um til sjóðsstjórnar. Í umsókn skal gera grein fyrir ástæðum hennar og þurfa umsóknir að vera undirritaðar af formanni viðkomandi aðildarfélags. Umsóknir og úthlutanir úr sjóðnum geta farið fram á hvaða árstíma sem er.*

*Breytingar samþykktar á Ársþingi HSP haldið í Stórutjarnaskóla 12. mars 2017

Reglugerð fræðslusjóðs HSP

1. grein Sjóðurinn heitir Fræðslusjóður HSP og er stofnaður á framhaldsstofnþingi HSP, 2. apríl 2005, með stofnframlagi kr. 150.000.- sem kemur úr aðalsjóði HSP. Verði afgangur á rekstrarári af framlagi HSP rennur hann aftur til aðalsjóðs.
2. grein Tilgangur sjóðsins er að auka menntun og þekkingu félaga innan HSP á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi, með því að sækja námskeið, fundi og ráðstefnur ef stjórn sambandsins álitur það íþrótt- og félagslífi í héraði til framdráttar.
3. grein Aðalstjórn HSP sér um úthlutanir úr sjóðnum.
4. grein Vörslu sjóðsins og reiknishald annast gjaldkeri/starfsmaður HSP.
5. grein Tekjur sjóðsins eru: a. Ársþing HSP ákveði framlag til sjóðsins ár hvert að lágmarki kr. 120.000.- b. Frjáls framlög og söfnunarfé. c. Vaxtatekjur.
6. grein Öll aðildarfélög innan HSP og félagsmenn þeirra eiga rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. a. Styrkupp hæðir taka mið af fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni. b. Úthlutun úr sjóðnum fer fram 3 sinnum á ári. Umsóknir þurfa að berast fyrir 15. apríl, 15. ágúst og 15. desember til skrifstofu HSP, undirritaðar af formanni viðkomandi aðildarfélags. c. Styrkupp hæð getur numið allt að hálfu námskeiðsgjaldi hverju sinni. d. Aðrar úthlutanir fara eftir ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Samþykkt á 3. ársþingi HSP í Sólvangi 13. mars 2010.

Fréttapunktur frá ÍSÍ 2018

Formannafundur 2018

Formannafundur ÍSÍ var haldinn þann 16. nóvember í Laugardalshöllinni. Auk hefðbundinnar dagskrár fundarins lagði framkvæmdastjórn ÍSÍ þrjú mál fyrir fundinn; #églika, persónuvernd (GDPR) og ýmis mál er varða starfsemi íþróttafélaga og lagaumhverfi hreyfingarinnar. Góðar umræður urðu á fundinum, meðal annars um þjóðarleikvanga, aðstöðumál sambandsaðila, skyldur sambandsaðila og fleiri hagsmunamál er brunnu á fundargestum.

Framtíðarskipulag íþróttamála

Á 73. Íþróttabingi ÍSÍ vorið 2017 var samþykkt að fela framkvæmdastjórn ÍSÍ að vinna að ráðstefnu um framtíðarskipulag íþróttamála með aðkomu ÍSÍ, UMFÍ, Samtökum íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneyti. ÍSÍ stóð fyrir slíkri ráðstefnu þann 16. nóvember 2018 í Laugardalshöll og til hennar var boðið stjórnnum og starfsfólki ÍSÍ og UMFÍ, fulltrúum frá sambandsaðilum ÍSÍ, ásamt Íþróttanefnd ríkisins, fulltrúum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Félagi í-þróttta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa. Fundarformið var blanda af þjóðfundi og borgarafundi. Fundarstjóri var Gunnar Jónatansson. Fundurinn tókst afar vel og var almenn ánægja með fyrirkomulagið. Framkvæmdastjórn ÍSÍ mun vinna frekar með afurðir fundarins í aðdraganda Íþróttabings ÍSÍ í maí 2019.

Heiðurshöll ÍSÍ

Á hófi Íþróttamanns ársins 2018, þann 29. desember, var Hreinn Halldórsson kúluvarpari útnefndur í Heiðurshöll ÍSÍ. Hreinn er átjándi einstaklingurinn sem ÍSÍ útnefni í höllina. Heiðurshöll ÍSÍ er á vefsíðu ÍSÍ og þar má finna umfjöllun um hvern og einn einstakling.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2018 voru 127 m.kr. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþróttafélaga á landsvísi hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna.

Fjármögnun sérsambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSÍ og hafa sérsamböndin fengið árlegt framlag síðan. Sem fyrr er lögð áhersla á að vinna að því að hvert sérsamband fái til framtíðar framlag til að standa undir nauðsynlegri þjónustu við sambandsaðila með rekstri eigin skrifstofu. Styrkurinn fyrir árið 2018 var 95 m.kr.

Úthlutun styrkja úr Afrekssjóði ÍSÍ

Í júlí 2016 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um stóraukið fé til Afrekssjóðs ÍSÍ. Framlagið mun hækka í áföngum úr 100 m.kr. í 400 m.kr. fram til ársins 2019 og er því um fjórföldun að ræða. Samningurinn er afar mikilvægur fyrir íþróttastarf í landinu enda um byltingu fyrir afreksíþróttir að ræða.

Miklar breytingar áttu sér stað hjá Afrekssjóði ÍSÍ á árinu 2018. Að loknu Íþróttabingi ÍSÍ 2017 var samþykkt ný reglugerð fyrir sjóðinn og hefur allt ferli í kringum styrkveitingar, kröfur og eftirfylgni tekið breytingum frá fyrri árum. Heilt yfir má segja að breytingarnar hafi gengið vel og fulltrúar sérsambanda ÍSÍ hafa tekið nýju vinnulagi fagnandi og farið í mikla vinnu við að skipuleggja enn frekar afreksstarf sérsambanda og unnið að því að uppfylla þær kröfur sem nýtt umhverfi afreksíþróttar felur í sér.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ festi ákveðinn ramma fyrir styrkveitingar sem kynntur var fyrir sérsamböndum og fól í sér upplýsingar um áherslur sjóðsstjórnar vegna ársins 2018. Samhliða því staðfesti stjórn sjóðsins flokkun sérsambanda í afreksflokk, en slíkt er ein forsenda þeirra möguleika sem hvert sérsamband hefur gagnvart úthlutunum og stillir jafnframt af þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi sérsambands.

Verkaskipting á milli stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ og stjórnar Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ hefur einnig tekið breytingum samhliða nýju fyrirkomulagi og hafa breytingarnar tekist vel. Með breytingunum hafa aðilar í stjórn sviðsins tekið að sér að vera í reglulegum samskiptum við sérsambönd og sett sig betur inni það starf sem á sér stað innan þeirra. Heilt yfir má segja að aukin samskipti, upplýsingastreymi og stefnumótun hafi einkennt þetta ár og var það ein af áherslum þeirra breytinga sem gerðar voru á Afrekssjóði ÍSÍ og afreksstarfi ÍSÍ og sérsambanda.

Heildarúthlutun ársins 2018 til sérsambanda ÍSÍ er kr. 349.300.000. Er það um 100 m.kr. hækkun frá árinu 2017, en endanlegar tölur vegna ársins 2017 voru 249.116.258. Á vefsíðu ÍSÍ og Afrekssjóðs ÍSÍ má sjá hvernig styrkveitingar skiptast á milli sérsambanda ÍSÍ. Þá hefur Afrekssjóður ÍSÍ gefið út skýrslu vegna ársins 2018 þar sem má finna fróðleik um starfsemi sjóðsins og áherslur.

Ólympísk verkefni

Á árinu 2018 sendi ÍSÍ þátttakendur í tvö ólympísk verkefni.

Vetrarólympíuleikarnir í PyeongChang í Suður-Kóreu fóru fram 9.-25. febrúar. Ísland átti fimm keppendur á leikunum, í alpagreinum og skíðagöngu.

Ólympíuleikar ungmenna í Buenos Aires í Argentínu fóru fram 6.-18. október. Ísland átti níu keppendur á leikunum, í fimleikum, frjálsíþróttum, golfi og sundi. Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir sigraði í 200m hlaupi og er það í fyrsta sinn sem að íslenskur keppandi vinnur til gullverðlauna á leikum á vegum Alþjóðáólympíunefndarinnar.

Íþróttaslysasjóður

Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSÍ geta sótt um endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna læknskostnaðar og kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþróttta- og ungmennafélaga innan ÍSÍ. Hlutfall endurgreiðslu er nú 80%.

Ólympíufjölskylda

Að Ólympíufjölskyldu ÍSÍ standa fyrirtækin Arion banki, Icelandair, Sjóvá, Toyota og Valitor. Stuðningur fyrirtækjanna er afar mikilvægur en fyrirtækin koma á ýmsan hátt að verkefnum ÍSÍ, bæði almenningsíþróttaverkefnum og afreksíþróttastarfi.

Vefsíða og samfélagsmiðlar ÍSÍ

Slóðin á vefsíðu ÍSÍ er www.isi.is og er þar að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSÍ og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, fréttu og tilkynningu um viðburði í hreyfingunni. ÍSÍ er einnig á Fésbók (Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands) og Instagram og Snapchat undir isieland. Á Vimeo-síðu ÍSÍ (<https://vimeo.com/user33366809>) er að finna efni frá ráðstefnum og fræðsluviðburðum og ÍSÍ gefur bæði út fréttablað á Issuu-síðu sinni (<https://issuu.com/ithrotta-ogolympiusambandislands>) og veffréttabréf sem dreift er með tölvupósti. Á myndasíðu ÍSÍ er að finna bæði nýjar og gamlar myndir úr starfi sambandsins og sambandsaðila (<http://myndir.isi.is/>).

Felix - Félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ

Felix er miðlægt tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ og heldur utan um íþróttatölvuendur á Íslandi og skráningu á aðalstjórnnum félaga og deilda ásamt þjálfurum þeirra. Íþróttafélög innan ÍSÍ og UMFÍ hafa beinan aðgang inn í kerfið í gegnum helstu vafra á markaðnum. Kerfið fá sambandsaðilar til notkunar endurgjaldslaust og nýtist það til að halda utan um daglega skráningu þátttakenda í íþróttastarfinu. Einnig er hægt að skrá og halda utan um námskeið og greiðslu á þau úr kerfinu sem og að senda greiðslur vegna félagsgjalda. Skila þarf starfsskýrslum árlega til ÍSÍ í gegnum Felix.

Innleiðing nýrra persónuverndarlaga

ÍSÍ og Advice Advania hafa í samvinnu útbúið leiðbeinandi innleiðingarpakka fyrir íþróttahreyfinguna vegna nýrra persónuverndarlaga, til að einfalda það verk sem hver sambandsaðili og íþróttafélag þarf að vinna og lágmarka kostnað íþróttahreyfingarinnar við verkefnið. Öll skjöl eru byggð á vinnu með ráðgjöf frá Advice Advania. Í innleiðingarpakkanum eru m.a. drög að útfylltri vinnsluskrá, úrbótaskrá, persónuverndarstefnu og gerð áhættumats í samvinnu við sambandsaðila, til að létta undir innleiðingu sambandsaðila á nýjum lögum um persónuvernd. Með pakkanum fylgja leiðbeiningar ásamt dæmum um hvernig fylla má út vinnsluskrá og önnur skjöl. Kynningar- og fræðslufundir hafa verið haldnir vegna innleiðingarinnar.

Forvarnardagur forseta Íslands

ÍSÍ kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardagsins sem haldinn er ár hvert að frumkvæði forseta Íslands en með aðkomu ÍSÍ, UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Forvarnardagurinn 2018 var haldinn þann 3. október.

Þróun og fræðsla

ÍSÍ hefur gefið út fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttabátttöku. Efnið má nálgast á vefsíðunni og í útprentuðum bæklingum á skrifstofunni. Á vefsíðunni er einnig að finna efni sem snýr að forvörnum, siðareglur, viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni, svo að eitthvað sé nefnt.

ÍSÍ stóð fyrir mörgum fræðsluviðburðum og ráðstefnum á árinu, meðal annars um snemmbæra afreksþjálfun barna og um tilgang íþróttamælinga. Einnig var ÍSÍ í samstarfi við aðra um fræðsluviðburði, svo sem ÍBR í tengslum við Reykjavíkurléikana (RIG) og HÍ og HR.

Vertu með!

ÍSÍ og UMFÍ hafa unnið saman að því að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi, bæði með útgáfu á bæklingi og úthlutun fimm styrkja til íþróttahéraða og íþróttafélaga til að standa fyrir verkefnum sem hvetja börn af erlendum uppruna til þátttöku í íþróttastarfi.

Bæklingurinn er gefinn út á sex tungumálum, þ.e. á íslensku, ensku, pólsku, tælensku, litháísku og filippseyksku og markhópur efnisins eru foreldrar barna og ungmenna af erlendum uppruna. Í bæklingnum er að finna hagnýtar upplýsingar um starfsemi í-þrótt- og ungmennafélaga landsins. Efnið má finna á vefsíðum ÍSÍ og UMFÍ.

Sýnum karakter

ÍSÍ og UMFÍ standa saman að verkefninu Sýnum karakter. Verkefnið er hugsað sem verkfæri fyrir þjálfara til að hlúa að og efla andlega og félagslega þætti hjá börnun og unglingum. Mikilvægi þjálfarans er sett í fókus og einblínt með nýstárlegum hætti á þann jákvæða ávinning sem hlýst af íþróttatölvuendun umfram þann líkamlega, s.s. áhugahvöt, félagsfærni, sjálfstraust, einbeitingu, leiðtoga-hæfni og markmiðasetningu. Heimasíða verkefnisins er www.synumkarakter.is, einnig má finna upplýsingar um verkefnið á fésbókarsíðu þess undir Sýnum karakter.

Þann 2. Nóvember 2018 var haldin ráðstefnan Sýnum karakter – Jákvæð íþróttamenning. Áherslan á ráðstefnunni var á félagslegar og sálrænar hliðar íþróttar og rætt var um leiðir til að byggja upp jákvæða menningu í íþróttastarfinu. Fyrirlesarar voru sjö talsins, bæði innlendir og erlendir. Uppselt var á ráðstefnunna en fyrirlestrana má sjá á Vimeo-síðu ÍSÍ.

Þjálfaramenntun

Þjálfaramenntun ÍSÍ fer fram í gegnum fjarnám. Fjarnám á 1. og 2. stigi hefur verið í boði þrisvar á ári, vorönn, sumarönn og haustönn. ÍSÍ sér um almenna hluta fræðslunnar, en sérhæfingin er í höndum sersambandanna.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og Fyrirmyndarhérað ÍSÍ

Fyrirmyndarfélag og fyrirmyndardeildir ÍSÍ eru í dag ríflega hundrað. Mörg félaganna eru stór deildaskipt félög og segja má að um þriðjungur íþróttatölvuendna iðki íþróttir innan fyrirmyndarfélaga ÍSÍ.

Á Íþróttapeingi ÍSÍ árið 2015 var samþykkt tillaga þess efnis að íþróttahéruð geta nú sótt um viðurkenningu til ÍSÍ fyrir fyrirmyndarstarf. Til að hljóta viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSÍ þarf að uppfylla ákveðnar kröfur til nokkurra aðalþátta í starfsemi íþróttahéraðsins.

Tvö íþróttahéruð hafa hlotið viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSÍ, þ.e. Ungmennasamband Eyjafjarðar (2017) og Ungmennasamband Skagafjarðar (2018).

Ólympíudagurinn

Alþjóðlegi Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim þann 23. júní ár hvert í tilefni af stofnun Alþjóðaólympíunefndarinnar. Markmiðið með deginum er að hreyfa, læra og uppgötva. ÍSÍ hefur fengið sérsambönd í lið með sér sem hafa boðið börnum að prófa ýmsar greinar í viðburðum tengdum Ólympíudeginum.

Almenningsíþróttir

Lífshlaupið fór fram í ellefta sinn 31. janúar - 20. febrúar. Þátttakendur voru um 16.000 að þessu sinni á 505 vinnustöðum í 1.628 liðum. Skráðir voru 166.284 hreyfidagar og 12.978.038 hreyfiminútur.

Hjólað í vinnuna fór fram í sextánda sinn 2. – 22. maí. Þátttakendur voru 4.243 talsins. Verkefnið hefur frá upphafi staðið myndarlega að því að efla hreyfingu og starfsanda á vinnustöðum ásamt því að stuðla að virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfsvænum og hagkvæmum samgöngumáta. Fjöldi fólks hjólar nú til og frá vinnu allt árið um kring.

Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ fór fram þann 2. júní um allt land. Um 10.000 þátttakendur voru í hlaupinu á 80 stöðum hér á landi og erlendis.

Göngum í skólann fór fram 5. september – 10. október. 75 skólar tóku þátt að þessu sinni og var það metþátttaka. Göngum í skólann er frábært verkefni fyrir grunnskóla til þess að bæta umferðaröryggi við skólana. Um leið og skólar hvetja nemendur til þess að ganga til og frá skóla þá minnkar umferðarþunginn við skóla.

Íþróttavika Evrópu fór fram 23. - 30. september og hófst með #BeActive deginum sem haldin var í Laugardalnum þar sem hinar ýmsu íþróttagreinar og hreyfing var til kynningar og prufu. Markmið íþróttavikunnar er að kynna íþróttir og hreyfingu fyrir almenningsi í Evrópu og er hún ætluð öllum óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Sérstök áhersla er lögð á að höfða til grasrótartarinnar og að hvetja Evrópubúa til að sameinast undir slagorðinu #BeActive með það að markmiði að fá sem flesta til þess að hreyfa sig oft og meira í sínu daglega lífi. Ýmis íþróttafélög buðu upp á fría prufutíma í íþróttavikunni. Þetta var í þriðja sinn sem íþróttavikan er haldin hér á landi en það var fyrst gert árið 2015.

Heilsuefning eldri aldurshópa

Eitt af áhersluatriðum Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ er íþróttastarf og hreyfing eldri borgara. Hjá ÍSÍ er að störfum nefnd um íþróttir 60+. Markmiðið með nefndinni er að efla íþróttastarf eldri borgara, vinna að fræðslumálum og standa fyrir átaksverkefnum eftir atvikum. Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að hreyfing bætir líkamlega og andlega líðan. Fólk sem hreyfir sig reglulega dregur ekki aðeins úr líkunum á ýmsum langvinnum sjúkdómum, s.s. hjarta- og æðasjúkdómum, krabbameini, sykursýki, stoðkerfisvanda og offitu heldur stóreykur það líkurnar á að lifa lengur sjálfstæðu, heilbrigðu og hamingjuríku lífi.

Lyfjaeftirlit Íslands

Í júní fór fram stofnfundur Lyfjaeftirlits Íslands, séreignarstofnunar ÍSÍ og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Með tilkomu Lyfjaeftirlits Íslands fluttist lyfjaeftirlit úr höndum ÍSÍ yfir á stofnunina. Lyfjaeftirlit Íslands skipuleggur og framkvæmir lyfjaeftirlit á Íslandi, og birtir og kynnir bannlista um efni þau sem óheimilt er að nota í íþróttum. Lyfjaeftirlit Íslands stendur fyrir fræðslu og forvörnum gegn lyfjamisnotkun og tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi í tengslum við baráttuna gegn lyfjamisnotkun í íþróttum. Stofnuninni er ætlað að hvetja til rannsókna sem tengjast starfi þess og markmiðum, vekja athygli á málaflokknum og taka þátt í umræðum um hann. Þetta mikilvæga skref gerir lyfjaeftirlit á Íslandi sjálfstætt, í samræmi við ályktanir Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC) og Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunarinnar (WADA).

Lyfjamál

Alls tók Lyfjaeftirlit Íslands 123 sýni á árinu 2018, þar af 66 sýni utan keppni eða um 54%. Lyfjapróf voru tekin í 15 íþróttagreinum og reyndust tvö sýni jákvæð á árinu. Auk þessara sýna tók lyfjaeftirlitið 18 sýni fyrir aðila utan vébanda ÍSÍ, þar með talið erlenda aðila. Lyfjaeftirlit Íslands stendur fyrir námskeiðum og fræðslu í tengslum við málaflokkinn. Frekari upplýsingar um lyfjaeftirlit er að finna á lyfjaeftirlitsvef ÍSÍ, <http://isi.is/lyfjaeftirlit/> og einnig á vefsíðu Lyfjaeftirlits Íslands, www.antidoping.is.

Starfsskýrslur ÍSÍ

Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslu til ÍSÍ í gegnum Felix á hverju ári fyrir 15. apríl.

Íþróttakonur og íþróttamenn sérsambanda ÍSÍ 2018

Þann 29. desember 2018 hélt ÍSÍ hóf sitt í Hörpu, þar sem val sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ á íþróttakonum og íþróttamönnum ársins 2018 var tilkynnt. Við sama tækifæri var kjöri Samtaka íþróttaféttamanna á Íþróttamanni ársins 2018 lýst.

Norræna skólahlaupið breyttist í Ólympíuhlaup ÍSÍ

Norræna skólahlaupið hefur farið fram í grunnskólum landsins óslitið frá árinu 1984 og lengstan hluta þess tíma verið í umsjón ÍSÍ. Á síðustu árum hefur Ísland verið eina þátttökupjóðin á Norðurlöndunum og nafn hlaupsins því ekki endurspeglar verkefnið. ÍSÍ ákvað því að breyta nafni hlaupsins og varð Ólympíuhlaup ÍSÍ ofan á. Verkefnið hefur nú fengið nýtt merki og viðurkenningaskjölín skarta nýju útliti. Þátttaka íslenskra grunnskólanemenda hefur verið mjög góð og almenn í gegnum árin en hefur náð nýjum hæðum á undanförunum árum. Með Ólympíuhlaupi ÍSÍ er eins og áður leitast við að hvetja nemendur skólanna til þess að hreyfa sig reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan.

Ólympíuhlaup ÍSÍ 2018 var sett í Hraunvallaskóla í Hafnarfirði þann 6. september. Um 800 nemendur skólans tóku þátt í setningu hlaupsins og gátu valið um að hlaupa 2,5 km, 5 km eða 10 km. Hlaupið er styrkt af verkefninu Íþróttavika Evrópu. Þrír skólar sem luku hlaupinu fyrir 1. október voru dregnir út og fengu verðlaun 100.000 króna inneign í Altis.

Siðareglur ÍSÍ

Í kjölfar #églika frásagna íþróttakvenna snemma á árinu 2018 var ákveðið að endurskoða siðareglur ÍSÍ, líkt og flest annað fræðsluefni ÍSÍ. Bryndís Valsdóttir siðfræðingur aðstoðaði ÍSÍ við endurskoðun á reglunum og haft var samráð við umboðsmann barna við gerð reglnanna. Siðareglurnar má finna á vefsíðu ÍSÍ undir Fræðsla.

Jafnréttismál

Innan íþróttahreyfingarinnar er mikilvægt að jafnréttis í sem víðustum skilningi sé gætt. ÍSÍ hefur nú í samstarfi við Jafnréttisstofu útbúið annars vegar „Leiðbeiningar um gerð jafnréttisáætlana“ og hins vegar „Jafnréttisáætlun fyrir íþróttafélög“. Jafnréttisáætlunina er öllum sambandsaðilum og íþróttafélögum innan ÍSÍ heimilt að nota, íþróttastarfinu til heilla og framfara. Skjölín má finna á vefsíðu ÍSÍ undir Fræðsla.

Heimsóknir til ÍSÍ

Á hverju ári fær ÍSÍ fjölmargar heimsóknir frá ýmsum alþjóðasamtökum á vettvangi íþróttar. Áhugi erlendra aðila á starfi og skipulagi íþróttahreyfingarinnar á Íslandi hefur stórkæmt á síðustu árum, í kjölfar góðs árangurs íslensks afreksíþróttafólks á alþjóðamótum.

Betra félag

ÍSÍ og UMFÍ standa saman að myndböndum í tengslum við verkefni sem kallast Betra félag. Á vefsíðu ÍSÍ má finna ýmsar upplýsingar er varða skipulagslega þætti íþróttafélags, sérsambands og héraðssambands, t.d. stofnun íþróttafélags, hlutverk stjórna, samskipti við fjölmiðla, hvernig á að skrifa fréttatilkynningu, halda blaðamannafund, gátlisti o.fl. Eitt það mikilvægasta við skipulag íþróttafélags, sérsambands og héraðssambands er að skrásetja söguna og vita hver tilgangur og hlutverk þeirra er.

Þjálfarastyrkir ÍSÍ

Þjálfarastyrkir ÍSÍ eru veittir íþróttþjálfurum sem sækja sér menntun erlendis í formi námskeiða eða ráðstefna og bæta þekkingu sína í þjálfun, sem mun nýtast íþróttahreyfingunni á Íslandi. Er upphæð hvers styrkjar að hámarki 100.000 krónur. Umsóknarferlið fer yfirleitt fram í september og október ár hvert.

Fréttapunktur frá UMFÍ 2018

LANDSMÓTIÐ Á SAUÐÁRKROKI OG LANDSMÓT UMFÍ 50+

Landsmótið var haldið í fyrsta sinn með gjörbreyttu sniði á Sauðárkróki 12. – 15. júlí. Samhliða mótinu fór fram Landsmót UMFÍ 50+ í áttunda sinn og Meistaramót í frjálsum íþróttum. Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) var móts-haldari ásamt sveitarfélaginu Skagafirði. Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ og framkvæmdastjóri móta UMFÍ, hélt sem fyrr um alla þræði Landsmótsins.

Landsmótið hófst fimmtudaginn 12. júlí og var það sett með pomp og prakt daginn eftir. Veðrið var ekki með besta móti við setninguna og rigndi nokkuð. Það létu Landsmótsgestir ekki á sig fá og fjölmenntu við setninguna. Þrýðilegt veður var svo alla helgina. Á Landsmótinu var boðið upp á keppni í um 40 greinum og fjölda viðburða, fyrirlestra um ýmsar hliðar lýðheilsu, tónleika og margt fleira. Fjölmargar nýjungar voru á Landsmótinu en keppt var m.a. í blaki og biathloni, sem er blanda af hlaupum og skotfimi og í ætt við skíðaskotfimi sem keppt er í á Vetrarólympíuleikum.

Á Landsmótinu voru tvær stórar kvöldskemmtanir laugardagskvöldið 14. júlí. Sú fyrri var veislu- og skemmtikvöld fyrir þátttakendur á Landsmóti UMFÍ 50+ í íþróttahúsinu á Sauðárkróki. Þar var slegið upp veislu úr skagfirsku hráefni og hélt síðan Geirmundur Valtýsson sveiflukóngur uppi fjörinu fram að miðnætti. Eftir það tók diskókóngurinn Páll Óskar Hjálmtýsson við og hélt hann stuðinu við langt inn í nóttina.

Landsmótið þótti takast mjög vel og náðust þau markmið sem sett voru með mótinu. Stjórn UMFÍ hefur ákveðið að halda ekki Landsmót á fjögurra til fimm ára fresti eins og tíðkast hefur heldur á tveggja ára fresti og verður samkvæmt því næsta Landsmót haldið sumarið 2020.

UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ Í ÞORLÁKSHÖFN

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina 2018, dagana 2.-5. ágúst. Þetta var 21. unglingalandsmót UMFÍ sem haldið hefur verið frá árinu 1992. Mótshaldarar voru Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK) og sveitarfélagið Ölfus.

Veðrið lék ekki beint við mótsgesti á fyrsta degi mótsins og var afraðið að fresta setningu þess fram á laugardag. Hugrekki þarf til slíks en ákvörðunin reyndist rétt því að setningin fór fram degi síðar í brakandi blíðu.

Rétt eins og á Landsmótinu var talsvert um nýjungar á Unglingalandsmótinu í Þorlákshöfn. Þar var byggður upp strand-blakvöllur, keppt í dorgveiði, strandhandbolta og sandkastalagerð auk kökuskreytingarkeppni sem keppt var í í fyrsta sinn á Egilsstöðum ári fyrr.

Við slit Unglingalandsmótsins var tilkynnt að UMSB hlyti Fyrirmyndarbikar UMFÍ. Fyrirmyndarbikarinn hlýtur sá sambandsaðili UMFÍ sem hefur sýnt framkomu til fyrirmyndar jafn innan sem utan keppni. Meðal annars er horf til inn-göngu keppnisliða og stuðningsfólks við setningu Unglingalandsmóts UMFÍ, framkoma liðsfélaga og fylgdarliðs, háttvísi öll og stemning fjölskyldna á tjaldsvæðinu. Mikil fagnaðarlæti brutust út í áhorfendaskaranum í Þorlákshöfn þegar Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, tilkynnti niðurstöðu nefndarinnar sem velur hver á bikarinn skilið. Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri UMSB, og félagar UMSB hlupu inn á völinn undir dynjandi lófataki og tóku við bikarnum.

HREYFIVIKA UMFÍ

Hreyfivika UMFÍ fór fram dagana 28 maí – 3. júní. Um 165 boðberar stóðu fyrir um 380 viðburðum á 55 þéttbýlisstöðum víða um land. Áætlað er að þátttakendur að þessu sinni hafi verið 38.000 talsins. Þetta var sjötta árið sem UMFÍ tók þátt í verkefninu. Hreyfivikan er hluti af evrópskri lýðheilsuherferð sem heitir Now We Move.

UMFÍ tók upp á þeirri nýbreytni að búa til Hreyfingó í tilefni af vikunni og var því dreift um allt land. Hreyfingóíð samanstendur af tólf hreyfitengdum verkefnum sem má framkvæma hvar og hvenær sem er.

UNG MENNA- OG TÓMSTUNDABÚÐIR UMFÍ

Aðsókn í Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ að Laugum í Sælingsdal hafa stóraukist. Miðað við bókaðar dvalir stefnir í að 2.100 nemendur verði þar fram að vori. Þetta er metfjöldi í búðunum. Nemendur frá mörgum nýjum skólum hafa bæst við, sem skýrir fjölgunina.

Að öllu óbreyttu mun starfsemi Ungmennabúðanna flytjast yfir á Laugarvatn á næsta skólaári. Ástæðan er sú að samningur UMFÍ við sveitarfélagið Dalabyggð um búðirnar rennur út í en í lok maí. Að auki eru byggirnar á Laugum, sem eru í söluferli, komnar til ára sinna og þarfnast mikils viðhalds. Mjög hentugt húsnæði er hins vegar í gamla íþróttakennaraháskólanum á Laugarvatni og stutt að fara í íþróttahús og aðra aðstöðu.

VERTU MED

Haustið 2018 kom út bæklingur sem hefur það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi. Markhópur efnisins er foreldrar barna og ungmenna af erlendum uppruna. Í bæklingnum er að finna hagnýtar upplýsingar um starfsemi íþrótt- og ungmennafélaga. Bæklingurinn er gefinn út á sex tungumálum, þ.e. á íslensku, ensku, pólsku, tælensku, litháísku og filippseysku. Efnið er samstarfsverkefni UMFÍ og ÍSÍ.

ÍSÍ og UMFÍ fóru samhliða þessu af stað með tilraunaverkefni þar sem fimm félög / íþróttahéruð fengu styrki til þess að vinna að aukinni þátttöku barna af erlendum uppruna í sinni heimabyggð. Í framhaldinu verða niðurstöðurnar nýttar til að finna fleiri leiðir til þess að auka þátttökuna og vekja athygli á málaflokknum.

VORFUNDUR UMFÍ

Vorfundur UMFÍ var haldinn á Sauðárkróki helgina 4. - 5. maí 2018. Á fundinn mættu fulltrúar sambandsaðila UMFÍ og starfsfólks. Fyrirkomulag Landsmótsins var kynnt á fundinum. Á laugardeginum fóru fundargestir um Sauðárkrók, skoðuðu bæinn, Landsmótssvæðið og tjaldstæðin ofan við bæinn.

SAMBANDSRÁÐSFUNDUR UMFÍ 2018

Tveir sambandsráðsfundir UMFÍ voru haldnir á árinu 2018. Sá fyrri var haldinn í Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar í janúar. Eina málið á dagskrá var umfjöllun um aðild íþróttabandalaga að UMFÍ. Á fundinum fór Þórir Haraldsson yfir forsögu þess að íþróttabandalög óska eftir aðgöngu að UMFÍ og lýsti nokkrum sviðsmyndum verði af inngöngu þeirra. Ályktun fundarins var sú að fela stjórn UMFÍ að halda vinnu við aðild íþróttabandalaga að UMFÍ og skuli hún fara fram fyrir sambandsþing UMFÍ árið 2019.

Í lok fundar lagði Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, fram drög að ályktun í tengslum við #MeToo-byltinguna en fjöldi íþróttakvenna hafði nokkru áður stigið fram og greint frá kynbundnu ofbeldi gegn sér innan íþróttahreyfingarinnar. Ályktunin hljóðar svo: „Við, stjórnendur og forsvarsmenn í ungmennafélagshreyfingunni, munum bregðast við og leggja okkar af mörkum í baráttunni gegn hvers kyns ofbeldi innan ungmennafélagshreyfingarinnar.“

Hinn sambandsráðsfundurinn fór fram á Ísafirði 20. október. Á fundinum voru hefðbundin fundarstörf. Auk þess var rætt um nýju persónuverndarlögin sem þá höfðu þegar tekið gildi. Góður andi var á fundinum. Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, sagði mikla þörf fyrir sjálfbærni í hreyfingunni og þurfi að hluta að þeim sem gefi sig í að starfa sem sjálfbærni, hvort sem þeir haldi utan um ýmis gögn, starfi á keppnissvæðum, stýri unglingastarfi eða í stjórnun. Á fundinum fjallaði Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, jafnframt um framtíðarskipulag íþróttahreyfingarinnar.

UNGMENNARÁÐ OG UNGMENNARÁÐSTEFNA

Í ungmennaráði UMFÍ eru tíu ungmenni víða að frá landinu. Formaður þess til tveggja ára er Kolbrún Lára Kjartansdóttir fyrir hönd USVH. Ungmennaráðið fundar einu sinni í mánuði yfir skólaárið en nýtir samfélagsmiðla og aðra tækni til skrafs og ráðagerða. Ýmis verkefni koma á borð ráðsins, bæði almennt innan æskulýðsmála á Íslandi og í tengslum við verkefni UMFÍ. Helstu verkefni ungmennaráðsins hafa verið ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði, sem haldin hefur verið árlega í níu ár, og Umræðupartý UMFÍ.

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði fór fram á hótél Borealis, Efri-Brú í Grímsnesi, dagana 21. – 23. mars 2018. Þetta var í níunda skiptið sem ráðstefnan var haldin. Yfirskrift ráðstefnunnar nú var Okkar skoðun skiptir máli!

Með ráðstefnunum Ungt fólk og lýðræði er ávallt lögð áhersla á að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks í leik og starfi. Ráðstefnurnar eru ætlaðar ungu fólki á aldrinum 16 - 25 ára og skipuleggur Ungmennaráð UMFÍ hana. Ráðstefnan hefur verið haldin árlega frá árinu 2009 og hefur því fest sig í sessi á meðal mikilvægustu viðburða fyrir ungt fólk á Íslandi.

Ályktun frá Ungmennaráðstefnunni

Ungmennum á Íslandi finnast vegir landsins vera í niðurníðslu. Bæta þarf samgöngur um allt land og veita sveitarfélögum heimild til að laga vegi sem heyra undir Vegagerðina. Samgöngubætur má fjármagna með komugjöldum á erlenda ferðamenn, þar sem þeir eru orðnir stór hluti þeirra sem nota vegakerfi landsins.

Kvíði og þunglyndi hefur aukist mikið í röðum ungmenna á grunnskóla- og framhaldsskólaaldri. Stytting framhaldsskóla úr fjórum árum í þrjú og minni tími nemenda til að sinna félagsstörfum er að stórum hluta orsakavaldur að mati ungmenna.

Festa þarf í lög að í öllum grunn- og framhaldsskólum landsins verði starfandi sálfræðingar í öllum grunn- og framhaldsskólum á landinu. Einnig vantar betri forvarnir í geð-heilbrigðismálum og gætu starfandi skólasálfræðingar séð um þá fræðslu.

UMRÆÐUPARTÝ UMFÍ

Haustið 2016 hlaut UMFÍ styrk frá Evrópu unga fólksins (EUF) til að standa fyrir fundum ungs fólks og ráðamanna innan ungmennafélags-hreyfingarinnar. Markmið verkefnisins var að fá fólk saman, bæði þá sem stýra og stjórna innan ungmennafélags-hreyfingarinnar og ungt fólk sem starfið er hugsað fyrir. UMFÍ hvetur sambandsaðila til að kalla ung-

menni oftast að borðinu þegar ákvarðanir, sem snerta ungt fólk, eru teknar. Einnig að auka áhrif ungs fólks í stjórnun og ráðum.

FORVARNARDAGURINN

Forvarnadagurinn er haldinn árlega að frum-kvæði forseta Íslands í samvinnu við UMFÍ, Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólinn í Reykjavík.

Blaðamannafundur í tengslum við forvarnadaginn var haldinn í Réttarholtsskóla mánu-daginn 1. október. Þar voru Guðni Th. Jóhannes-son, forseti Íslands, Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, og Alma D. Möller landlæknir auk fulltrúa frá ÍSÍ, Skátunum og UMFÍ. Á forvarnadeginum sjálfum heimsótti Guðni nemendur við Menntaskólann í Hamrahlíð og grunnskóla Grindavíkur og ræddi hann við þá um forvarnir. Áhersla forvarnadagsins var aukin notkun rafretta og lyfseðilsskyldra lyfja.

SKINFAXI OG ÚTGÁFUMÁL UMFÍ

Fjögur tölublöð komu út af Skinfaxa, tímariti UMFÍ, árið 2018. Efni Skinfaxa hefur í meiri mæli snúist um ýmis ráð til stjórnenda í hreyfingunni og fréttir af góðum verkum hjá einstökum félögum. Aðdraganda stórra viðburða fá þeir sérstaklega mikið rými.

Skinfaxi er sendur til áskrifenda og stjórnar og stjórnenda inna UMFÍ um allt land er er auk þess dreift í sundlaugar og íþróttamiðstöðvar auk þess sem blöðin eru fáanleg á bensínstöðvum. Einnig er hægt að lesa Skinfaxa á PDF-formi á vef UMFÍ. Slóðin er: <https://www.umfi.is/utgafa/skinfaxi/>

FRÉTTABRÉF UMFÍ

UMFÍ sendi út fréttabréf að jafnaði á tveggja vikna fresti. Á póstlista eru sambandsaðilar UMFÍ, formenn, framkvæmdastjórnar, fjölmiðlafólk og hagsmunaaðilar. Í fréttabréfinu eru sagðar fréttir af UMFÍ, viðburðum, gagnlegum ráðstefnum fram undan og bent á góð ráð. UMFÍ sendir auk þess sambandsaðilum og aðildarfélögum þeirra fréttabréf um sérstök mál ef svo ber undir. Fréttabréfsformið hefur jafnframt verið nýtt á Unglingalandsmótum UMFÍ, Landsmótum UMFÍ 50+ og Landsmótinu. Í aðdraganda móta hafa þátttakendur fengið upplýsingabréf um viðburði.

Hægt er að skrá sig fyrir fréttabréfinu á www.umfi.is eða með því að senda línu á umfi@umfi.is

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ UMFÍ

Þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands er í Sigtúni 42 í Reykjavík. Framkvæmdastjóri UMFÍ er Auður Inga Þorsteinsdóttir. Starfsmaður UMFÍ og framkvæmdastjóri landsmóta UMFÍ er Ómar Bragi Stefánsson og er hann búsettur á Sauðárkróki. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og veitt ýmis þjónusta við aðildarfélög og félagsmenn. Þar er líka aðstaða til fundarhalda sem ýmsar nefndir nýta sér. Í þjónustumiðstöðinni er líka skrifstofa Æskulýðsvettvangsins auk Landssambands eldri borgara, Fræðsla og forvarnir (FRÆ) og Æskulýðsvettvangurinn (ÆV).

SAKAVOTTORÐ

Sambandsaðilar og aðildarfélög þeirra geta haft samband við þjónustumiðstöð UMFÍ og leitað eftir aðgangi að saka-vottorðum þeirra sem sækja um störf hjá viðkomandi félagi. Æ fleiri aðildarfélög hafa nýtt sér þennan möguleika. Saka-vottorð er fyrir þá dóma og brot á viðurlögum sem við-komandi hefur hlotið hjá dómstólum og öðrum yfirvöldum. Samkvæmt æskulýðslögum er óheimilt að ráða einstaklinga til starfa með börnum og ungmennum sem hafa hlotið refsíðma vegna ofbeldisbrota, ávana- og fíkniefnabrota eða kynferðisbrota. Heimildin, sem aðildarfélög sambandsaðila UMFÍ veita, gefur rétt til að sækja gögn vegna ofbeldisbrota 3-5 ár aftur í tímann. Engin tímamörk eru hins vegar vegna kynferðisbrota.